



Biblíulexíur

1. ársfjórðungur 2012
janúar, febrúar og mars

LEIFTURMYNDIR AF GUÐI

Höfundur
Jo Ann Davidson

Þýðing
Guðmundur Ólafsson

Uppsetning
Guðjóna Björk Þorbjarnardóttir

Útgefandi
Frækornið-bókaforlag aðventista
Suðurhlíð 36, 105 Reykjavík
Kt. 451088-1579

Efnisyfirlit

	bls.
Inngangur	3
1. lexía, 7. jan. Hinn þrí-eini Guð	6
2. lexía, 14. jan. Í upphafi	15
3. lexía, 21. jan. Guð sem lausnarinn	24
4. lexía, 28. jan. Guð náðar og dóms	33
5. lexía, 4. feb. Heilagleiki Guðs	42
6. lexía, 11. feb. Löggjafinn Guð	51
7. lexía, 18. feb. Drottinn hvíldardagsins	60
8. lexía, 25. feb. Umhyggja fyrir sköpunarverkinu	70
9. lexía, 3. mars. Biblían og mannkynssagan	79
10. lexía, 10. mars Fyrirheit bænarinnar	88
11. lexía, 17. mars Guð er listrænn	96
12. lexía, 24. mars Ástarsögur	105
13. lexía, 31. mars Fyrirheitið um endurkomuna	114
Sólarlagstafla	123
Kirkjuárið	124

LEIFTURMYNDIR AF GUÐI

Hver getur horft á myndir frá Hubble stjörnufræðingnum úti í geimnum án þess að dást að fegurð alheimsins? Einn rithöfundur tjáði undrun sína þannig þegar hann leit á mynd af „Sombrero¹ stjörnuþokunni“: „Við getum vart byrjað að skynja þá þekkingu, mátt, rökfærslu, sannleika og áform sem til þurftu til að mynda Sombrero stjörnuþokuna, sem er þó einungis ein af milljörðum slíkra. Við erum svo smá og einangruð, einungis depill í sköpunarverkinu, en höfum svo stórkostlegt í sjónarsviði okkar sem við skynjum alls ekki.“

En sá sem skapaði alheiminn hlýtur að vera undraverðari en það sem hann skapaði því að einungis einhver sem er stærri og meiri en alheimurinn gæti hafa skapað hann.

Fyrir okkur, Sjöunda-dags aðventista, er sá Guð sem við tilbiðjum og þjónum sá sem skapaði alheiminn, allt frá Sombrero stjörnuþokunni til minnstu agna sem mynda allt í henni og öllu sem til er.

Það er í þessu samhengi að við ætlum að „rannsaka Guð“ í lexíum þessa ársfjórðungs. Það er mikilvægt fyrir okkur að þekkja þann Guð sem við tilbiðjum, treystum og þjónum, hann sem okkur er sagt að við eigum að „elska af öllu hjarta, allri sálu, öllum mætti og öllum huga okkar“ (*Lúk 10.27*).

Mynd Biblíunnar af Guði er mjög þenjanleg. Það er rétt að áhersla er lögð á kærleika Guðs hvað eftir annað en hann vill að við vitum svo margt annað um hann. T.d. eru nokkur hundruð nöfn notuð um Guð í Biblíunni sem hvert um sig getur gefið okkur meira innsæi og skilning á hinum mikla Guði himins og jarðar. Hann er ekki bara einhver góður „jólaveinn“ á hæðum sem kemur til hjálpar þegar hann er tilkallaður. (Atvinnu- þókerspilari nokkur vann nýlega rúmlega 100 milljónir og þakkaði Jesú opinberlega fyrir það!)

¹*Sombrero* er spænska og þýðir *hattur*. Það er almennt notað um barðastóra spænska hatta. (Þýð.)

Þennan ársfjórðung munum við líta á ýmsar hliðar Guðs eins og þær birtast okkur og hvaða þýðingu þær hafa í lífi okkar. Við byrjum á nokkrum grundvallaratriðum eins og þrenningunni, kenningunni um að Guð sé einn Guð en samt þrjár persónur. Því næst snúum við okkur að Guði sem skapanum en það er grundvöllur trúar okkar. Þá munum við líta á endurlausnarstarf hans því að það er ekki nóg að vera sköpuð vera í föllnum heimi. Við höfum þörf fyrir endurlausn. Við sjáum einnig Guð sem Guð náðar og Guð dóms. Að því loknu virðum við fyrir okkur heilagleika hans, lögmál og hvildardaginn. Þeir þættir eiga allir rætur að rekja til eðlis hans og hjálpa okkur að skilja betur hvernig hann er.

Við munum einnig líta á aðrar hliðar Guðs sem við hugsum yfirleitt ekki mikið um, eins og t.d. Guð sem Guð fegurðar, Guð sögunnar og jafnvel Guð ástarsambanda. Sömuleiðis lítum við á bænina og umhverfið því við viljum líta á nokkra hagnýta þætti þess að þjóna Drottni. Að lokum virðum við fyrir okkur Guð fyrirheitisins um endurkomuna sem er hápunktur sögunnar og endalok hinnar hræðilegu reynslu mannsins af syndinni.

Já, Guð er mikill. Hann skapaði Sombbrero stjörnuþokuna ásamt öllu öðru. Við erum aftur á móti smá. Við ættum því að vera þakklát fyrir hvern þann ljósgeisla sem hann sendir okkur. Þennan ársfjórðung munum við virða sumt af því ljósi fyrir okkur. Það er svo á okkar valdi að ákveða hve dyggilega við fylgjum því.

Jo Ann Davidson er prófessor í guðfræði við prestadeild Andrews háskólans í Berrien Springs, Michigan

Skammstafanir fyrir rit Ellen G. White sem vitnað er í:

- CG** *Child Guidance* (Leiðbeiningar varðandi börn)
DA *The Desire of Ages* (Þrá aldanna)
DM *Deilan mikla*
Ed *Education* (Uppeldi og menntun)
Ev *Evangelism* (Boðun og útbreiðslustarf)
GW *Gospel Workers* (Boðunarstarfsmenn)
6 MR *Manuscript Release* (Handritasafn, 6. bindi)
PP *Patriarchs and Prophets* (Ættfeður og spámenn)
RH *Review and Herald* (Málgagn aðventsafnaðarins)
SD *Sons and Daughters of God* (Synir og dætur Guðs)
1,2 SM *Selected Messages* (Úrvalsboð)
ST *Signs of the Times* (Tákn tímanna)
TM *Testimonies to Ministers* (Vitnisburðir til presta)
VK *Vegurinn til Krists*

Bíblíutilvitnanir eru teknar úr þýðingunni frá 2007 nema annað sé tiltekið.

1. LEXÍA

31. desember – 6. janúar

HINN ÞRÍ-EINI GUÐ

Hvildardagseftirmiðdagur

Lesefni vikunnar: 5Mós 6.4; Fil 2.6; Matt 28.19; 1Mós 1.26, 27; Jóh 14-16.

Minnistexti: „En þið elskuðu, byggið ykkur sjálf upp í helgustu trú ykkar. Biðjið í heilögum anda. Látið kærleika Guðs varðveita ykkur sjálf og biðið eftir að Drottinn vor Jesús Kristur sýni ykkur náð og veiti ykkur eilíft líf“ (*Júd 20, 21*).

Lykilhugsun: Ritningin hefur texta og vísbendingar um guðdóm og einingu guðdómsins.

Þó svo orðið *þrenning* sé ekki notað í Biblíunni er enginn spurning um kenninguna. Þrenningar-kenningin um að Guð sé einn en samt þrjár persónur er mikilvæg því að hún fjallar um hver Guð er, hvernig hann er, hvernig hann starfar og hvernig hann umgengst heiminn. En guðdómur Krists er mikilvægur því á honum byggist frelsunaráformið.

Í Biblíunni má finna þrenns konar vísbendingu um þrenninguna eða þrí-einan Guð: (1) vísbending um einingu Guðs, Guð er einn; (2) Vísbending um þrjár persónur sem eru Guð; (3) textar sem gefa óbeint í skyn þrí-einingu Guðs.

Við verðum að skilja aðgreininguna milli Guðs, Krists og Heilags anda í Biblíunni sem lýsingu á því hvernig hann er, hversu óskiljanlegt sem það er í okkar huga. Ellen G. White talar um hinar „eilífu, himnesku tignarverur—Guð, Krist og Heilagan anda“ (*Ev*, bls. 616). Þær eru jafnar en ekki ein og söm eða víxlanlegar.

Nokkrir af fyrstu aðventistunum áttu í erfiðleikum með þessa kenningu en í dag er kirkja okkar ákveðin í kenningu sinni um að Guð sé einn: faðir, sonur og heilagur andi, eining þriggja persóna sem allar eru jafn eilífar.

Sunnudagur, 1. janúar

Eining Guðs

Trúarkerfi Gyðinganna var eindregin eingyðistrú. Sú trúarskoðun er óbreytt í öllu Gamla testamentinu. Það er einungis einn Guð, Guð Abrahams, Ísaks og Jakobs, en ekki margir guðir eins og nágrannaþjóðirnar trúðu. Að þessu leyti voru trúarbrögð Biblíunnar sérstæð.

Hvernig talar Guð um sig í 2Mós 3.13-15? Hvað gefa þessi vers til kynna varðandi það að Guð sé einn?

5Mós 6.4 leggur áherslu að þá staðreynd að Guð sé einn. Gyðingarnir kalla þetta vers *sjema*, sem er fyrsta orðið í þessu versi á hebresku og þýðir að *heyra* eða *hlusta*. Þessi yfirlýsing er einn mesti sannleikurinn um Guð sem Ísraelsmenn áttu að trúa og kenna börnum sínum.

„Heyr, Ísrael. Drottinn, Guð vor, Drottinn er einn“ (5Mós 6.4). Berðu þetta vers saman við 1Mós 2.24: „Af þessum sökum yfirgefur maður föður sinn og móður sína og býr með eiginkonu sinni, og þau verða eitt.“ Hvað gæti falist í því að sama hebreska orðið *ehkad* (einn) er notað í báðum þessum textum? Það felur ekki einungis í sér stærðfræðieind heldur einingu. Þessir textar tala um sérstæða einingu aðskilda eininga. Maður og kona eiga að vera eitt (1Mós 2.24) líkt og Guð er einn í 5Mós 6.4.

Hvernig fjallar Nýja testamentið um þá staðreynd að Guð er einn? *Jak 2.19; 1Kor 8.4.*

Hvernig ætti það að hjálpa okkur að sneiða hjá hjáguðadýrkun í hvaða mynd sem er ef við skiljum að Guð er einn? Hvers vegna ætti Drottinn einn að vera sá sem við tilbiðjum? Hvernig getur þú upprætt alla hjáguði úr lífi þínu?

Mánudagur, 2. janúar

Guðseðli Krists

Guðseðli föðurins er yfirleitt ekkert deilumál, en þeir sem efast um þrenninguna setja oft spurningu við guðseðli Krists. En ef Kristur er ekki eilífur og að fullu Guð væri frelsunaráformið í alvarlegri hættu (sjá fimmtudagskaflann).

Hvernig talar Páll, sem var eitt sinn strangtrúaður farísei, um guðseðli Krists? *Fil 2.6.*

Þetta er ótrúleg yfirlýsing frá farísea, sem var rótfestur í kenningu Gamla testamentisins um að Guð sé einn, því að hún sýnir fram á hve sannfærður hann var um guðseðli Krists.

Hebreabréfið, sem var skrifað til Gyðinga sem voru eingyðistrúar eins og Páll, inniheldur margar sterkar yfirlýsingar um guðseðli sonar Guðs. Í *Heb 1.8, 9* er að finna sterka yfirlýsingu um guðlegt eðli Krists. En mikilvægasta opinberunin um guðseðli Krists er sjálfsmeðvitund Jesú sjálfs. Hann gekk ekki um götur Jerúsalem með hóp manna sem boðaði hástöfum guðseðli hans. Samt má finna margt í guðspjöllunum sem sýnir fram á að hann leit þannig á sjálfan sig. Hvað eftir annað sagðist Jesús búa yfir einhverju sem með réttu tilheyrði Guði einum: hann talaði um engla Guðs sem sína engla (*Matt 13.41*); hann sagðist fyrirgefa syndir (*Mrk 2.5-10*); og hann sagðist hafa vald til að dæma heiminn (*Matt 25.31-46*). Hver gæti gert það með réttu nema Guð?

Takið einnig eftir hvernig Jesús tók á móti tilbeiðslu fólks í guðspjöllunum. *Matt 14.33; 28.9; Lúk 24. 50-52; Jóh 9.35-38.* Berið

Það saman við afstöðu Páls (*Post 14.8-18*). Hvað sýnir viðhorf Jesú þegar fólk tilbað hann um guðseðli hans?

Við réttarhöldin yfir Jesú var ein af ákærunum gegn honum sú að hann segðist vera sonur Guðs (*Jóh 19.7; Matt 26.63-65*). Ef Jesús leit ekki á sig sem Guð hefði þetta vera gott tækifæri fyrir hann að leiðrétta misskilning. En hann gerði það ekki. Þegar hann stóð frammi fyrir Kaifasi þá staðfesti hann meira að segja guðseðli sitt undir eið. Svo við höfum sterkan vitnisburð Biblíunnar um guðseðli Krists.

Hugleiddu líf Jesú og einkum þá staðreynd að hann var sá Guð sem skapaði alheiminn. Hvað segir það okkur um kærleika Guðs til heimsins? Hvers vegna ætti sá undraverði sannleikur að veita okkur huggun og von?

Þriðjudagur, 3. janúar

Heilagur andi

Ef tvær persónur—faðirinn og sonurinn—gátu verið „einn Guð“ ætti tilvist þriðju persónu guðdómsins, heilags anda, ekki að vera mikið vandamál.

Lestu *IMós 1.2*. Hvað segir þessi texti okkur um hlutverk heilags anda sem birtist svo snemma í frásögn Biblíunnar?

Hvernig dregur *Matt 28.19* athyglina að þrem persónur guðdómsins? Þegar Jesús útskýrir hvernig skíra eigi nýja fylgjendur talar hann um þrjár persónur guðdómsins. Þessi skírnarformúla er notuð við flestar kristnar skírnir enn í dag. Sá sem hefur valið að fylgja Jesú er skírður í nafni (eintala) föður, sonar og heilags anda. Þessar þrjár persónur eru eitt.

Allar þrjár persónur þrenningarinnar koma fram við skírn Jesú. Lestu áhrifamikla frásögn Markúsar af skírninni (*Mrk 1.9-11*). Þegar hann segir að himnarnir lukust upp væri öllu réttara að segja að himnarnir

„rifnuðu sundur.“ Hann dregur athygli að því að allar persónur guðdómsins voru til staðar á afdrifríkan hátt sem hafði jafnvel áhrif á náttúruna.

Starf heilags anda er tengt og knúið áfram af athöfnum Guðs. Íhugið eftirfarandi myndir af athöfnum heilags anda:

1. Þegar engillinn boðar fæðingu Krists segir hann Maríu að barn hennar muni verða heilagt því að heilagur andi muni koma yfir hana (*Lúk 1.35*).
2. Jesús sagði að andi Drottins væri yfir sér og hefði smurt hann til að boða fagnaðarerindið (*Lúk 4.18*).
3. Hann sagði einnig að hann ræki illa anda út með Guðs anda (*Matt 12.28*).
4. Andinn sem heldur starfi Krists áfram eftir brottför hans er annar (en jafnframt sams konar) hjálpari (*Jóh 14.16*).
5. Jesús andaði heilögum anda á fylgjendur sína (*Jóh 20.22*).
6. Ný-kristnir einstaklingar munu hafa heilagan anda í sér (*Jóh 14.17*) og einnig anda Krists (*Gal 2.20; Kól 1.27*).

Kristur og heilagur andi eru nátengdir í störfum hvors annars. Auk þess eru textar sem tala um heilagan anda sem Guð (*Sjá Post 5.1-11*). Hvernig hjálpar þessi texti okkur að skilja einnig guðseðli heilags anda?

Miðvikudagur, 4. janúar

Eining og jöfnuður

Þó Biblían haldi því skýrt fram að Guð sé einn talar hún einnig um fleiri persónur guðdómsins. Fræðimenn og aðrir sem hafa rannsakað Biblíuna í gegnum aldirnar hafa fundið sterka vísbendingu um fjöleðli¹ Guðs í mörgum textum Gamla testamentisins. En sá sannleikur kemur enn betur fram í Nýja testamentinu ásamt ýmsum öðrum sannindum.

¹Þýðing á “plural nature” eða “plurality” sem þýða í rauninni “fleirtölu-eðli”. (Þýð.)

Lestu *IMós 1.26, 27*. Hvernig birtist fjöleðli Guðs í þessum versum?

Þessi samsetning eintölu og fleirtölu í tengslum við Guð er einnig að finna í *IMós 11.7, 8* í sambandi við byggingu Babelsturnsins. Guð talar þar en samt talar hann sem einn af hópi („stígum niður“).

Lestu *Jes 6.8*. Hvernig birtist fjöleðli Drottins þar einnig?

Hvernig upphefur Pétur Jesú innan guðdómsins í ræðu sinni í Nýja testamentinu? (sjá *Post 2.33*). Pétur, sem var heittrúaður Gyðingur sem var eingyðistrúar, boðar fullan guðdóm Krists sem er nú á himnum. Í bréfi sínu til Gyðinga sem voru í útleð gefur Pétur einnig vísbendingu um hið þrí-eina eðli Guðs (sjá *IPét 1.1-3*).

Hvernig fléttar Páll fjöleðli Guðs inn í umræðu sína um hjálpræðið? *2Kor 1.20-22* (sjá einnig *2Kor 13.14*).

Það er ekki auðvelt fyrir okkur að skilja þetta með takmörkuðum og föllnum huga okkar. En hvað með það? Við erum hér að fjalla um eðli Guðs, skapara alheimsins. Það væri heimskulegt að halda að við gætum skilið hann til fulls einkum þegar við mennirnir skiljum fátt að fullu. Hugleiddu það einfaldasta sem þér getur hugkvæmst. Hve mikið af því færð þú samt ekki skilið? Hvað þá með eðli Guðs sjálfs?

Fimmtudagur, 5. janúar

Brenningin og hjálpræðið

Jóhannesarguðspjallið beinir athyglinni að sérstæðu eðli Guðs. Honum virðist vera fyllilega ljós bæði eining og þrenning Guðs.

Lestu bæn Krists í *Jóh 14-16* og teldu hve oft talað er um þrjár persónur guðdómsins. Hvernig hjálpa þessar textar okkur að skilja raunveruleika þessa mikilvæga sannleika?

Þessi hluti Jóhannesarguðspjalls inniheldur yfirgripsmestu yfirlýsingarnar um þrí-einan Guð þar sem allir eru jafnir. Gagnkvæm samskipti þrenningarinnar koma hvað eftir annað fram. Skipulögð rannsókn Biblíunnar leiðir óhjákvæmilega til þeirrar niðurstöðu að þrenningarkenningin sé langt frá því að vera einungis óraunhæfar vangaveltur.

Guðdómur Krists er sérstaklega mikilvægur í þessu samhengi. Ef Kristur var ekki að fullu Guð þá finnum við að Guð er einungis að færa hegninguna fyrir syndir okkar frá einum einstaklingi yfir á annan í stað þess að taka hana á sig. En fagnaðarerindið er um að Guð sjálfur hafi borið syndir heimsins á krossinum. Allt annað mundi fjarlægja allt það úr friðþægingunni sem gerir hana áhrifamikla og virka.

Íhugaðu þetta: ef Jesús væri einungis sköpuð vera en ekki Guð hvernig gæti hann borið fulla reiði Guðs gegn syndinni? Hvaða sköpuð vera, hversu háleit sem hún kann að vera, gæti frelsað manninn frá því að brjóta gegn heilögu lögmáli Guðs?

Ef Jesús væri ekki guðlegur væri lögmál Guðs ekki jafn heilagt og Guð því að sköpuð vera gæti friðþægt fyrir brot á því. Lögmálið væri þá einungis eins heilagt og sú skapaða vera en ekki eins heilagt og skaparinn. Syndin væri alls ekki svo slæm ef sköpuð vera gæti friðþægt fyrir hana í stað skaparans. Sú staðreynd að Jesús, Guð, þurfti að bæta fyrir syndina er sterk vísbending um hve alvarleg hún er í raun og veru.

Fullvissa okkar um að við erum frelsuð fyrir það sem Kristur gerði fyrir okkur—og ekki okkar eigin verk—byggist á því að Guð sjálfur greiddi viðurlögin fyrir syndir okkar. *Hverju getum við bætt við það?* Ef Kristur væri sköpuð vera gætum við e.t.v. bætt einhverju við. En þegar Guð, skaparinn, fórnaði sjálfum sér fyrir syndir okkar þá væri það næstum guðlast að halda að við gætum bætt einhverju við þá fórn. Ef Kristur væri ekki guðlegur væri friðþægingunni mjög ábótavant.

Hugleiddu þetta: skapari alheimsins dó í þinn stað svo þú gætir öðlast fyrirheitið um eilíft líf í honum. Hvernig getur þú lært að eiga von og

fullvissu á grundvelli þessa undraverða sannleika? Hvað annað skiptir í rauninni máli?

Föstudagur, 6. janúar

Til athugunar: Í þrenningarkenningunni er hvorki um að ræða eina persónu sem kemur fram í þrem mismunandi hlutverkum né heldur þrjá guði (þrígyðistru). Þessi eini Guð (hann) er einn en jafnframt „þeir“ og „þeir“ eru alltaf saman og starfa sem eitt. Heilagur andi framkvæmir vilja föðurins og sonarins sem er jafnframt vilji hans sjálfs. Þennan sannleika opinberar Guð um sjálfan sig í allri Biblíunni. Sumir eiga í erfiðleikum með guðseðli Krists vegna þess hvernig hann var undirgefinn vilja föðurins meðan hann var hér á jörð sem maður. Margir líta á það sem „sönnun“ fyrir því að hann sé að einhverju leyti óæðri föðurnum. En undirgefni hans byggist ekki á innri uppbyggingu guðdómsins. Í stað þess sýnir hún fram á hvernig frelsunaráformið átti að virka. Jesús átti að koma sem maður og verða „hlýðinn allt til dauða, já dauðans á krossi“ (*Fil 2.8*). Og „þótt hann væri sonur Guðs lærði hann að hlýða með því að þjást. Þegar hann hafði fullnað allt varð hann öllum, sem honum fylgja, sá sem gefur eilíft hjálpræði“ (*Heb 5.8, 9*). Þessar yfirlýsingar sýna að undirgefni Jesú var þáttur í holdtekju hans sem var mikilvægur þáttur í frelsunaráforminu. Þær sanna ekkert annað en að hann sé fullkomlega guðlegur og eilífur.

„Nafn hans mun vera Immanúel . . . Guð með oss.“ Ljós þekkingarinnar á dýrð Guðs birtist í ásjónu Jesú Krists. Allt frá eilífðardögum var Drottinn Jesús Kristur eitt með föðurnum; hann var ímynd Guðs, ímynd mikilleika hans og tignar, ljómi dýrðar hans. Hann kom í þennan heim til þess að opinbera þessa dýrð“ (*DA*, bls. 19).

Til umræðu:

- Sumir af fyrstu adventistunum áttu í erfiðleikum með þrenningarkenninguna. Í dag hefur kirkjan fasta skoðun í þeim málum. Hvað segir þessi breyting okkur um útvíkkun sannleikans með tímanum? Hvernig hefur þú vaxið í skilningi

þínum á sannleikanum? Hverju trúðir þú eitt sinn sem þú trúir ekki lengur?

- Við lesum í *Jóh* 8.58: „Jesús svaraði: „Sannlega, sannlega segi ég yður: Áður en Abraham fæddist er ég.““ Hvernig opinberar þessi texti okkur fullt guðseðli Krists?

Samantekt: Ef við viljum dýpka kærleika okkar til hins óendanlega mikla Guðs sem við þjónum og heillast af að tilbiðja hann verðum við fyrst og fremst að reyna að skilja það sem hann er að segja okkur um sig. Þrenningin er leyndardómur, en í Biblíunni merkir leyndardómur þann djúpa sannleika sem eilífur Guð opinberar okkur með okkar annmörkum. Þess vegna getum við einungis talað um Guð þegar við krjúpum frammi fyrir honum í auðmýkt. „Heyr, Ísrael, Drottinn, Guð vor, Drottinn er einn“ (*5Mós 6.4*).

2. LEXÍA

7. – 13. janúar

Í UPPHAFI

Hvildardagseftirmiðdagur

Lesefni vikunnar: *Matt 19.4; Job 38.4-7; 5Mós 32.10, 11; Slm 19; Jóh 1.1-13; Róm 5.12; Jes 66.22.*

Minnistexti: „Enda var allt skapað í honum í himninum og á jörðinni, hið sýnilega og hið ósýnilega, hásæti og herradómar, tignir og völd. Allt er skapað fyrir hann og til hans“ (*Kól 1.16*).

Lykilhugsun: Kenningin um sköpun sem tók sex bókstaflega daga er undirstaða alls sem við trúum.

Það er erfitt að hugsa sér frábrugðnari frásagnir um upphafið en frásögn Biblíunnar og þróunarkenningu guðleysingja. Sú fyrri sýnir fram á sköpun sem var skipulögð, áformuð og án alls sem var tilviljunarkennt. Þróunarkenningin byggir aftur á móti einungis á tilviljun. Samkvæmt frásögn Biblíunnar var tilgangur með öllu því sem var skapað. Guð hafði áform með allt sköpunarverkið. Þróunarkenningin byggir aftur á móti á þeirri forsendu að enginn tilgangur sé með því sem var skapað. Tilviljunarkenndar stökkbreytingar og náttúruval starfa saman í blindni og halda fast í ferli sem virka en losar sig við þau sem virka ekki. Að lokum kennir Biblían að maðurinn sé skapaður í mynd Guðs en þróunarkenningin segir að maðurinn hafi einungis mynd þess frum-manns sem var til staðar næst á undan vitsmunaverunni *homo sapiens*.

Þessa viku munum við kanna kenningu Biblíunnar um sköpunina og sjá hvernig hún er ein af undirstöðum sanninda Biblíunnar. Ef við höfum ranga skoðun á sköpuninni verður skilningur okkar á öðrum sannindum afbakaður. Þess vegna er þetta mikilvæg kenning fyrir okkur sem aðventista.

Sunnudagur, 8. janúar

Sköpunarvikan

„Í upphafi skapaði Guð himin og jörð“ (*IMós 1.1*). Hvernig gerir þessi yfirlýsing Biblíuna og þróunarkenningu Darvíns algjörar andstæður?

IMós byrjar með frásögn um Guð sem er þegar virkur sem skapari. Okkur er ekki gefin nein útskýring á Guði. Engum höfundum Biblíunnar fannst nein þörf á kynningu á Guði. Yfirlýsing sálmaskáldsins: „Heimskinginn segir í hjarta sínu: Enginn Guð“ (*Slm 14.1*) kemst einna næst „sönnun“ tilveru hans.

Fræðimenn undrast ekki aðeins yfir meistaraverki sköpunarinnar heldur einnig hvernig hún er framsett í Biblíunni. *IMós 1.2* setur sviðið fyrir meistaralega skipulagningu Guðs á öllu: „Jörðin var auð¹ og tóm.“ fyrstu þrjá dagana gerði hann auðnina frjósama og byggilega en síðari þrjá dagana fyllti hann tómið.

Með öðrum orðum, ljósið sem var skapað fyrsta daginn fékk sinn samastað á fjórða deginum í sólinni og tunglinu (*IMós 1.16*). Loftið og vatnið sem voru viðfangsefni annars dagsins voru fyllt lífi, fuglum og sjávardýrum fimmta daginn (*IMós 1.6-8; 20-23*). Þurlendið sem var aðskilið frá vötnunum og þakið gróðri þriðja daginn (*IMós 1.9-13*) var fyllt landdýrum og mannverum sjötta daginn. Að lokum lýsti Guð því yfir að allt væri mjög gott og fagnaði því á stórkostlegan hátt sjöunda daginn (*IMós 2.1-3*).

Ekkert í þessum textum gefur til kynna neitt tilviljunarkennt. Textarnir benda fremur á það gagnstæða að allt hafi verið áformað og útfært í smáatriðum.

Hverjir aðrir trúðu frásögn Biblíunnar um sköpunina: *Matt 19.4; 2Mós 20.8-11; 1Tím 2.13; Jes 40.26*.

¹Hebreska orðið *tóhú* þýðir í raun *auðn* (óbyggð). Sbr. Jer 4.23-26 þar sem sama hugtak er notað. (Þýð.)

Öll Biblían vitnar um að Drottinn hafi skapað heiminn með máttugu orði sínu eins og fram kemur í *IMós 1-2*. Biblían tekur af allan efa í þeim efnum. Við getum valið sköpun eða þróun en ef við erum heiðarleg getum við ekki blandað þeim saman. Textarnir gefa ekkert tilefni til þess.

Mánudagur, 9. janúar

Hjarta skaparans

Atburðarás sköpunarvikunnar er alveg sérstök. Dag eftir dag skapar skaparinn lífkerfi og lífverur sem vísindamenn furða sig á enn í dag. Jafnvel Guð talar um fögnuðinn sem ríkti á þeim tíma.

Hvernig lýsir Guð þeim fögnuði, sem ríkti þegar jörðin var sköpuð, fyrir Job? *Job 38.4-7*.

Það má einnig finna vísbendingu um fögnuðinn í hjarta skaparans þessa fyrstu viku í *IMós 1.2*: „Andi Guðs sveif² yfir vötnunum.“ Fræðimenn furða sig sífellt yfir bókmenntalegri hönnun Mósebókanna. Þegar Móse talar um að andi Guðs hafi svifið yfir vötnunum við upphaf sköpunarvikunnar notar hann orð sem hann notar einungis einu sinni enn—í lokaræðu sinni til Ísraels í síðustu bók sinni, *5Mós 32.11*.

Hvernig notar Móse orðið svífa í seinna sinnið? *5Mós 32.10, 11*. (Sjá einnig *Matt 23.37*.)

Hugleiddu hvernig fuglamamma undirbýr hreiður fyrir unga sína af umhyggju. Hvernig hún sveimar síðan yfir þeim, færir þeim mat og kennir þeim að fljúga. Móses hlýtur að hafa séð það fyrirbæri á hverju vori þau 40 ár sem hann annaðist féð, og það fékk hann til að hugsa um blíða umhyggju Guðs. Hann notar það svo til að lýsa hugrenningum heilags anda þegar Guð var að byggja manninum „hreiður.“

²Eða: *sveimaði* (Þýð).

Öll frásögnin um sköpunina opinberar Guð sem elskar sköpunarverk sitt og hannar það af umhyggju og ásetningi. Það er í andstöðu við þróunarkenninguna sem framsetur sköpunina sem afleiðingu afla sem voru í andstöðu hvert við annað. Það er ekkert ópersónulegt við sköpunina, ekkert án tilfinninga eða tilgangs. Kærleikurinn var til staðar við upphaf sköpunarvirkunnar. Þróunarkenning kennir aftur á móti að kærleikurinn hafi einhvern veginn „birst“ eftir marga milljarða ára eigingjarnrar grimmdar. Kærleikurinn var hvati að sköpuninni og hann mun vera til staðar þegar þessi „skaddaða“ sköpun verður endurgerð.

Hugleiddu undraverk náttúrunnar. Hvernig sérð þú undraverðan kærleika Guðs birtast þar?

Þriðjudagur, 10. janúar

Himnarnir kunngera

Sálmarnir innihalda fjölda söngva sem lofsyngja skaparanum. Hvað eftir annað vísa sálmaskáldin til máttarverka Guðs.

Slm 19. Stígandi sálmsins er mjög sláandi. Fyrst lýsir Davíð dýrd himinsins og festingarinnar ásamt skínandi sólinni. Hann ber ljómandi orku sólarinnar saman við brúðguma sem er á leið til brúðkaups síns eða íþróttamanni við æfingar (*1.-6. vers*). Síðan tengir hann stórkostlega orku sólarinnar við fullkomleika lögmáls Guðs og mátt fyrirmæla hans. Innihald lögmálsins er þannig tengt stórfengleika skapandi athafna Guðs (*7.-11. vers*).

Slm 92. Þessi hvíldardagssálmur byrjar með lofgjörð sem streymir frá þakklátu hjarta. Ef við könnum notkun orðasambandanna „verk handa þinna“ eða „verk þín“ í Sálmunum, eða öðrum bókum Biblíunnar, getum við ekki komist hjá að taka eftir hve víða sköpunarverkið er lofað í Biblíunni. Og því meira sem við lærum um sköpunarverk Guðs—allt frá því minnsta sem smásjáin opinberar til fjarlægustu stjarna sem stjörnu kíkirinn birtir eða dýralífið í heild—þeim mun betur

kemur undraverður sköpunarmáttur Guðs í ljós. Vísindamenn leitast við að læra meira og meira, ekki einungis um mismunandi plöntur og dýr heldur einnig hvernig hin mismunandi lífkerfi verka hvert á annað í flóknum vef lífsins. Eftir því sem þeir læra meira eykst undrun þeirra.

„Kjálkinn er greinilega ekki gott dæmi um vitsmunalega hönnun; þess í stað sýnir hann fram á ófullkomna aðlögun sem varð fyrir tilstilli náttúruvals sem vann með þann efnivið sem fyrir lá til að stytta snoppu spendýrs og endurmóta hana sem andlit.“ (Owen Gingrich, *God's Universe*, 2006, bls. 98, 99.) Hvaða mikilvæga atriði hefur þessi kristni einstaklingur því miður misst af í viðleitni sinni að blanda þróunarkenningunni og kristnu viðhorfi saman?

Það er enginn vafi á að sköpunarverkið opinberar kærleika og mátt skaparans, en veröldin hefur líka orðið fyrir eyðileggjandi áhrifum syndarinnar og því raski og sárum sem deilan mikla hefur orsakað. Allt umhverfis okkur sjáum við hræðilegar afleiðingar þess í sjúkdómum, dauða, náttúruhamförum o.s.frv. Enginn hluti jarðarinnar er undanskilinn og því síður mennirnir. En samt má sjá kærleika og mátt skaparans mitt í allri þessari eyðileggingu. Lykilatriðið er að einblína ekki svo á það illa en fremur á það góða sem liggur að baki. Við kunnum e.t.v. að sjá kirsuberjatré sem gróðurvisnun hefur herjað á og eyðilagt allan ávöxt þess. Hversu slæm sem gróðurvisnun kann að vera getur hún samt ekki skyggt á þann kærleika og gæsku sem er að finna á sjálfu trénu, kærleika og gæsku sem benda til lyndiseinkunnar skaparans.

Miðvikudagur, 11. janúar

Krossinn og sköpunin

Lestu *Jóh 1.1-13*. Hvernig tengir Jóhannes sköpunina og krossinn? Hvers vegna eru þessar tvær kenningar óaðskiljanlegar?

Fjölmarginir textar Biblíunnar tengja hugtökin Drottin sem skapara og Drottin sem lausnara, en þau tengsl er enn meiri vísbending um að ekki

er hægt að samrýma þróunarkenninguna og Biblíuna og þá einkum dauðann á krossinum. Ef svo væri hefði Drottinn tekið á sig hold háþróaðs apa sem kom fram fyrir tilstilli grimmilegrar og banvænnar hringrásar náttúruvals til þess eins að afnema dauðann, síðasta óvininn (*1Kor 15.26*)? En hvernig getur dauðinn verið óvinur ef hann var sú leið sem Guð valdi til að skapa manninn, samkvæmt þróunarkenningunni? Drottinn hlýtur að hafa sóað mörgum dánunum *uppréttum mönnum* (homo erectus), *heidelberg-mönnum* og *neandertal-mönnum* í því skyni að ná loksins fram til þeirrar manngerðar sem væri í hans mynd *vitsmunamannsins* (homo sapiens). Þetta myndi fela í sér að Jesús hafi komið til að frelsa manninn frá því ferli sem hann hafði upphaflega beitt sem skapari til að mynda hann. Það væri hreint út sagt hlægilegt.

Lestu *Róm 5.12*. Hvernig hjálpar þessi texti okkur að skilja hve mikilvægur bókstaflegur skilningur sköpunarsögunnar er fyrir frelsunaráformið?

Hvernig útskýra þeir syndafallið (sem er greinilega biblíulegt) sem leitast við að blanda þróunarkenningunni og Biblíunni saman? Notar Guð ferli grimmðar, eigingirni og ráðríki þeirra sterku yfir þeim veiku til að skapa veru sem er siðferðilega gallalaus og óeigingjörn en „fellur“ síðan og sýnir grimmð, eigingirni og ráðríki voldugra yfir þeim sem minna mega sín og Guð verður að frelsa mannveruna frá, því annars yrði manninum eytt?

Þessi fásinna er óhugsandi. Eina leiðin til að skilja krossinn og þörfina fyrir frelsara til að endurleysa fallið mannkyn er að mennirnir hafi fallið frá einhverju og að fallið feli í sér hnignun eða hrún. Það þýðir að maðurinn hafi farið frá einhverju sem var gott og í eitthvað sem var ekki eins gott. Það er í fullu samræmi við framsetningu *IMós* en er tóm markleysa samkvæmt þróunarkenningunni. En þróunarkenningin gerir bæði syndafallið og krossinn að athlægi.

Fimmtudagur, 12. janúar

Sköpun og endursköpun

Hvaða dásamlegu fyrirheit er að finna í þessum textum? *Jes 65.17; 66.22; 2Pét 3.13; Opb 21.4*. Hvernig tengjast þeir sköpunarkenningu Biblíunnar eins og hún er sett fram í fyrstu köflum *IMós*?

Öll von hins kristna byggir á fyrirheitinu um nýjan himin og nýja jörð, himin og jörð sem eru laus við þá eyðingu sem syndin hefur leitt yfir þann heim sem við lifum í í dag. Án þeirrar vonar, án þess fyrirheits, hefðum við enga von. Fyrirheitið um eilíft líf er dásamlegt en það líf þarf að vera í heimi þar sem sorgir, vonbrigði og hryllingur þessa heims finnast ekki. Ekkert gæti verið verra en eilífur dauði sem bíður hinna óguðlegu nema eilíft líf í heimi þar sem eynd ræður ríkjum en er ekki einungis undantekning.

Þetta vekur mjög athyglisverðar spurningar varðandi upprunann og hvernig Drottinn starfaði við fyrri sköpunina sem er lýst á svo meistaralegan hátt í *IMós 1 og 2*. Spurningin er hvort nýi himinninn og nýja jörðin verði sköpuð fyrir tilskipun Guðs eins og við lesum að hafi gerst í *IMós* þegar Guð talaði og innan örskamms tíma var allt líf á jörðinni fullmótað og ekkert undir duttlungum komið eða tilviljun og grimmd.

Eða þýðir sköpunarferlið að lífið muni aftur verða að fara í gegnum „gleði“ og hörku náttúruvals og lifunar þeirra hæfustu um milljarða ára þar til nýr heimur kemur fram á sjónarsviðið, heimur þar sem réttlæti býr (*2Pét 3.13*)?

Ef Guð kaus að nota þróun þegar hann skapaði heiminn í fyrstu hvers vegna ætti hann þá að nota aðra aðferð við endursköpunina? Ef þróun var besta leið Guðs við upphaflegu sköpunina ætti hún ekki að vera nægilega góð fyrir endurnýjunina?

Sú fjarstæðukennda hugmynd að Guð muni nota þróun til að endurskapa himin og jörð ætti að benda á hve fjarstæðukennt það er að

halda að hann hafi notað hana til að skapa heiminn í upphafi. Krossinn, endurlausnin og fyrirheitið um nýjan himin og nýja jörð eru þemu sem eru óaðskiljanlega tengd bókstaflegum skilningi á frásögninni í *IMós*.

Reyndu að ímynda þér hvernig heimurinn leit út í óspilltri feegurð sinni. Ímyndaðu þér einnig hvernig hann muni líta út þegar hann verður endurskapaður. Hugur okkar getur einungis byrjað að gera sér það í hugarlund. Hvers vegna er allt í þessum heimi einskis virði ef við missum af því sem okkur er heitið?

Föstudagur, 13. janúar

Til athugunar: Á öllum starfsferli sínum gaf Ellen G. White ekkert eftir í andstöðu sinni við þróunarkenninguna. „Hún er versta tegund vantrúar; fyrir marga sem segjast trúa sköpunarsögunni er það dulbúin vantrú“ (*ST*, 20. mars, 1879).

„Ættum við að samþykka að kasta burt yfirlýsingu Heilagrar ritningar sem er svo stórfengleg í einfaldleika sínum: „Guð skapaði manninn eftir sinni mynd. Hann skapaði hann í Guðs mynd“ (*IMós* 1.27) til þess eins að njóta þeirra „forréttinda“ að rekja ætt okkar til sýkla, lindýra og apa?“ (*Ed*, bls. 130).

„Þegar Drottinn lýsir því yfir að hann hafi skapað heiminn á sex dögum og hvílst sjöunda daginn þá á hann við 24-stunda sólarhring sem afmarkast af sólaruppkomu og sólsetri“ (*TM*, bls. 136).

Til umræðu:

- Annað vandamál sem á rætur að rekja til þeirrar viðleitni að blanda þróunarkenningunni við frásögn Biblíunnar er upprisan við endi heimsins. Gerist hún ekki á augabragði (*IKor* 15.52)? Það eru ekki mikið eftir af þeim sem dóu fyrir þúsundum ára. Ef Guð getur endurskapað þá á einu augabragði hvers vegna þurfti hann að nota þróun til að skapa þá í upphafi?

- Andstætt almennri skoðun þá vann Darwin þróunarkenningu sína á guðfræðilegum grundvelli. Hann lýsir því þannig: „Mér virðist vera of mikil eynd í heiminum. Ég get ekki sætt mig við að almáttugur og góðviljaður Guð hafi áformað og skapað sníkilvespuna í þeim tilgangi að hún fyndi sér fæðu í lifandi púpum eða að kötturinn ætti að leika sér að músum.“ Auðvitað gerði almáttugur og góðviljaður Guð ekkert slíkt. Hvað er rangt við forsendur Darwins og hvaða áhrif telur þú að það hafi haft á Darwin til að koma fram með svo róttæka og ranga hugmynd um upphaf mannsins?
- Notaðu smá tíma úti í náttúrunni til að dást að ýmsum undraverkum sköpunarverksins. Hafðu jafnframt í huga þá spillingu sem syndin hefur leitt af sér og reyndu greina á milli raunverulega sköpunarverksins og áhrifa syndarinnar á það. Hvers vegna er það alltaf mikilvægt að greina þar á milli?

Samantekt: Þó svo margir leitist við að blanda saman sjónarhorni Biblíunnar og þróunarkenningunni þá er þær algjörlega andstæðar kenningar. Hinir kristnu verða að halda fast við sköpunarsögu Biblíunnar; ef við gerum það ekki verður frelsunaráformið marklaust.

3. LEXÍA

14. – 20. janúar

GUÐ SEM LAUSNARINN

Hvildardagseftirmiðdagur

Lesefni vikunnar: *Róm 1.18; 1Mós 3.15; Róm 16.20; 1Pét 1.19; Mrk 10.32-45; Matt 27.46.*

Minnistexti: „Maklegt er lambið slátraða að fá máttinn og ríkdóminn, visku og kraft, heiður og dýrð og lofgjörð“ (*Opb 5.12*).

Lykilhugsun: Hinn þrí-eini Guð er ekki einungis skapari okkar heldur einnig lausnari.

Nátengt hlutverki Guðs sem skapara er hlutverk hans sem lausnara. Syndin er svo slæm, banvæn og í andstöðu við hinn skapaða heim að einungis skaparinn sjálfur gat leyst vandann sem hann og gerði í persónu Jesú Krists.

„Nú þar á móti eruð þið, sem eitt sinn voruð fjarlægir, nálægir orðnir í Kristi fyrir blóð hans“ (*Ef 2.13*). Það er ekki fyrir verk eða neitt sem við gætum hafa gert að Drottinn getur endurleyst okkur syndarana og fært okkur nær sér heldur er það náð hans sem birtist á krossinum. Kristur bar reiði Guðs svo enginn okkar þyrfti að bera hana. Það er kjarni frelsunaráformsins.

Páll segir einnig söfnuðinum í Korintuborg að „orð krossins er heimska þeim er stefna í glötun en okkur sem hólpin verðum er það kraftur Guðs“ (*1Kor 1.18*). Hneyksli krossins er að það er svo fjarstætt hugsanagangi mannsins: Guð, hinn eilífi, heilagi skapari förnar sér fyrir brenglaðar mannverur, jafnvel beina óvini, og tekur á sig hegninguna fyrir syndir þeirra svo þær þurfi ekki að taka út refsinguna sjálfar. Það er erfitt að skilja það. Friðþægingin er svo djúp og

afgerandi að við skynjum hana aðeins að hluta, en síðan tekur tilbeiðslan við.

Sunnudagur, 15. janúar

Við krossinn

„En Guð auðsýnir kærleika sinn til okkar í því að Kristur dó fyrir okkur þegar við vorum enn syndarar“ (*Róm 5.8*). Hvað segir það okkur?

Við krossinn sigrar Guð óvininn og svívirðir hann á mest auðmýkjandi, óskiljanlegan hátt sem hugsast getur. Kærleiki, réttlæti og meðaumkun renna saman í þessum einstæða magnaða atburði. Guð fyrirgefur syndurum með því að greiða laun syndarinnar með sjálfum sér og taka á sig þjáningar þeirrar syndar. Á Golgata sýnir Guð hve geysilega dýr fyrirgefningin er.

Kristur dó ekki til þess að vekja kærleika til okkar í hjarta Guðs. Í þess stað heldur Jesús því fram að kærleiki Guðs sé uppspretta friðþægingarinnar en ekki afleiðing hennar (*Jóh 3.16, 17*). Guð elskar okkur ekki vegna þess að Kristur dó fyrir okkur; Kristur dó fyrir okkur af því að Guð elskaði okkur. Friðþæging Krists var ekki til þess að fá föðurinn til að elska þá sem hann annars hataði. Dauði Krists framkallaði ekki kærleika sem var ekki annars til staðar. Í þess stað var hann vísbending um þann kærleika sem ávallt bjó í hjarta Guðs. Jesús þurfti aldrei að telja föðurinn á að elska okkur. Taktu eftir hvernig hann leggur áherslu á þennan sannleika í *Jóh 3.16, 17; 16.26, 27*.

Harmsagan er sú að við höfum glatað miklu af þekkingunni á Guði sem við höfum syndgað gegn. Okkur finnst við ekki einu sinni hafa mikið sem við þurfum að iðrast því að við erum ekki alltaf viss um hve mikið við höfum sært Guð með syndum okkar. Tilfinning okkar fyrir syndugleika syndarinnar getur sljóvgast. Trúarvæmni nútímans gerir oft lítið úr óbeit á syndinni. Og vegna þess að syndin fyllir okkur ekki

lengur reiði verður það e.t.v. erfiðara fyrir okkur að gera okkur grein fyrir því að syndin vekur reiði hins heilaga Guðs.

Páll óttast ekki að fjalla um reiði Guðs. Hvernig lýsir hann henni í *Róm 1.18*?

Þessa sterka yfirlýsing setur tóninn fyrir langa umfjöllun um allsherjarvald syndarinnar sem Páll heldur áfram að skýra nánar í næstu tveim köflum (til og með *Róm 3.20*).

Það er undraverður þáttur af fagnaðarerindinu að Guð er bæði sigurvegarinn yfir synd okkar en einnig fórnarlamb hennar og það er vegna þessa tvöfalda hlutverks að Guð getur haldið sáttmála sinn við synduga menn sem hafa rofið sáttmálann. Kærleiki Guðs leiðir ekki til deyfðarlegs umburðarlyndis gagnvart syndinni heldur til sigurs yfir henni. Það er einmitt vegna þess að Guð er kærleikur að hann er andvígur syndinni því að hún spillir og eyðileggur börn hans sem hann elskar. Sá dauði sem Guð þoldi á krossinum var það verð sem kærleiki hans greiddi fyrir að taka syndina alvarlega en jafnframt elska syndarana.

Hve alvarlegum augum lítur þú syndina í lífi þínu? Hvaða mælikvarða notar þú til að réttlæta svar þitt?

Mánudagur, 16. janúar

Fagnaðarerindið í Gamla testamentinu

Hvenær var fyrsta fyrirheitið um hjálpræðið gefið og hvað felur það í sér? *IMós 3.15*.

Orðalagið er athyglisvert. Adam og Eva höfðu syndgað. Deilan mikla er kynnt fyrir þeim sem „fjandskapur“ milli tveggja aðila. Þetta er dýrmætt fyrirheit fyrir hjörtu þeirra sem hafa heillast af syndinni. Við erum líka fullvissuð um að þessi mikla deila verði ekki eilíf því að erkióvinurinn muni verða knésettur dag einn. Þessi vers segja okkur

ekki aðeins frá deilunni miklu í fyrsta sinn heldur hvernig hún muni að lokum taka enda.

Páll fann uppörvun í *IMós 3.15*. Hvernig lætur hann það í ljós í *Róm 16.20*? Hvað er hann að leggja áherslu á?

Í *IMós 22.1-19* segir Móse frá mjög undraverðri lifandi mynd af friðþægingunni. Hvað getum við lært um friðþægingu Krists af þessari frásögn?

Taktu eftir hve oft „faðir og sonur“ eru nefndir og hvernig þeir gengu saman til fjallsins til að færa fórn. Sonurinn bar eldiviðinn en faðirinn fórnaráhöldin (eld og hníf). Ísak hefði getað borið föður sinn ofurliði á fórnarfjallinu þar sem hann var mikið yngri en faðirinn. En í stað þess sjáum við tvö kraftaverk: föðurinn sem gefur eftir son sinn og soninn sem gefur eftir líf sitt.

Þetta er áhrifamikil mynd af fórnardauða Krists fyrir okkur. Hversu áhrifamikil og hjartnæm sem atburðarásin var var hún einungis öriltill forsmekkur af því þegar annar faðir förnaði syni sínum á sama fjalli mörgum öldum síðar. En þá var ekkert dýr sem kom í stað sonarins. Sonurinn sjálfur dó á altarinu. Faðirinn gaf son sinn og sonurinn líf sitt.

Á Móríafjalli fékk heimurinn áhrifamikla smámynd af frelsunaráforminu og hvað það kostaði að endurleysa fallið mannkyn frá eyðileggingu syndarinnar.

Þriðjudagur, 17. janúar

Hjálpræðið í Jesaja

Á leiðinni til Emmaus kenndi Jesús tveim örvæntingarfullum lærisveinum um friðþæginguna út frá Móse og öllum spámönnunum (*Lúk 24.27*). Hvaða spádóma kynni Jesús að hafa tekið með um friðþæginguna?

Það er mjög sennilegt að Jesús hafi m.a. vitnað í Jesaja spámann.

Lestu *Jes 53* sem lýsir hinum líðandi þjóni. Hvað finnur þú þar sem hjálpar þér að skilja betur undraverða friðþægingu Krists?

Meðal alls þess sem þessi kafli fjallar um er einn þáttur mjög áberandi en það er staðgengilshlutverk hins líðandi þjóns. Taktu eftir hve oft er nefnt að hann sé að gjalda fyrir syndir annarra. Það er nefnt hvað eftir annað, en það sýnir fram á að dauði Jesú fyrir okkur er kjarni hjálpræðisins og friðþægingarinnar. Við erum syndarar og höfum óvirt lögmál Guðs og getum ekkert gert til að réttlæta okkur frammi fyrir Guði. Öll góð verk okkar geta ekki brúað bilið milli okkar og Guðs. Einasta leiðin til að frelsa okkur var sú að Jesús tæki á sig hegninguna sem við áttum skilið og byði okkur svo fullkomið réttlæti sitt sem við getum gert tilkall í trú.

Ef verk okkar hefðu á nokkurn hátt nægt til að réttlæta okkur fyrir Guði hefði Jesús ekki þurft að deyja fyrir okkur. En sú staðreynd að hann gerði það, að ekkert minna en dauði hans nægði til að friðþægja fyrir okkur, ætti að vera næg sönnun þess að við getum ekki áunnið okkur frelsun okkar. Þess í stað er það algjör náðargjöf.

Lestu *1Pét 1.19; 2.21-25*. Hvernig notar Pétur *Jes 53* til að útskýra friðþægingardauða Krists fyrir okkur?

Jes 53 er e.t.v. augljósasta guðfræðilega útskýring krossins sem sýnir ótvírætt fram á að auk alls annars táknar krossinn það að Kristur dó fyrir okkur og tók sjálfur á sig refsinguna sem okkur bar.

Hugleiddu lokaatburðina í lífi Krists á grundvelli *Jes 53* og hafðu í huga að sú persóna sem þar kemur fram er Guð okkar, skapari okkar, hluti af sjálfum guddóminum. Getur þú að fullu skynjað þann undraverða sannleika?

Miðvikudagur, 18. janúar

Guðspjöllin og krossinn

Þrátt fyrir hið undraverða kraftaverk að Kristur varð maður, djúpstæðar kenningar hans og kraftaverk hans eru þau ekki þungamiðja lífs hans. Þess í stað er það lífgjöf hans sem fyllir huga hans. Þó svo fæðing hans og lífsstarf hafi verið kraftaverk var dauði hans meginverkefni lífs hans.

Í guðspjöllunum finnum við Jesús reyna að undirbúa lærisveina sína undir dauða hans en hollusta þeirra og von um jarðneskan Messías komu í veg fyrir að þeir skildu það sem Jesús var að segja þeim.

Lestu *Mrk 10.32-45*. Hvernig lýsti Jesús aftöku sinni sem var framundan? (33. og 34. vers). Hvað var rangt við beiðni Jakobs og Jóhannesar? (35.-37. vers). Hvaða skorinort svar gaf Jesús þeim? (42.-45. vers).

Kvöldið áður en Jesús dó neytti hann páskamáltíðarinnar með lærisveinum sínum. Hann sagði þeim að halda því áfram þar til hann kæmi aftur. Þessi kvöldmáltíðarathöfn sem Drottinn sjálfur var upphafsmaður að—og er einasta minningarathöfnin sem hann persónulega viðurkendi—er ekki til minningar um holdtekju hans, kraftaverk, dæmisögur eða boðun heldur dauða hans. Kristur sjálfur vildi að hans yrði minnst vegna dauða síns.

Guðspjöllin fjögur sem segja frá lífi Messíasar leggja megináherslu á þá atburði sem tengdust krossfestingunni ásamt henni sjálfri. Einungis Matteus og Lúkas geta um fæðingarkraftaverkið og einungis tveir kaflar í hvoru þeirra fjalla um getnað hans og fæðingu. Markús og Jóhannes sleppa alveg fæðingu Krists og hefja guðspjöll sín þegar Jesús var fulltíða maður.

En öll fjögur guðspjöllin leggja ríka áherslu á síðustu vikuna í lífi Jesú og svo dauða hans. Renndu augunum yfir frásögn þeirra og taktu eftir hvernig áhersla þeirra snýst um örfáa daga í lífi Jesú. Þriðjungur til

hellingur frásagna allra guðspjallanna fjalla um síðustu vikuna í lífi Jesú og atburðina sem leiddu til dauða hans. Athygli lesendanna er óhjákvæmilega dregin að hinu mikla endurlausnarverki Guðs.

Líttu á líf þitt, mistök og syndir. Heldur þú virkilega að nokkuð sem þú hefur gert eða gætir gert gæti friðþægt fyrir þau? Hvers vegna ætti dauði Jesú fyrir þig að vera meginfókus lífs þíns? Hvaða von hefðir þú án hans?

Fimmtudagur, 19. janúar

Hrópið á krossinum

Ekkert skaðar skilning okkar á friðþægingu Krists meira en sú væmni sem stundum einkennir kristnina í dag (í því skyni að aðlaga fagnaðarerindið að hugsanagangi nútímans). En við verðum alltaf að viðurkenna í auðmýkt að allt sem við segjum um Guð getur aldrei gert honum full skil, einkum hvað varðar friðþæginguna. Við verðum að fordást þá freistingu að gera dauða Jesú á krossinum einungis að dæmi um óeigingjarnan kærleika. Hann var það vissulega en það tók meira en dæmi um óeigingjarnan kærleika að frelsa okkur í ljósi þess hvert ástand okkar var sem syndara. Það krafðist þess í staðinn að Guð sjálfur bar meginþungann af reiði sinni gegn syndinni.

Á krossinum hrópaði Jesús: „Guð minn, Guð minn, hví hefur þú yfirgefið mig?“ (*Matt 27.46*). Hvernig eigum við að skilja þessi orð? Hvernig hjálpar þetta hróp okkur að skilja hvað það kostaði að frelsa okkur frá synd okkar?

„Drottinn dýrðarinnar var að deyja sem lausnargjald fyrir mannkynið. . . Misgjörðir okkar allra voru lagðar á Krist, staðgengil okkar og ábyrgðarmann. Hann var talinn afbrotamaður svo hann gæti endurleyst okkur frá fordæmingu lögmálsins. . . Frelsarinn gat ekki séð gegnum hlið grafarinnar. . . Hann óttaðist að syndin væri svo viðurstyggileg í augum Guðs að þeir væru að eilífu aðskildir. . . Það var syndatilfinningin sem framkallaði reiði föðurins yfir hann sem staðgengil mannsins sem gerði bikarinn sem hann drakk af svo beiskan

og gerði það að verkum að hjarta sonar Guðs brast“ (*DA*, bls. 752, 753).

Jesús beinir orðum sínum til „Guðs“ en ekki til föðurins eins og hann var vanur að gera. Hróp Krists á krossinum eru ekki einungis yfirvarp um eitthvað sem hann virðist vera að fara í gegnum til að sýna fram á að hann elski okkur. Þetta er Guð sjálfur sem gefur sig dauðanum á vald svo að örlög okkar ákvarðist ekki af dauðanum. Guð sjálfur er að deyja þeim dauða sem okkur er hlíft við, þeim dauða sem syndin myndi annars leiða yfir okkur öll.

Þrjú guðspjallanna segja að Jesús hafi hrópað hárrí röddu frá krossinum þegar hann var að deyja. Þessi háu hróp eru jafnvel nefnd í Hebreabréfinu: „Á dögum jarðvistar sinnar bar Jesús með sárum andvörpum og tárnum bænir fram fyrir þann sem megnaði að frelsa hann frá dauða“ (*Heb 5.7*). „Vanræksluhróp“ Jesú er átakanlegasta óp Biblíunnar. Engin yfirlýsing guðspjallanna jafnast á við það og í því hrópi fáum við leiftursýn inn í það sem Drottinn var fús að líða til þess að tryggja frelsun okkar.

Föstudagur, 20. janúar

Til athugunar: „Ó, hve ég finn mig óduglega og getulausa til að tjá það sem brennur mér í brjósti varðandi ætlunarverk Krists! . . . Ég veit ekki hvernig ég á að tala eða skrifa um hina stórkostlegu friðþægingarförn. Ég veit ekki hvernig ég á að setja efnið fram á jafn lifandi og þróttmikinn hátt og það stendur mér fyrir hugskotssjónum. Ég óttast það að ég geri lítið úr hinu mikla frelsunaráformi með ómerkilegum orðum“ (*3SM*, bls. 115).

„Óendanleg miskunnsemi og kærleikur Jesú og fórnin sem færð var okkar vegna krefst hinnar alvarlegustu og háleitustu umhugsunar. Við þurfum að hugleiða lyndiseinkunn endurlausnara okkar og meðalgangara. . . . Þegar við hugleiðum þannig himnesk efni mun trú okkar og kærleikur stöðugt styrkjast og bænir okkar verða sífellt Guði þóknanlegri því að í þeim mun felast sívaxandi trú og kærleikur. Þær

verða skynsamlegar og kröftugar. Traust okkar á Jesú verður stöðugra og við munum daglega hljóta lifandi reynslu varðandi mátt hans til að frelsa til fulls alla þá sem koma til Guðs fyrir milligöngu hans“ (*VK*, bls. 103, 104).

Til umræðu:

- Ritningin lýsir Guði þannig að hann elski syndarann en sé jafnframt afar reiður út í syndina. Sumir kristnir reyna að nota aðra hvora lýsinguna um eðli Guðs. Hvers vegna er þess ekki þörf? Hvers vegna er kærleiki Guðs til syndarans ein meginástæða þess að hann reiðist syndinni?
- Kærleiki Guðs er ekki eins og máttfarin og stundum óregluleg væntumþykja okkar gagnvart öðrum. Hvað kennir starf Krists sem frelsari okkur um kærleika Guðs?
- Hvernig hjálpar það þér að skilja betur hvers vegna frelsun okkar var svo dýrkeypt þegar þú skilur andstæðurnar milli heilagleika Guðs og syndugleika okkar?
- Hugleiddu betur frásögnina um Abraham og Ísak í *1Mós 22*. Hvernig hjálpar hún okkur að skilja betur hvers eðlis förn Krists var fyrir okkur? Á hvern hátt má segja að hún geri því ekki fyllilega skil hvað hún átti að vera táknmynd um?

Samantekt: Allt frá fyrstu síðum *1 Mós* bendir Biblían okkur til dauða Jesú á krossinum þar sem hann dó dauða syndarans til að leysa okkur, syndarana, frá þeirri eilífu eyðingu sem syndin leiðir af sér. Þó svo Biblían noti mismunandi tákn og orðmyndir til að útskýra dauða Krists þá er sú staðreynd miðlæg að hann er staðgengill okkar eins og er lýst svo ljóslifandi í *Jes 53*. Ef við þyrftum einhverja sönnun þess að verk geti ekki frelsað okkur þá finnum við hana í dauða Guðs sjálfs á krossinum. Hverju gæti fallinn maður bætt þar við?

4. LEXÍA

21. – 27. janúar

GUÐ NÁÐAR OG DÓMS

Hvildardagseftirmiðdagur

Lesefni vikunnar: *1Kor 3.13; 2Kor 5.10; 1Mós 3, 6; Jóh 3.17-21; Opb 14.6, 7.*

Minnistexti: „Guð mun leiða sérhvert verk fyrir dóm sem haldinn verður yfir öllu því sem hulið er, hvort sem það er gott eða illt“ (*Préd 12.14*).

Lykilhugsun: Dómur Guðs er jafn útbreiddur í Biblíunni og frelsunarþemað. Þessi tvö hugtök eru reyndar mjög samfléttuð.

Hermaður nokkur stóð við hlið gamals manns sem taka átti af lífi. Hann var einungis sekur um að tilheyra „röngum“ kynstofni og trúarbrögðum. Þegar hermaðurinn lyfti byssu sinni sagði gamli maðurinn við hann: „Veistu að það er Guð á himnum sem sér þetta allt og hann mun dæma þig fyrir gjörðir þínar?“

Þá skaut hermaðurinn gamla manninn.

Þetta er að ýmsu leyti gott dæmi um veraldlegt samfélag sem hefur engan staðal æðri en reglur samfélagsins sjálfs. Það er ekki veraldlegt stjórnarfyriirkomulag, sem styður ekki nein sérstök trúarbrögð umfram önnur, heldur veraldlegt *samfélag* sem hefur enga tilfinningu fyrir neinu sem er æðra mannum, æðra valdi, tilfinningu fyrir Guði né neinum siðferðisstaðli öðrum en þeim sem maðurinn setur. Í því samfélagi kemur maðurinn í stað Guðs og einasti dómurinn er dómur jafningja eða eigin samvisku (eða þess sem er eftir af henni!).

En samkvæmt Biblíunni hafði gamli maðurinn rétt fyrir sér: Það er Guð á himnum og hann þekkir allt og hann mun leiða allt fyrir dóm.

Við skulum kanna þennan mikilvæga þátt í lyndiseinkunn Guðs og sjá hvernig Guð birtir undraverða náð sína jafnvel í dómnum.

Sunnudagur, 22. janúar

Dagur dómsins

Dómsþemað um dóm Guðs má finna í allri Biblíunni. En andstætt almennri skoðun er dómurinn ekki andstæður hjálpræðinu eða fagnaðarerindinu. Bæði þemun eru samfléttuð í ritningunni, allt frá *IMós* til *Opinberunarbókarinnar*.

Það ætti ekki að koma á óvart því að dómurinn og frelsunin endurspeglar tvær hliðar lyndiseinkunnar Guðs: réttlæti og náð. Svo við ættum ekki að líta á hugmyndina um dóm sem andstæðu við hugmyndina um frelsun engu fremur en að hugmyndin um réttlæti Guðs sé í andstöðu við náð hans. Ef við gerum það rænum við bæði hugtökin fyllingu sinni og hvernig þau uppfylla hvort annað. Ritningin kennir hvort tveggja, þess vegna verðum við líka að skilja báðar hugmyndirnar.

Það er líka athyglisvert að Nýja testamentið talar hlutfallslega meira um dóminn en það Gamla.

Lestu eftirtalin vers. Hvað tala þau um? Hverjir eru dæmdir? Hvað gerist í dómnum? Hvað sýna þessir textar okkur um eðli og raunveruleika dóms Guðs? *Préd 12.13, 14; 1Kor 3.13; 2Kor 5.10; Heb 10.30; Matt 16.27; Opb 20.12; 22.12; Matt 12.36, 37; 1Pét 4.17; Opb 14.6, 7.*

Þetta er einungis lítið sýnishorn þeirra af þeim textum sem kenna greinilega dóm. Eins og getið var hér að ofan má finna marga af greinilegustu textunum um dóm, sem sýna fram á raunveruleika dóms Guðs, í Nýja testamentinu. Þetta ætti að kenna okkur að hvernig sem við skiljum dóminn og náðina verðum við að skilja að þau eru bæði

hluti af sannleika Guðs sem starfa saman. Það er misskilningur á fyllingu fagnaðarerindisins að tefla þeim gegn hvort öðru.

Mánudagur, 23. janúar

Dómur og náð í Eden

Hugleiddu þetta: Áður en syndin kom í heiminn var engin þörf fyrir náð því að það var ekkert sem þurfti að fyrirgefa eða hylja. Sama er að segja um dóminn. Áður en syndin kom inn í myndina var ekkert sem þurfti að dæma, fordæma eða refsa fyrir. Bæði náð og dómur komu fram á sjónarsvið mannsins vegna syndar mannsins.

Lestu um syndafallið í *IMós 3*. Hvernig birtist bæði réttlæti og náð í því sambandi?

Satan tókst að innleiða syndina í heiminn og þar með umbreyta öllu. En jafnskjótt kom Drottinn á sjónarsviðið og kallaði: „Hvar ertu?“ Enginn dómur fólst í þeirri spurningu. Hún var öllu fremur boð um að koma til hans sem hafði skapað þau og elskaði. Það var kall til þeirra um að snúa sér burt frá svikara þeirra og hverfa aftur til skapara síns.

Taktu eftir hvað gerist. Það fyrsta sem við heyrum af vörum Guðs í þessum fallna heimi eru spurningar (sjá *IMós 3.9, 11, 13*). Því næst fellir Guð dóm yfir höggorminum. En hvað segir hann svo í *15. versinu*, mitt í dómi sínum yfir höggorminum?

IMós 3.15 er fyrsta fyrirheit fagnaðarerindisins. Strax og Guð hafði fellt dóm yfir höggorminum færði hann mannum fyrsta boðskapinn um náð, endurlausn og frelsun. Einungis *eftir* að hafa fært þeim fyrirheit fagnaðarerindisins lýsti Guð dómnum yfir mannum og konunni. Þó svo þau hafi hrasað byrjaði Guð á að færa þeim von og náð—þá náð sem er baksvið komandi dóms. Þannig er fyrirheitið um náð gefið þeim sem vilja veita henni viðtöku jafnvel áður en dómurinn er kveðinn upp.

Tími Satans er á enda, útrýming hans er tryggð. En mitt í dómsúrskurði sínum yfir mannum kynnir Guð náð sína.

Strax í upphafi sögu mannsins koma tengslin milli syndarinnar, dómsins og náðar Guðs í ljós. Þó svo Guð verði að dæma og fordæma syndina er fyrirheitið um náð alltaf til staðar og til reiðu fyrir þá sem vilja gera tilkall til hennar.

Á hvern hátt kann Drottinn að hafa spurt þig: „Hvar ertu?“ Hvað gerir þú sem fær þig e.t.v. til að fela þig fyrir Guði? Hvers vegna er það mikilvægt byrjunarskref til að skilja náðina að svara kalli hans um að nálgast hann og fjarlægjast svikarann?

Þriðjudagur, 24. janúar

Synðaflóðið

Þeir sem gagnrýna Biblíuna leggja mikið upp úr því að aðrar fornar menningar hafi eigin frásagnir um flóð. Þeir halda því fram að frásögn Biblíunnar sé ekki einstæð, upprunaleg eða sönn, einungis endursögn eldri goðsagna.

Þeir sem á hinn bóginn trúa því að Biblían sé orð Guðs líta á þessar frásagnir sem staðfestingu á því að flóðið hafi verið raunverulegt. Flóðið átti sér stað og *IMós* hefur innblásna frásögn um það. Sú frásögn er frábrugðin þeim sem segja m.a. að flóðið hafi verið sent vegna þess að mennirnir voru háværir á nætursvalli sínu svo guðirnir gátu ekki sofið, svo þeir urðu öflugir af svefnleysi og sendu flóðið til að refsa mönnum .

Hvaða ástæðu gefur Biblían fyrir þeim dómi sem var yfirvofandi í frásögninni um flóðið? *IMós 6.5*.

Það ætti ekki að vera svo erfitt fyrir okkur í dag að skilja að mannkynið hafi verið svo spillt að það ætti skilið að því yrði útrýmt því að við lifum í heimi þar sem hið illa fer dagvaxandi. Þó svo oft sé gert gys að

skoðun hins kristna á syndugleika mannsins þá sannast það stöðugt fyrir augum okkar. Þó svo við getum gert eitthvað gott gerir það okkur ekki góð. Glæpaforinginn Al Capone elskaði t.d. börn, var geysilega örlátur og var vingjarnlegur við vini sína, en hver myndi vilja segja að hann hafi verið góður maður?

Hvernig birtist náð Guðs mitt í yfirlýsingunni um yfirvofandi dóm í frásögninni um flóðið? (Sjá *IMós 6.14-22; 2Pét 2.5*).

Með því að byggja örkina var Nói að gefa heiminum viðvörun um dóm. Það er líka gefið í skyn að um sé að ræða náðartíma þar sem heimurinn hafði tækifæri til að snúa sér frá vondum vegum sínum og veita hjálpræði Guðs viðtöku. Ellen G. White segir að ef „mennirnir fyrir flóðið hefðu trúað viðvöruninni og snúið sér frá vondum verkum sínum hefði Drottinn dregið reiði sína tilbaka“ (*PP*, bls. 97). Bygging arkarinnar bauð hverjum þeim sem vildi hlusta á viðvörunina öruggt hæli gegn yfirvofandi eyðingu. Það var enginn vafi um komandi dóm, en náðin stóð til boða hverjum þeim sem þáðu hana allt til þess að það væri um seinan og náðardyrnum yrði lokað.

Hve oft hefur Guð auðsýnt þér náð? Sennilega oftar en talið verður. Hvernig getur þú lært að gefa þig betur á vald þeirrar náðar og láta hana móta þig í mynd Krists?

Miðvikudagur, 25. janúar

Fordæming og náð

Flestir kannast við *Jóh 3.16*. Það sem á eftir kemur útskýrir það enn nánar.

Lestu *Jóh 3.17-21*. Hvað segir þessi texti okkur um dóm og náð? Hvernig sýnir hann fram á hvernig náð og dómur starfa saman?

Tvö þemu koma fram í þessum versum: náð og dómur og þau eru mjög náð samfléttuð. Synd, myrkur og illska gera það nauðsynlegt fyrir

Guð réttvísinnar að dæma þau. Jafnframt býður náð Guðs þeim seku upp á útgönguleið fyrir trúna á Jesú Krist.

Textinn segir að *sá sem trúir á Jesú sé ekki dómfelldur*. Svo einfalt er það. Réttlæti Krists hylur þann einstakling og hann er sem ósakfelldur bæði nú og í komandi dómi.

Hvaða ástæðu gefur textinn fyrir dómfellingu?

Samkvæmt þessum textum er mannkynið undir dómfellingu vegna þess að allir hafa syndgað og eiga þann dauða skilið sem syndin leiðir af sér. Þessir textar hrekja jafnframt þá hugmynd að eftir krossinn hafi allt mannkyn orðið sjálfkrafa réttlætt. Það rétta er að eftir krossinn hafi föllnum heimi verið boðið hjálpræði fyrir friðþægingardauða Jesú Krists, og það nægði fyrir hvern og einn. Allir eru dómfelldir, en samt hafa þeir sem taka við boði Krists fyrir náð hlotið fyrirgefningu og eru réttlættir og endurleystir fyrir tilstilli Jesú. Dómfelling þeirra er felld niður og þeir standa í fullkomnu réttlæti Jesú vegna verðleika hans.

Í rauninni hefur náð litla þýðingu aðskilin frá yfirvofandi dómfellingu. Á sama hátt og dómfelling felur í sér dómsúrskurð gerir náð það einnig. Engin þörf er fyrir náð nema í tengslum við yfirvofandi dóm. Náðarhugtakið framkallar næstum dómfellingarhugtakið. Það er því öllu meiri ástæða til að kanna hvernig náð og dómur eru tengd.

Fimmtudagur, 26. janúar

Tími dóms hans

„Óttist þá því eigi. Ekkert er hulið sem eigi verður opinbert, né leynt er eigi verður kunnugt“ (*Matt 10.26*).

Það ætti ekki að vera erfitt fyrir okkur að skilja hugmyndina um dóm og dómfellingu þegar við lítum á heiminn umhverfis okkur. Við þurfum ekki að vera kristin til að gera okkur grein fyrir að það er eitthvað alvarlegt að mannkyninu. Við sjáum öll óreiðuna og jafnvel

hörmungar sem við höfum orsakað. E.t.v. grátum við svo mikið við fæðingu okkar vegna þess að við skynjum það sem muni mæta okkur. Eitt skáld komst þannig að orði: „Ég grét þegar ég fæddist og hver dagur sýnir mér hvers vegna.“ Getum við ekki öll tekið undir það? Höfum við ekki öll verið fórnarlömb græðgi, eigingirni og illkvittni manna? Eða, höfum við ekki flest einhvern tímann verið gráðug, eigingjörn eða illkvittin?

Ef Guð er því réttvís og réttvísi er megineinkenni lyndiseinkunnar hans gæti þá nokkurt okkar staðið frammi fyrir honum? Ef Drottinn veit um leyndir okkar, hulin verk (*Préd 12.14*) hverjir væru þá möguleikar jafnvel hinna guðhræddustu á meðal okkar á degi dómsins þegar allt verður opinberað?

Sem betur fer er Guð okkar Guð náðarinnar. Allt frelsunaráformið var sett upp til þess að allir gætu komist hjá þeirri dómfellingu sem réttvísi Guðs krefst? Án náðar myndi réttvísi Guðs gereyða okkur öllum. Því er náðin einasta von okkar um að standa réttlætt frammi fyrir Guði.

Lestu boðskap fyrsta engilsins í *Opb 14.6, 7*. Hvernig tengja þessi vers réttvísi Guðs og náð? Hvernig eru þau samhljóða því sem við lásum í *1Mós 3* og því hvernig tengslin voru milli náðar og dóms?

Það er athyglisvert að áður en aðvörunin um að tími dómsins sé kominn sjáum við engilinn boða eilífan fagnaðarboðskap. Þannig verður það að vera því að annars myndi dómurinn dómfella allt mannkynið. Enginn hefði neinn möguleika því að allir hafa syndgað og allir hafa brotið gegn lögmáli Guðs. Hér finnum við að náð Guðs er boðuð í tengslum við síðustu viðvörunina til heimsins. Annars myndi dómurinn dómfella alla undantekningalaust. Án náðarinnar hefðum við engan boðskap að færa heiminum annan en þann að Guð muni eyða okkur öllum og við höfum enga von um að komast undan. En sem betur fer hefur boðskapur okkar eilíft fagnaðareriði að grundvelli.

Hvaða þátt átt þú í að færa öðrum þennan boðskap um dóm og náð? Hvað gætir þú gert meira til að stuðla að útbreiðslu hans, því að öllum líkindum gætir þú gert eitthvað meira, er það ekki?

Föstudagur, 27. janúar

Til athugunar: Hvernig virka náð og dómur saman?

„Meðan Jesús biður um miskunn fyrir þiggjendur náðar hans, ákærir Satan þá fyrir Guði sem misgjörðamenn. Hinn mikli svikari hefur reynt að blása þeim efasemdum í brjóst, fá þá til að missa traustið á Guði, forsmá kærleika hans og brjóta lögmál hans. Nú bendir hann á skráðan lífsferil þeirra, bendir á veilur í lyndiseinkunn þeirra, hversu ólíkir þeir eru Kristi og hversu þeir hafi vanvirt frelsara sinn, á allar þær syndir sem hann hefur freistað þeirra til að drýgja og þess vegna gerir hann kröfu til þeirra sem þegna sinna.

Jesús afsakar ekki syndir þeirra heldur sýnir hann fram á iðrun þeirra og trú og um leið og hann biður þeim fyrirgefningar, lyftir hann særðum höndum sínum frammi fyrir föðurnum og heilögum englum hans og segir: „Ég þekki nöfn þeirra. Ég hef grafið þau í lófa mína“⁴⁴ (DM, bls. 331).

Til umræðu:

- Hvernig hjálpar þessi tilvitnun þér að skilja þátt náðarinnar í dómnum? Hvernig lýsir Ellen White dyggum fylgjendum Guðs og hvers vegna er það mikilvægt? Hve vel er þér lýst í þessum orðum?
- Ímyndaðu þér að þú standir frammi fyrir Guði og allt sem þú hefur gert er afhjúpað, bæði gott og illt. Hvernig myndi þér farnast? Gætir þú staðið frammi fyrir Guði á grundvelli góðra verka þinna, jafnvel þeirra sem þú gerðir af einlægni og hreinustu hvötum? Heldur þú virkilega að þau nægi til að tala máli þínu frammi fyrir skapara þínum? Hvernig hjálpar svar þitt þér að skilja þörfina fyrir náð?
- Hvers vegna er það andleg gildra að halda að engu máli skipti hvað við gerum þar sem við erum frelsuð fyrir náð? Hvernig getur þú varist því að falla í þá gildru?

- Sumir vara okkur stundum við ómerkilegri¹ náð. Ekkert slíkt er til. Náðin er ekki lítils virði; hún er ókeypis. Það sem gerir hana lítils virði er þegar fólk reynir að nota hana sem afsökun til að syndga. Hvaða blekkingu getum við séð innan kristninnar eða jafnvel innan okkar kirkju?

Samantekt: Guð er Guð réttvísinnar og réttvísinn krefst dóms. Guð er einnig Guð náðarinnar. Það er því mikilvægt að við sem adventistar skiljum þennan sannleika Guðs og það sem hann opinberar okkur um Guð þegar við boðum boðskap englanna þriggja.

¹Enskan hefur ‘cheap grace’. Leikið er með tvíræðni orðsins ‘cheap’ sem þýðir *ódyr* en einnig *lítils virði*. Hugtakið *Cheap grace* er oft notað um þann skilning að það skipti litlu máli hvað við gerum, því að við erum ekki frelsuð fyrir verk heldur náð en sú náð kostaði líf Guðs sjálfs. (Þýð.)

5. LEXÍA

28. janúar – 3. febrúar

HEILAGLEIKI GUÐS

Hvildardagseftirmiðdagur

Lesefni vikunnar: *Matt 11.10; Mrk 1.2; 1Mós 2.3; Job 42.5, 6; Lúk 5.1-11; 4.31-36; Jes 6.1-3; Opb 4.8, 9*

Minnistexti: „Tignið Drottin, Guð vorn, og fallið fram fyrir hans heilaga fjalli því að heilagur er Drottinn, Guð vor“ (*Slm 99.9*).

Lykilhugsun: Ritningin leggur mikla áherslu á heilagleika Guðs. Hvað segir þessi heilagleiki okkur um hvernig Guð er og hvaða þýðingu það hefur fyrir frelsunaráformið?

Ein grundvallarforsenda allra Biblíuhöfunda er tilvera Guðs á himnum. Enginn þeirra lætur í ljós efa um hana og enginn leitast heldur við að sanna hana. Þeir líta á tilveru Guðs sem byrjunarstaðreynd líkt og grundvallarregla í flatarmálsfræði.

Í þess stað finnum við umfangsmiklar lýsingar á því í ritum Biblíunnar hvernig Guð er og hvernig hann umgengst okkur, fallnar verur, sem hann þráir að endurleysa.

Þessa viku munum við beina athyglinni að einum eðlisþætti Guðs sem er grundvallaratriði í Ritningunni, en það er heilagleiki hans. Það er rétt að Guð er kærleikur og hann býður okkur að kalla sig „föður“. Auk þess er hann þolinmóður og umburðarlyndur, og hann fyrirgefur.

En Ritningin bendir á að heilagleiki Guðs sé grundvallaratriði til þess að skilja hann. Heilagleiki Guðs liggur til grundvallar opinberun hans sjálfs bæði í Gamla og Nýja testamentinu. Þetta þema birtist í einhverri mynd í allri Ritningunni.

Hvað felst þá í því að segja að Guð sé heilagur? Hvernig birtir Biblían heilagleika hans? Hvernig umgöngumst við sem vanheilagar verur slíkan Guð?

Sunnudagur, 29. janúar

„Ritað er“

Jafnvel lausleg rannsókn á kirkjusögunni sýnir fram á að það er mjög auðvelt að byggja upp hugmyndir um Guð og tilbiðja þær síðan í stað Guðs sjálfs eins og hann birtist í Biblíunni. Efasemdamaðurinn Voltaire sagði eitt sinn: „Guð skapaði manninn í sinni mynd og maðurinn endurgalt í sömu mynt.“ Við gerum okkur ekki endilega grein fyrir að skilningur okkar á Guði er bæði ófullkominn eða jafnvel rangur.

Þess vegna verðum við að hverfa aftur til Ritningarinnar og bera hugmyndir okkar um Guð saman við það sem þær kenna. Rannsókn okkar verður að ná yfir bæði testamentin því að Drottinn hefur talað til okkar í þeim báðum. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir þessu því að sumir halda því fram að Guð Nýja testamentisins sé frábrugðinn þeim Guði sem birtist í því Gamla. Það er ekki viðhorf Sjöunda-dags aðventista né kenning Biblíunnar.

Hvaða yfirlýsingu endurtaka spámenn Gamla testamentisins hvað eftir annað? *Jer 7.1-3.*

Við finnum orðasambandið „Svo segir Drottinn“ eða önnur svipuð því svo þúsundum skiptir í boðskap spámanna Gamla testamentisins. Það ætti að minna okkur á að spámaðurinn er ekki aðeins að tala fyrir Guð heldur er Guð sjálfur að tala gegnum spámanninn.

Jafnframt er Nýja testamentið fullt af tilvitnunum í Gamla testamentið. Öll guðfræði Nýja testamentisins er samtengd því Gamla. Hvernig gætum við t.d. skynjað förn Jesú ef við hefðum ekki allt förnakerfi Gamla testamentisins. Hve oft vitna Jesús og höfundar Nýja

testamentisins til Gamla testamentisins til að hleypta stöðum undir rökfærslur sínar og framsetningu? Allt Nýja testamentið byggist á guðfræðigrundvelli þess Gamla. Það finnst engin réttlætning fyrir róttækum mismuni milli þeirra. Öll ritningin—bæði testamentin—eru innblásin af Drottni (*2Tím 3.16*).

Líttu á eftirfarandi texta. Hvernig hjálpa þeir okkur að sjá tengslin milli testamentanna? Hvað segja þeir okkur um það hvernig Jesús og höfundar Nýja testamentisins litu á það Gamla? *Matt 4.4; 11.10; Mrk 1.2; 7.6; Jóh 12.14, 15; Post 13.33; Róm 3.10; Gal 3.13; 1Pét 1.16; 1Kor 5.7.*

Mark Twain sagði eitt sinn að það væru ekki þeir hlutar Biblíunnar sem hann skildi ekki sem ónáðuðu hann heldur þeir sem hann skildi. Við finnum oft kafla í Biblíunni sem ónáða okkur, er það ekki? Í ljósi þess sem Biblían hefur að segja um sjálfa sig (*2Tím 3.16*) hver ættu viðbrögð okkar að vera gagnvart þeim hlutum hennar sem við skiljum ekki eða líkar ekki? (Sjá einnig *1Kor 13.12*).

Mánudagur, 30. janúar

Frátekin

Hvenær er hugmyndin um heilagleika fyrst nefnd í Biblíunni? *IMós 2.3*. Hvað er mikilvægt við þá staðreynd að tíminn er það fyrsta sem Biblían segir vera heilagt?

Þessi texti gefur okkur fyrsta innsæi okkar í hvað heilagleiki er. Hann sýnir að eitthvað—í þessu tilviki tíminn—er sett til hliðar eða tekið frá því sem er umhverfis. Sjöundi dagurinn er í sjálfum sér ekkert frábrugðinn öðrum sólarhringum, en það sem gerir hann frábrugðinn er að Guð lýsir því yfir að hann sé heilagur. Hann setti þann dag til hliðar frá hinum dögum vikunnar.

Heilagleiki er þannig eitthvað sem tekur það frá því sem er ekki heilagt.

Að vissu marki ætti þessi hugmynd að hjálpa okkur að skilja heilagleika Guðs. Guð er aðskilinn frá öllu öðru í sköpunarverkinu. Hann er óviðjafnanlegur og aðskilinn, svo langt ofar nokkru því sem við fáum skilið. Að vera heilagur felur í sér að vera frábrugðinn á sérstakan hátt eins og sjöunda-dags hvíldardagurinn.

Hvernig hjálpa þessir textar okkur að skilja heilagleika Guðs í þessu sambandi? *2Mós 15.11; 1Sam 2.2; Slm 86.8-10; 99.1-3; Jes 40.25.*

Þessi hugmynd um heilagleika ætti að hjálpa okkur að skilja betur bilið milli Guðs, sem er heilagur, og mannkyns, sem er ekki heilagt, mannkyn sem í rauninni er syndarar. Guð er aðskilinn frá okkur, ekki einungis vegna þess að hann er skaparinn og við erum sköpun hans heldur vegna þess að við erum fallin. Það allt ætti að hjálpa okkur að skilja hvað Kristur hefur gert fyrir okkur.

Að hvaða leyti erum við algjörlega frábrugðin Guði þó svo við séum sköpuð í hans mynd? Hvernig hjálpar sá mismunur okkur að skilja þörf okkar fyrir frelsara?

Þriðjudagur, 31. janúar

Að iðrast í dufti og ösku

Eftir að Job hafði liðið miklar þjáningar af hendi Satans hrópaði hann: „Ég þekkti þig af afspurn en nú hefur auga mitt litið þig. Þess vegna tek ég orð mín aftur og iðrast í dufti og ösku“ (*Job 42.5, 6*). Hvað segja þessi viðbrögð okkur um heilagleika Guðs í samanburði við syndugleika mannsins? Hvernig kemur fagnaðarerindið fram í viðbrögðum Jobs við þjáningum sínum?

Esekiel spámaður, sem Guð í náð sinni sendi til Ísraelsmanna (þó svo þeir væru í herleiðingu í Babýlon vegna ótrúmennsku sinnar), fann einnig til yfirþyrmandi návistar Guðs. Hvað gerðist? (*Esk 1.28*).

Jakob varð að flýja að heiman eftir að hafa blekkst Ísak föður sinn og Esaú tvíburabróður sinn. Hver voru viðbrögð Jakobs eftir nætursýn sína er hann sá himnastigann og Guð talaði við hann? (*1Mós 28.16, 17*).

Meðan Ísrael bjó í tjaldbúðum sínum við Sínaí steig Drottinn aftur niður í skýi á fjallið og kunngerði sig fyrir Móse. Hver voru viðbrögð Móse? (*2Mós 34.8*).

Daníel var annar spámaður á tíma herleiðingarinnar í Babýlon. Hann fékk einnig miklar sýnir frá Guði meðan hann starfaði sem háttsettur embættismaður í stjórninni.

Þó svo Daníel fengi að oft að vita að hann væri í háum metum á hinnum hvernig brást hann við þegar hann sá Guð í sýn? Hvers vegna heldur þú að hann hafi brugðið þannig við? (*Dan 10.5-8*).

Jafnvel þó þessir menn væru trúfastir, guðhræddir og réttlátir—þeir voru meira að segja spámenn—einkenndust viðbrögð þeirra við návist Guðs af ótta og tilbeiðslu. Það var án efa vegna þess að þeir fundu meðal annars til þess hve óverðugir og syndugir þeir voru samanborið við heilagleika Guðs. Að vissu marki gefa þessir textar vísbendingu um þörfina fyrir frelsara, staðgengil, einhvern sem gæti brúað bilið milli hins heilaga Guðs og syndugra vera eins og okkar. Guði séu þakkir að Jesús er sú brú.

Ímyndaðu þér að þú hafir svipaða reynslu og einn þeirra manna sem hafa verið nefndir. Hvernig heldur þú að þú myndir bregðast við því og hvers vegna?

Miðvikudagur, 1. febrúar

Vík frá mér!

Í Gamla testamentinu finnum við samstæða frásögn um hvernig menn brugðust við Guði sem er heilagur. En hvað með Nýja testamentið?

Sumir nútíma kristnir halda því fram að Gamla testamentið gefi frumstæða og úrelta mynd af Guði, Guði sem er harðneskjulegur og verður auðveldlega reiður. En þegar Jesús kemur er hann Guð náðar og kærleika. Við vitum auðvitað að þetta er afbökun af mynd Biblíunnar og lyndiseinkunn Guðs sem er óbreytanleg.

Hvað kenna höfundar Nýja testamentisins okkur um heilagleika Guðs? Lestu t.d. *Lúk 5.1-11*. Hvernig sýnir þetta fram á samræmið milli Gamla og Nýja testamentisins varðandi heilagleika Guðs?

Eftir að þessir fiskimenn höfðu stritað árangurslaust alla nóttina sá Jesús þessum dugmiklu lærisveinum sínum fyrir undraverðum aflu. Við þannig aðstæðum væri eðlilegt að halda að viðbrögðin yrðu þakklæti til Jesú fyrir slíkan fjárhagslegan ávinning. En viðbrögð Péturs beindust að öðru, þeim svipaði til viðbragða persónanna í Gamla testamentinu sem mættu Drottni.

„Hugsun Péturs snerist ekki lengur um bátinn né farm hans. Þetta kraftaverk var honum meiri vísbending um guðlegan mátt en nokkurt annað kraftaverk sem hann hafði verið vitni að. Hann sá Jesú sem þann sem hafði alla náttúruna á valdi sínu. Návist guðdómsins opinberaði honum sinn eigin skort á heilagleika. Hann yfirbugaðist af kærleika til meistara síns, blygðun fyrir vantrú sína og þakklæti fyrir auðmýkingu Krists en umfram allt tilfinningu fyrir óhreinleika sínum í návist algjör hreinleika. Meðan samverkamenn Péturs gengu frá innihaldi netsins féll hann að fótum frelsarans og hrópaði: „Far þú frá mér, Drottinn, því að ég er syndugur maður““ (DA, bls. 246).

Hvað leiddi til þessara viðbragða? Það er sú staðreynd að við erum ekki lengur í Edengarðinum þar sem Adam og Eva buðu návist Guðs velkomna í kvöldsvalanum áður en syndin kom inn í heiminn. Þessar nánu samvistir gjörbreyttust eftir syndafallið þegar Adam og Eva hlupu til að fela sig. Hlutirnir hafa ekki breyst mikið síðan. Þetta eru í rauninni almennu viðbrögðin sem Ritningin skýrir frá. Þegar maðurinn mætir lifandi Guði fyllist hann fyrst skelfingu yfir að sjá hve djúpt hann er sokkinn í feni syndarinnar.

Hvenær leist þú seinast syndugt eðli þitt alvarlegum augum? Það var sennilega ekki skemmtileg sjón? Hver er einasta von þín og hvers vegna er það svo?

Fimmtudagur, 2. febrúar

Þegar djöflaandar tala

Lestu *Lúk 4.31-36*. Hvaða vitnisburð um heilagleika Krists er að finna í þessum versum? Hvað er mikilvægt við það hver gaf þann vitnisburð? Hvað getum við lært að þessari frásögn um heilagleika Guðs?

Djöflaandar, sem eru fallnir englar, muna hver Jesús virkilega er og þrátt fyrir illgirni þeirra, hatur og uppreisn neyðast jafnvel þeir til að viðurkenna hann og heilagleika hans. Taktu einnig eftir að þeir óttuðust að hann myndi tortíma þeim. Hvers vegna voru þeir svo óttaslegnir? Eflaust vegna þess að jafnvel djöflaandar eru slegnir ótta í návist heilagleika Guðs vegna synða sinna líkt og syndugir menn.

Í síðustu bók Biblíunnar lýsir Jóhannes sýn sem hann fékk frá Guði. Lestu *Opb 1.12-17*. Stundum er þess getið að Jóhannes hafi verið sá postuli sem skildi best kærleika Guðs, en jafnvel hann bregst við eins og menn Gamla testamentisins þegar hann er í návist heilags Guðs.

Við finnum einnig svipaða mynd af himneskum verum sem tilbiðja Guð í helgidómi himinsins og Jesaja var vitni að í sýn mörgum öldum áður (sjá *Jes 6.1-3*).

Hvað heyrði Jóhannes himnesku verunnar umhverfis hásætið segja? *Opb 4.8, 9*.

Þó svo Guð sé kærleikur og allar verur himinsins dýrki hann sjáum við að umhverfis hásæti hans á himnum er lofsöngurinn ekki „Guð er kærleikur, hann er kærleikur, kærleikur.“ Himnesku verunnar hrópa ekki heldur „Guð, hann er góður, góður, já góður.“ Í stað þess hrópa

þessar völdugu verur dag og nótt: „Heilagur, heilagur, heilagur, Drottinn Guð, hinn alvaldi.“ Þó svo allur himinninn taki þátt í kærleiksverkum Guðs og frelsun þessa heims þá eru himneskar verur allt umhverfis háseti Guðs dag og nótt og lofsyngja heilagleika Guðs. Þó svo þær séu syndlausar fyllast þær lotningu fyrir heilagleika hans en þær fela sig ekki af ótta líkt og syndugar verur gera.

Í öllum samskiptum mannsins við Guð sem sagt er frá í Ritningunni finnum við aldrei neitt sem bendir til þess að Guð sé ógnvekjandi. Í staðinn sjáum við að maðurinn sér sig loksins í réttu ljósi þegar hann er í skæru ljósi heilagleika hans. Það er skelfilegt. Þegar einstaklingar Biblíunnar eru virkilega í návist Guðs himnanna eru þeir ekki að klappa eða syngja léttu söngva. Þess í stað finnum við algjöra persónulega iðrun. Hver og einn sér sekt sína og gengst við henni án þess að færa fram afsakanir eða vísa til mistaka annarra. Orð okkar, líf og athafnir væru talsvert öðruvísi ef við gerðum okkur stöðugt grein fyrir bæði návist Guðs og heilagleika.

Föstudagur, 3. febrúar

Til athugunar: Þegar Kristur stendur frammi fyrir mannfjöldanum í musterinu „hljóðnar uppnámið. Þýsin og kaupmennskan hættu. Þögnin verður þrungin sársauka. Tilfinning lotningar yfirbugar mannfjöldann. Það er eins og hann standi frammi fyrir dómstóli Guðs til að svara fyrir gjörðir sínar. Þegar mannfjöldinn horfir á Krist sér hann guðdóminn leiftra gegnum klæðnað manns. Hátign himinsins stendur eins og dómari mun gera á hinum síðasta degi . . . með sama hæfileika til að „lesa“ sálina. Augu hans horfa yfir mannfjöldann og gera sér grein fyrir hverjum einstökum. Svo virðist sem hann rísi yfir alla í valdsmannslegri tign og guðlegt ljós lýsir af ásjónu hans. Hann mælir og skær rödd hans, sem hafði hljómað frá Sínaí fjalli þegar hann boðaði lögmálið sem prestarnir og ráðamennirnir voru að brjóta, bergmálar um hvelfingar helgidómsins: „Burt með þetta héðan. Gerið ekki hús föður míns að sölubúð.“

Hann gengur hægt niður þrepin og lyftir kaðalsvipunni sem hann hafði tekið upp er hann gekk inn á svæðið og fyrirskipar kaupmönnunum að yfirgefa musterissvæðið. Hann hratt um borðum víxlaranna af meiri ákafa og hörku en hann hafði nokkru sinni sýnt áður. . . . Enginn dirfist að efast um vald hans. . . . Jesús ber þá ekki með svipunni, en í hendi hans virðist þessi einfalda svipa vera jafn ógnvekjandi og leiftrandi sverð. Embættismenn musterisins, íhugulir prestar, víxlarar og sölumenn kvikfénaðar flykkjast frá staðnum með sauði sína og uxa og þeir hafa einungis það í huga að komast undan dómfellingu návistar hans“ (DA, bls. 158).

Til umræðu:

- Farið yfir síðustu spurningu mánudagskaflans. Hver er megin munurinn á okkur og heilögum Guði? Hvernig getum við losnað við eitthvað af þeim mun, ef það er mögulegt?
- Hvers vegna er auðveldara í ljósi þess sem við höfum séð þessa viku að sjá hve hættuleg blekking sjálfsréttlæti og sjálfsánægja (einkum með andlegt ásigkomulag) eru?
- Hugsaðu um einhvern sem er „heilagur“ í þínum augum, þ.e.a.s. virðist vera heiðvirður, ærlegur, hreinn o.s.frv., einhver sem er aðskilinn frá flestum öðrum. Hvernig bregst þú við slíkum? Hvernig líður þér í návist slíks einstaklings? Hvers vegna?

Samantekt: Það kann að vera mikið þægilegra að einbeita sér að kærleika Guðs frekar en heilagleika hans en það myndi afbaka sannleikann. Við þurfum að koma í návist sárbiturs heilagleika Guðs þar til við skjálfum fyrir honum. Það er mikilvægt fyrir okkur að skilja heilagleika Guðs sem andstæðu við syndugleika okkar til þess að hjálpa okkur að skilja hvað felst í friðþægingunni, hvers vegna hennar sé svo sárlega þörf og hvers vegna hún kostaði svo mikið.

6. LEXÍA

4. – 10. febrúar

LÖGGJAFINN GUÐ

Hvildardagseftirmiðdagur

Lesefni vikunnar: *Heb 12.21; Róm 7.8-13; Job 24.14, 15; 2Mós 16.4-30; Heb 8.10; 10.16; Róm 13.8-10.*

Minnistexti: „Því að Drottinn er dómari vor, Drottinn er löggjafi vor, Drottinn er konungur vor, hann frelsar oss“ (*Jes 33.22*).

Lýkilhugsun: Lögmál Guðs er óaðskiljanlegur hluti af allri Biblíunni, bæði í Gamla og Nýja testamentinu. Það er einnig tjáning á kærleika hans. Þegar við því elskum sýnum við fram á fyllingu og fegurð lögmáls Guðs.

Sjöunda-dags aðventistar tala oft um að lögmálið sé afrit af lyndiseinkunn Guðs. Ef svo er þá ætti það ekki að vera breytilegt þar sem Guð breytist ekki og lögmálið er afrit lyndiseinkunnar hans. En hvað felst í því að lögmálið sé tjáning á lyndiseinkunn Guðs?

Ímyndaðu þér að þú eigir heima í landi þar sem orð konungsins er lög. (Franskur konungur sagði eitt sinn: „Ríkið, það er ég.“) Ímyndaðu þér að konungurinn gefi út lög sem væru þvingandi, illgjörn, óréttlát, hlutdræg o.s.frv. Væri það ekki góð mynd af hvers konar persóna konungurinn væri? Myndu þau ekki opinbera lyndiseinkunn hans?

Hugsaðu um suma af verstu harðstjórum sögunnar. Hvernig opinberuðu lög þeirra hvers konar persónur þeir voru?

Að þessu leyti opinbera lögin lyndiseinkunn löggjafans. Hvað opinberar lögmál Guðs um hann? Þegar við lítum á lögmál Guðs sem varnarmúr sem var gerður okkar vegna, okkur fyrir bestu, þá skiljum við betur hvernig Guð er.

Þessa viku munum við líta á lögmálið og þá jafnframt löggjafann.

Sunnudagur, 5. febrúar

Lögmálið við Sínaí

Lestu *2Mós 19.18, 19; 20.18; 5Mós 5.22; Heb 12.21*. Hvernig lýsa þeir því þegar lögmálið var gefið við Sínaí? Hvers vegna var það svo ógnvekjandi?

„Þjóð Ísraels var gagntekin af ótta. Hinn mikli máttur orða Guðs virtist meiri en skjálfandi hjörtu þeirra gátu þolað, því að þegar þeim var kynnt hin mikla réttarregla gerðu þeir sér betri grein fyrir svívirðilegu eðli syndarinnar en nokkru sinni fyrr og þeirra eigin sekt í augum heilags Guðs. Og þeir hrökkluðust frá fjallinu í ótta og lotningu” (*PP*, bls. 309, 310).

Það er áhrifamikil lýsing í þessum orðum Ellen White. Þegar lögmálið er borið fram fyrir fólkið gerði það sér betri grein en nokkru sinni fyrr fyrir því hve hræðileg syndin er og þeirra eigin sekt í augum Guðs.

Svo við sjáum að fagnaðarerindið er að finna í lögmálinu allt frá upphafi sáttmálasambands Ísraels við Guð. Lögmálinu var aldrei ætlað að vera frelsunarleið, ekki einu sinni við Sínaí. Þess í stað átti það að sýna fólkinu þörf þess fyrir frelsun. Rétt eftir að lögmálið var gefið fékk lýðurinn fyrirmæli um að reisa helgidóminn sem sýndi þeim frelsunaráformið. Lögmálið átti að benda lýðnum til krossins og þörf fólksins á friðþægingu og endurlausn. Það var því engin furða að fólkið skylfi frammi fyrir lögmálinu því að lögmálið sýndi því hve syndugt og fallið það var.

Lestu *Róm 7.8-13*. Hvernig opinbera þessi vers þennan mikilvæga sannleika? Hvað segir Páll að lögmálið geri? Sjá einnig *Slm 119.6*.

Að vissu leyti er Páll að segja það sama og Ellen White sagði að hafi gerst við Sínaí. Lögmál Guðs er ekki vandamálið; vandamálið eru

syndararnir sem hafa fótum troðið lögmálið eins og við höfum öll gert. Páll er að sýna fram á hvernig lögmálið er óaðskiljanlegt frá fagnaðarerindinu, og það er lögmálið sem sýnir okkur hve syndug og fallin við erum.

Lestu *2Mós 20.1-17*. Skelfur þú frammi fyrir lögmálinu? Sakfellir það þig? Hverjar eru tilfinningar þínar þegar þú lest lögmálið og berð þig saman við það?

Mánudagur, 6. febrúar

Lögmálið fyrir tíma Sínaí

Þegar við, Sjöunda-dags aðventistar, tölum um lögmálið, boðorðin tíu, og Sínaí heyrum við ýmsa halda því fram að boðorðin tíu hafi fyrst verið gefin Gyðingunum við Sínaí. Þess vegna séu þau fyrirkomulag eða stofnun sem tilheyri Gyðingum einum eða Gamla testamentinu en eigi ekki við um okkar tíma.

Það eru auðvitað mörg vandamál við þá kenningu. Stærst þeirra er hvernig syndin gæti hafa verið til fyrir tíma Sínaí þar sem "syndin er lögmálsbrot" (*IJóh 3.4*). Sannleikurinn er sá að *1Mós* gefur ærinn vitnisburð um tilvist lögmáls Guðs löngu fyrir tíma Sínaí.

1Mós 1og 2 lýsa fullkominni sköpun Guðs. Í *1Mós 3* segir frá syndafalli Adams og Evu og í *1Mós 4* finnum við fyrsta morðið. Hvernig vissi Kain að hann væri sekur um að hafa myrt bróður sinn ef ekkert lögmál hefði verið til til að skýrgreina morð sem synd?

Löngu fyrir Sínaí fordæmdi Guð morð í sáttmálanum sem hann gerði við Nóa eftir flóðið (*1Mós 9.6*).

Í *Jobsbók*, elstu bók Biblíunnar, finnum við Guð tvívegis hæla réttlæti Jobs. Hvað sér hann í lyndiseinkunn Jobs? (*Job 1.8; 2.3*). Það er greinilega einhver mælikvarði til varðandi hvað sé rétt og rangt. Job

lifði löngu fyrir brottförina úr Egyptalandi og hann tilheyrði ekki einu sinni sáttmálapjóðinni.¹

Lestu *Job 24.14, 15*. Hvernig hjálpa þessi vers okkur að skilja hvað fólst í þessum staðli varðandi rétt og rangt?

Þegar Abraham laug að Abímelek varðandi Söru ávitaði Guð hann fyrir ósannindi hans. Og þó svo Abímelek væri konungur í Gerar og væri ekki Gyðingur hélt Guð hann jafn ábyrgan varðandi hreinlífi hjónabandsins og við finnum í boðorðunum tíu, og hann krafðist þess að hann skilaði Söru aftur til Abrahams.

Hvaða vitnisburð gaf Guð Ísak um Abraham, föður hans? *IMós 26.4, 5*.

Það sem er athyglisvert í þessum versum að notuð eru 4 mismunandi orð um það sem Abraham hlýddi: tilskipanir, fyrirmæli, boð og kenningar.² Boðorðin tíu voru án efa á meðal þeirra.

Þegar Jakob sneri aftur til Betel til að byggja Drottni altari samkvæmt fyrirmælum Guðs fann hann þörf á vakningu meðal heimilsfólks síns. Hvað fór hann fram á að það gerði? (*IMós 35.2, 3*).

Svo það er augljóst í ljósi þess sem Biblían segir um líf manna fyrir Sínaí að sú hugmynd er fjarstæðukennd að ekkert lögmál hafi verið til fyrr en þá.³

¹Við vitum ekki hverrar þjóðar Job og vinir hans voru eða hvar Úsland var, en nöfn þeirra gefa til kynna að þeir hafi ekki verið Gyðingar (Þýð).

²Það síðastnefnda er fleirtala af hebreska orðinu *tóra*, sem er oftast þýtt *lögmál*. (Þýð.)

³Í *2Mós 34.28; 5Mós 4.13; 9.9, 11, 15* er bent á að boðorðin 10 = sáttmáli Guðs, en kjarni hans er: „Ég er Guð þinn, þú ert (lýður)minn“ (sjá t.d. *5Mós 29.12, 13* og *2Mós 6.5-7*). Þessi sáttmáli er eilífur (sbr *Jes 24.5*). Guð gerði sáttmálann fyrst við Adam (*Hós 6.7* í hebresku: „Þeir rufu sáttmálann eins og Adam . . .“). Á þeim grundvelli hljóta meginreglur boðorðanna að hafa verið mönnum kunn allt frá upphafi. (Þýð.)

Priðjudagur, 7. febrúar

Hvíldardagurinn fyrir tíma Sínaí

Guð opinberar ekki hvernig hann tjáði mannum eilífar meginreglur lögmáls síns fyrir tíma Sínaí en það eru nægar vísbendingar um að boðun lögmálsins á Sínaí var ekki fyrsta sinn sem heimurinn heyrði það.

Margir sem neyðast til að viðurkenna það bæta þá við að það sé einungis hvíldardagsboðorðið sem var fyrst boðað á Sínaí og því eigi það einungis við Gyðingana en hafi ekkert með kristnina að gera.

Hvað er til í þeim rökum?

Lestu *1Mós 2.1-3*. Hvað segir þessi texti okkur um hvíldardaginn fyrir tíma Sínaí?

Fyrstu beinu sönnunina fyrir tilveru hvíldardagsins fyrir tíma Sínaí er að finna í *2Mós 16* þegar Guð sá Ísrael fyrir manna í eyðimörkinni. Þetta 40-ára kraftaverk byrjaði áður en lýðurinn kom til Sínaí.

Lestu *2Mós 16.4-30*, einkum *23. – 30.* versnið. Hvernig sýna þessi vers fram á tilvist 7-dags hvíldardagsins fyrir tíma Sínaí?

Taktu eftir orðum Drottins við Móse í *28. versinu*: „Hve lengi ætlið þið að neita að halda fyrirmæli mín og lög.“ Þau gefa greinilega til kynna að fyrirmæli Guðs og lög voru til fyrir tíma Sínaí, og meðal þeirra var hvíldardagurinn. Svo þrátt fyrir að löggjöfin á Sínaí hafi verið stórfengleg virðast boðorðin tíu ekki hafa verið ný þar.

Hver er reynsla þín af hvíldardeginum? Elskar þú hann, kvíðir þú fyrir komu hans eða ertu á báðum áttum varðandi hann? Hvað gætir þú gert til að hafa dýpri og fyllri reynslu með Drottni fyrir tilstilli hvíldardagsins sem hann hefur gefið þér?

Miðvikudagur, 8. febrúar

Lögmálið og spámennirnir

Tilvera lögmálsins eftir Sínaí er yfirleitt ekkert deilumál. Rit Gamla testamentisins vitna oft til lögmálsins. Þó svo þessir textar fjalli aðallega um brot Ísraels á lögmálinu og refsingarnar sem komu í kjölfarið þá eru aðrir textar sem opinbera þann kærleika og þá virðingu sem margir í Ísrael höfðu fyrir lögmálinu, sem var ekki einskorðað við boðorðin tíu heldur einnig allar reglur og reglugerðir sem Drottinn hafði gefið lýð sínum.

Hvernig lofsyngja þessir textar lögmálið? Hvaða afstaða kemur fram í þeim? *Jes 48.17, 18; Slm 119.69-72; 119.97-103; Jer 31.33.*

Þó svo Ísrael elskaði lögmálið þá litu þeir sem skildu hlutverk þess aldrei á það sem frelsunarleið, andstætt því sem margir telja. Trúarkerfi Hebraea hefur alltaf verið trúarkerfi náðar jafnvel þó ýmsir á meðal þeirra færu út í öfgar: annars vegar að troða blygðunarlaust lögmálið undir fótum eins og gerðist á konungatímabilinu og hins vegar öfgakennd bókstafshlýðni eins og var svo augljós á tíma Jesú.

Hvers vegna elskuðu sumir lögmálið? Ef við skiljum að lögmálið er ekki einungis boðorðin tíu heldur í heild kenningar Gamla testamentisins, einkum Mósebókanna, þá skiljum við að það sem þeir elskuðu var boðskapurinn um frelsun, náð og endurlausn. Þeir elskuðu „sannleikann“ eins og hann birtist þeim og þeir skildu hann best. Þeir elskuðu ekki reglurnar sem slíkar heldur sem leiðbeiningar og meginreglur sem opnuðu þeim aðgang að blessunum og fyrirheitum ef þeir færu eftir þeim því að allt sem Guð hafði gefið þeim var þeim fyrir bestu og velgengni þeirra.

Hefur eitthvað breyst í dag?

Hugsaðu um allt sem Drottinn hefur gefið okkur sem lýð sínum. Hvernig gætum við lifað betur í samræmi við það undursamlega ljós sem okkur hefur hlotnast?

Fimmtudagur, 9. febrúar

Lögmálið í nýja sáttmálanum

Allt frá upphafi voru meginreglur boðorðanna tíu gefnar mannum vegna þess að Drottinn elskaði fólk sitt. Lögmálinu var alltaf ætlað að vera blessun. Ef þú hlýðnast lögmálinu verndar það þig frá eyðileggingu syndarinnar; ef þú óhlýðnast verður þú óhjákvæmilega fyrir afleiðingum afbrota þinna. Enginn þarf guðfræði til að vita af persónulegri reynslu hve sár syndin er og afleiðingar hennar. Við getum líka oft lesið afleiðingar syndarinnar á andlitum þeirra sem hún hefur eyðilagt.

Þó svo ýmsir hlutar Nýja testamentisins—einkum rit Páls—fjalli um þá sem hafa misskilið hlutverk lögmálsins þá eru boð Guðs sett fram á jákvæðan og göfgandi hátt í Nýja testamentinu.

Lestu *Heb 8.10* og *10.16* í samhengi. Hvernig er lögmál Guðs sett fram í þessum textum? Skiptir sumt að því enn máli eða hefur náðin ógilt það?

Við sjáum svo oft einstaklinga sem leitast við að framsetja lögmálið í andstöðu við kærleika og náð Guðs, að lögmálið falli úr gildi ef við bara elskum. Að vissu marki mætti segja að kærleikurinn sé hafinn yfir lögmálið þannig að ef einhver virkilega elskar Guð og aðra þá opinberi það meginreglur lögmálsins. En það er engin afsökun fyrir því að ógilda lögmálið. Kærleikurinn uppfyllir þar á móti lögmálið og kærleikurinn er lögmálið í hreinasta formi sínu.

Líttu á þessa texta. Hvernig hjálpa þeir þér að skilja tengslin milli kærleika og lögmáls? *Róm 13.8-10; Gal 5.14; Jak 2.8; 1Jóh 5.2, 3.*

Hugleiddu sambandið milli lögmáls Guðs og kærleika. Hverjar eru afleiðingar þess að hlýðnast lögmálinu án kærleika? Hvað með kærleika án hlýðni við lögmálið?

Föstudagur, 10. febrúar

Til athugunar: „Hinar tíu heilögu lífsreglur sem Kristur boðaði frá Sínaíffjalli voru opinberun á lyndiseinkunn Guðs og kynnti fyrir heiminum að hann hefði dómsvald yfir öllu mannkyni. Þetta lögmál sem innihélt tíu lífsreglur mesta kærleika sem hægt er að sýna manninum, það lögmál er rödd Guðs sem talar frá himnum til sálarinnar í formi fyrirheits. „Ef þið farið eftir þessu munuð þið ekki falla undir yfirráð Satans.“ Það er ekkert neikvætt í þessu lögmáli þó svo virðist á yfirborðinu. Það segir: „Gerðu þetta, og þú munt lifa“. . . Drottinn hefur gefið heilög boðorð sín til að vera varnarmúr umhverfis skapaðar verur sínar“ (*SD*, bls. 53).

“Í endurlausninni er enga þvingun að finna. Engu ytra afli er beitt. Maðurinn hefur fullt frelsi undir áhrifum anda Guðs til að velja hverjum hann vilji þjóna. Sú breyting sem á sér stað þegar sálin gefur sig Kristi á vald er hæsta stig frelsis. . . . Það er rétt að við erum máttvana að losa okkur undar stjórn Satans, en þegar við óskum að losna úr viðjum syndarinnar og hrópum í örvæntingu okkar eftir mætti sem er æðri okkar eigin er máttur okkar fylltur guðlegri orku heilags anda og þeir fara eftir fyrir mælum viljans að uppfylla vilja Guðs.

Einasta skilyrði þess að manninum sé kleift að vera frjáls er að hann verði eitt með Kristi. „Sannleikurinn mun gera yður frjálsa“ og Kristur er sannleikurinn. . . . Þegar við beygjum okkur undir vilja Guðs endurreisum við okkur sjálf og öðlumst sanna dýrd og virðingu þess að vera maður. Hið guðdómlega lögmál sem við beygjum okkur undir er lögmál frelsisins“ (*DA*, bls. 466).

Til umræðu:

- Ræðið svör ykkar við spurningunni um lögmál og kærleika í fimmtudagskaflanum. Hvernig er löghlýðni án kærleika? Hvernig kemur hún oft fram? Hvernig er kærleikur án löghlýðni? Hvers konar kærleikur er það, ef það getur talist kærleikur? Hvers vegna verða þessir tveir þættir að vera samtengdir?

- Á hvern hátt opinberar lögmálið lyndiseinkunn löggjafans? Hvernig opinberar lögmál Guðs hvernig Guð er?
- Hvað á Ellen White við þegar hún segir að lögmálið sé lögmál frelsisins? Hvernig getur löghlýðni verið frelsi?
- Hvaða dæmi sjáum við allt umhverfis okkur um hvað gerist þegar fólk brýtur lögmál Guðs? Hvernig vitna þau dæmi um eilíft gildi lögmálsins?

Samantekt: Lögmál Guðs er tjáning á kærleika hans og þegar við elskum eins og Guð elskar okkur munum við opinbera lögmálið í allri sinni fegurð og mætti.

7. LEXÍA

11. – 17. febrúar

DROTTINN HVÍLDARDAGSINS

Hvíldardagseftirmiðdagur

Lesefni vikunnar: 1Mós 2.1-3; 2Mós 20.8-12; 5Mós 5.12-15; Matt 12.1-13; Jóh 9; 19.30.

Minnistexti: „Hvíldardagurinn varð til mannsins vegna og eigi maðurinn vegna hvíldardagsins. Því er Mannssonurinn einnig Drottinn hvíldardagsins“ (*Mrk 2. 27, 28*).

Lykilhugsun: Sjöunda dags hvíldardagurinn bendir okkur á allan hátt til Jesú, skapara okkar og lausnara.

„Í upphafi var Orðið og Orðið var hjá Guði og Orðið var Guð. Hann var í upphafi hjá Guði. allt varð til fyrir hann, án hans varð ekki neitt sem til er. Í honum var líf og lífið var ljós mannanna. Ljósið skín í myrkrinu og myrkrið tók ekki á móti því. Maður kom fram, sendur af Guði. Hann hét Jóhannes. Hann kom til vitnisburðar, að vitna um ljósið og vekja alla til trúar á það. Ekki var hann ljósið, hann kom til að vitna um ljósið. Hið sanna ljós, sem upplýsir hvern mann, kom nú í heiminn. Hann var í heiminum og heimurinn var orðinn til fyrir hann en heimurinn þekkti hann ekki. Hann kom til eignar sinnar en hans eigið fólk tók ekki við honum. En öllum þeim sem tóku við honum gaf hann rétt til að verða Guðs börn, þeim sem trúa á nafn hans. Þau urðu ekki til á náttúrulegan hátt né af vilja manns heldur eru þau af Guði fædd“ (*Jóh 1.1-13*).

Þessi vers benda auðvitað til Jesú, hans sem gerði alla hluti og færir frelsun þeim sem trúa á nafn hans. Þ.e.a.s. Jesús sem skapari og lausnari. Og Biblían sýnir okkur að báða þessa mikilvægu þætti sé að finna í hvíldardagsboðorðinu.

Sunnudagur, 12. febrúar

Hvöldardagurinn í 1. Mósebók

Einn af rótgrónustu sannleikskjörnum Biblíunnar er sá að sjöundi dagurinn var aðgreindur frá öðrum dögum vikunnar og helgaður í Eden, í fullkomnum heimi sem hinn fullkomni Guð skapaði. Svo langt aftur getum við rakið hvöldardagshelgi sjöunda dagsins. Frá sjónarhóli heimsins getum við ekki farið mikið lengra aftur í tímann, svo við eigum hér við sannleika sem er eitt mesta grundvallaratriði Biblíunnar.

Hvað fernt er sagt að Guð hafi gert þegar hann „skapaði“ hvöldardaginn í *IMós 2.1-3*?

Guð skapaði dag og hvöldist á þeim degi, hann blessaði sjöunda daginn og helgaði hann, þ.e.a.s. hann setti hann til hliðar til heilagrar notkunar. Það vekur athygli að Guð sjálfur „hvöldist“ sjöunda daginn. Hvað sem felst í því sýnir það hve alvarlegum augum við þurfum að líta þann dag því að Guð sjálfur hvöldist þá.

Í *IMós 2.3* er okkur líka sagt að skaparinn hafi blessað sjöunda daginn eins og hann hafði blessað dýrin og manninn daginn áður (*IMós 1.22, 28*). Guð vitnar í þessa blessun hvöldardagsins í fjórða boðorðinu og tengir þannig hvöldardag sköpunarvikunnar vikulegum hvöldardegi okkar.

Taktu eftir hve oft orðasambandið „sjöundi dagurinn“ er endurtekið í *IMós 2.1-3*? Hvers vegna kynni það að vera mikilvægt?

Sjöundi dagurinn er nefndur þrisvar í þessum versum. Það dregur athyglina að sérstæðu eðli hvöldardagshelgi sjöunda dagsins og aðgreinir hann bersýnilega frá öðrum dögum vikunnar. Það ætti alltaf að minna okkur á að Guð gerði ekki fyrsta daginn sérstakan eða nokkurn annan dag. Sérstök blessun hans hvöldi yfir sjöunda deginum einum.

Guð lauk sköpunarverki sínu með því að skapa sjöunda daginn. Hann tók sjö daga tímabil og gerði það að viku. Viku-kerfið er síðan við líði í allri ritningunni og niður í gegnum sögu mannsins. Þannig sýnir Guð yfirgnæfandi mátt sinn ekki aðeins yfir geimnum og því sem honum tilheyrir heldur einnig yfir tímanum. Ekkert okkar hefur stjórn á klukkustund, ekki einu sinni einni mínútu tímans. Tíminn líður þrotlaust áfram án allra áhrifa frá okkur. Það er því mikilvægt að við lærum að treysta Drottni fyrir þeim stutta tíma sem við höfum hér á jörðunni.

Hugleiddu hvernig tíminn líður, augnablik eftir augnablik, dag eftir dag, ár eftir ár. Þó svo við höfum enga stjórn á tímanum sem slíkum þá getum við að nokkru marki haft stjórn á því hvernig við notum hann. Hve vel notar þú tíma þinn? Hvað tekur upp tíma þinn? Hvernig gætir þú notað betur þann örlitla tíma sem þú hefur hér til umráða?

Mánudagur, 13. febrúar

Hvildardagurinn í 2. Mósebók

Lestu *2Mós 20.8-11*. Hvað segir Drottinn okkur að gera og hvers vegna?

Allt heimilisfólkið, þ.á.m. þjónustufólk, vinnuhjú og verkstjóri, á að hvílast saman. Hvildardagurinn er mikill „jafnari“ sem leysir öll félagsleg höft. Allir menn eru jafnir fyrir Guði og hvildardagurinn opinberar þann mikilvæga sannleika á einstæðan hátt, einkum í heimi sem er svo fullur af stéttaskiptingu þar sem ýmsir hópar eru annað hvort ofar eða neðar settir en aðrir.

Þetta boðorð er líka vel uppbyggt bókmenntalega:

- A. Inngangur: „Minnstu þess að halda hvildardaginn heilagan.“
- B. Fyrirskipun: „Þú skalt vinna sex daga og sinna öllum verkum þínum.“

C. Ástæða: „Sjöundi dagurinn er hvíldardagur Drottins, Guðs þíns.“

B₁. Fyrirskipun: „Þá skaltu ekkert verk vinna, hvorki þú sjálfur né sonur þinn eða . . .“

C₁. Ástæða: „Því að á sex dögum gerði Drottinn himin og jörð, hafið og . . . en hvíldist . . .“

D. Niðurstaða: „Þess vegna blessaði Drottinn hvíldardaginn og helgaði hann.“

(A) inniheldur opnaryfirlýsingu, meginreglu hvíldardagsboðorðsins í heild.

(B) framsetur jákvæð fyriræli um að starfa sex (virku) dagana.

(B₁) setur fram hliðstæð neikvæð fyriræli um að halda sig frá verkum á hvíldardeginum. Þau eiga einnig við um alla fjölskylduna. Jafnvel húsdýrin og gestir heimilisins eru innifalin í þeim.

(C) og (C₁) gefa ástæðuna fyrir þessum fyrirælum.

Sú fyrri staðfestir tímunn: sjöundi dagurinn er hvíldardagur.

Sú síðari gefur formlega ástæðu—„því að“. Hún nefnir sex vinnudaga Drottins og hvíld hans á þeim sjöunda og tengir það þannig fyrsta hvíldardegi sköpunarvikkunnar.

(D) byrjar með „þess vegna“ og setur fram niðurstöðuna. Lokaorð boðorðsins—„helgaði hann“—eru hliðstæð hvatningu meginreglunnar í innganginum—„halda . . . heilagan“—sem tengjast þeirri helgi sem Guð fyllti hvíldardaginn með í *1Mós 2.3*.

Þriðjudagur, 14. febrúar

Hvíldardagurinn í 5. Mósebók

Þó svo Sjöunda-dags adventistar kannist best við hvíldardagsboðorðið í *2Mós* þá er það endurtekið (ásamt hinum boðorðunum) í *5Mós*. Það sem er athyglisvert er að þó svo bæði boðorðin sé svipuð þá er orðalag

þeirra ekki alveg eins. Auk þess er önnur ástæða gefin í *5Mós* sem er ekki nefnd í *2Mós*.

Lestu *5Mós 5.12-15* og berðu það saman við *2Mós 20.8-11*. Hvað er sameiginlegt með þeim og frábrugðið. Hvers vegna er þessi mismunur mikilvægur?

Þó svo margt sé þeim sameiginlegt er nýr þáttur og áhersla í *5Mós*. Bæði tala um að þjónustulið eigi að hvílast á hvíldardeginum, en *5Mós* leggur aukaáherslu á það með því að segja að „þræll þinn og ambátt eiga að hvílast *eins og þú*“ (*5Mós 5.14*). Þetta er í samræmi við það sem áður er sagt hvernig hvíldardagurinn færir húsbónda og þjóna á sama plan, báðir eiga að hvílast sama daginn. Hvíldardagurinn veitti þjónustuliði að nokkru leyti vernd frá húsbændum sínum sem kynnu að láta það vinna stanslaust. Þessi vernd var innifalin í boðorðið sem átti rætur að rekja til sköpunarinnar.

Þetta reisir athyglisverða spurningu. Þegar hvíldardagurinn var fyrst settur á stofn átti hann að vera til minningar um sköpunina í óföllum heimi. Hann hafði ekkert með þjónustulið að gera og svo sannarlega ekkert með þrælshald í Egyptalandi, sem í sjálfu sér er táknmynd um ok syndarinnar og frelsun undan því oki. Þessum nýja þætti var bætt við eftir syndafallið, þ.e.a.s. upphaflegu fyrirmælunum var breytt til að innifela eitthvað sem var þar ekki í upphafi.

Þannig var hvíldardagurinn upphaflega tákn um sköpunina, eftir tilkomu syndarinnar varð hann tákn um bæði sköpun og endurlausn, sem í sjálfu sér er mynd af endursköpun (*2Kor 5.17; Gal 6.15; Opb 21.1*). Sköpun og endurlausn eru nátengd í Biblíunni; einungis skaparinn Guð gat verið endurlausnarinn Guð og við finnum hvort tveggja í Jesú (*Jóh 1.1-14*). Báðar útgáfur boðorðsins sýna að hvíldardagshelgi sjöunda dagsins er tákn um starf Jesú, skapara okkar og lausnara.

Hugleiddu fjötrana sem Kristur hefur heitið að leysa þig úr. Hvaða fyrirheit um frelsi hefur þú í Jesú? Hvernig getur þú lært að gera tilkall

til þeirra og leyfa síðan Drottni að gera þau að raunveruleika í lífi þínu?

Miðvikudagur, 15. febrúar

Jesús og hvíldardagurinn (fyrri hluti)

Bækur hafa verið ritaðar, og eru enn skrifaðar, í þeim tilgangi að sýna fram á að þegar Jesús var hér sem maður hafi hann beint athygli fólkinu burt frá hvíldardagshelgi sjöunda dagsins og að tilbeiðslu á sunnudegi eða þeirri hugmynd sem er enn útbreiddari í dag að almenn hvíld í Kristi hafi komið í staðinn fyrir sjöunda daginn.

Hvorug þessara hugmynda virðist hafa neinn hljómgrunn í frásögnum guðspjallanna um Jesú og hvíldardaginn. Auk augljóss tilefnis þessara bóka—þörf á að réttlæta hvers vegna mikill meiri hluti kristinnar hefur hafnað hvíldardagshelgi sjöunda dagsins í 17–18 aldir—þá færa þær þau rök að lækningar Krists á hvíldardögum boði endalok þess boðorðs.

Hvað með þessi rök? Þegar við lítum á það sem Jesús gerði á hvíldardeginum sýnir það hið andstæða við það sem þessir guðfræðingar eru að reyna að lesa út úr þessum atburðum.

Lestu vandlega *Matt 12.1-13.* og beindu athyglinni sérstaklega að lækningunni á hvíldardeginum. Spyrðu sjálfa(n) þig þessarar spurningar: Í hvaða samhengi átti þessi lækning sér stað, hvers vegna ætli Jesús hafi framkvæmt hana einmitt á þeim degi, og hvað er meginmálið sem hann er að leggja áherslu á?

Ef til vill er skýringuna best að finna í *7. versinu*. Það sem máli skipti voru einstaklingarnir og að sýna öðrum miskunn, vinsemd og kærleika. Ef við höldum hvíldardaginn réttilega höfum við meira tækifæri til að sýna þeim vinsemd og miskunn sem eru þurfsandi en við höfum aðra daga þegar við verðum að vinna fyrir okkur. Vandamálið var að hvíldardagurinn var orðinn byrði með mikið af reglum og reglugerðum

sem menn höfðu sett og þær voru orðnar takmark í sjálfum sér fremur en leið að markinu sem er kærleiki til Guðs og annarra. Biblían segir að kærleikurinn sé uppfylling lögmálsins og við verðum að hafna öllu sem snýr lögmálinu þannig að það ógildi kærleikann eða vinni gegn kærleikanum. Hvíldardagurinn var orðinn lögmál án kærleika sem er það sama og bókstafshlýðni. Það var þetta sem Jesús átti í höggi við þegar hann læknaði á hvíldardeginum.

Það má sjá hörku trúarstofnunarinnar þegar Jesús læknaði manninn sem hafði verið blindur frá fæðingu (*Jóh 9*). Líttu vandlega á *16. versioð*. Þar sérðu lögmál án kærleika!

Ef Jesús var að nota lækningar sínar á hvíldardögum til að beina athygli fólksins frá bókstaflegri hvíldardagshelgi sjöunda dagsins þá var það vissulega undarleg leið.

Á hvern annan hátt er hægt að framsetja lögmálið án kærleika? Ert þú ef til vill sek(ur) um það sama?

Fimmtudagur, 16. febrúar

Jesús og hvíldardagurinn (síðari hluti)

„Það er fullkomnað“ (*Jóh 19.30*).

Með kraftavekum sínum á hvíldardögum sýndi Jesús hvað hvíldardagurinn er í rauninni um. Hann er dagur lækningar og endurnýjunar. Jesús ætlaðist til að hvíldardagurinn drægi athyglina að sköpunarmætti Guðs. Þess vegna notaði hann hvíldardaginn til að leysa bandingja (*Lúk 4.31-37*), láta halta ganga (*Lúk 13.10-17; Jóh 5.1-9*), og gefa blindum sýn (*Jóh 9*).

Fyrir Jesú hafði hvíldardagurinn meira með fólk að gera en reglur. Það er án efa að einhverju leyti ástæðan fyrir því að hann sagði að hvíldardagurinn hefði verið gerður mannsins vegna en ekki maðurinn

vegna hvíldardagsins. En eins og við sáum fyrr í vikunni vernduðu reglurnar fólkið ef það fór eftir þeim.

Jesús staðfesti ekki einungis gildi og mikilvægi þess að hvílast á hvíldardeginum meðan hann var lifandi heldur gerði hann það einnig í dauða sínum. Lestu *Matt 27.57 -28.1; Mrk 15.42 – 16.1; Lúk 23.52 – 24.1* og *Jóh 19.31 – 20.1*. Hvað hafa allir þessir textar sameiginlegt? Hvað segir það okkur um hvíldardaginn, einkum það hvort hann sé enn í gildi eða ekki?

Hvað gerði Jesús eftir að hann hrópaði: „Það er fullkomnað“ (*Jóh 19.30*), þ.e.a.s. þegar hann hafði lokið þeim hluta frelsunaráformsins sem átti sér stað hér á jörðu?

Hann hvíldist sjöunda daginn? Kemur það okkur á óvart? Hvar heyrðum við eitthvað svipað? Sjá *IMós 2.1-3*. Þegar Guð hafði lokið sköpunarverkinu hvíldist hann sjöunda daginn. Þegar hann nú hafði lokið jarðnesku endurlausnarstarfi sínu gerði hann það sama.

Í ljósi fullyrðinga sumra að Jesús hafi beint manningnum frá hvíldardagshelgi sjöunda dagsins þá er fordæmi hans með að hvílast í gröfinni sjöunda daginn undarleg leið til að sýna fram á það. Það er reyndar erfitt að fylgja röksemdafærslu þeirra sem trúu því að hvíldardagsboðorðið hafi verið afnumið eftir krossinn þegar við hugsum til þess að Jesús innsiglaði nýja sáttmálann með dauða sínum og nýi sáttmálinn á að skipa æðri sess en hvíldardagurinn. Ef hvíldardagurinn hefði verið afnuminn hvers vegna skyldi þá það fyrsta sem Jesús gerði eftir krossinn vera að hvílast á hvíldardeginum?

Þannig sýndi Jesús bæði í lífi sínu og dauða að mikilvægi og gildi hvíldardagsins héldi áfram.

Föstudagur, 17. febrúar

Til athugunar: „Ætti Guð að banna sólinni að sinna skylduverkum sínum á hvíldardeginum með því að loka fyrir geisla sína sem verma

jörðina og næra gróðurinn? Ætti allt alheimskerfið að staðnæmast á þeim helga degi? Ætti hann að fyrirskipa lækjum að hætta að vökva engi og skóga og bjóða öldum hafsins að hætta stöðugu flóði og fjöru? Ætti hveiti og maís að hætta að vaxa og blómaklasar að fresta blómgun sinni? Ættu tré og blóm að hætta við að framleiða blómhnappa og blóm á hvíldardeginum?

Ef svo væri myndi maðurinn missa af ávexti jarðarinnar og þeim blessunum sem gera lífið eftirsóknarvert. Náttúran verður að halda áfram óþreytandi skeiði sínu. Guð gæti ekki dregið að sér hendina eitt augnablik því þá myndi maðurinn hníga niður og deyja. Maðurinn hefur einnig störf að sinna þann dag. Hann verður að sinna lífsnauðsynjum, annast sjúka og sjá fyrir þörfum þeirra sem eru þurfsandi. Hann telst ekki saklaus ef hann vanrækir að lina þjáningar á hvíldardeginum. Hinn heilagi dagur hvíldar var gerður mannsins vegna og miskunnarverk eru í samræmi við þann ásetning. Guð vill ekki að það sem hann hefur skapað líði þjáningar eina stund sem mætti lina á hvíldardeginum eða nokkrum öðrum degi“ (DA, bls. 206, 207).

Til umræðu:

- Það er auðvelt þegar við lítum tilbaka að hæðast að hörku og kulda þessara trúarleiðtoga sem ásökuðu Jesú fyrir lækningar hans á hvíldardegi. Þeir verða vissulega dæmdir fyrir athafnir sínar. En reyndu að setja þig í spor þeirra. Hvíldardagsreglurnar höfðu verið til svo lengi að leiðtogarnir litu næstum á þær sem kjarna hvíldardagshelgihaldsins. Því var það að þeir töldu að Jesús væri að brjóta hvíldardaginn. Hvernig yrði okkur við ef einhver kæmi í dag og teldi sig færa ljós og sannleika og gerði jafnvel kraftaverk en traðkaði niður fjórða boðorðið að okkar mati? Hvernig myndum við bregðast við? Hvað getum við lært af þessu um að halda sannleikanum aðskildum frá erfðavenjum, og hvers vegna er það ekki alltaf svo auðvelt?
- Hugleiddu nánar þá hugmynd að Guð hvíldist að loknu sköpunarverki sínu og endurlausnarstarfi sínu. Hvernig ber okkur að skilja þá undraverðu staðreynd?

- Settu þig í spor þeirra sem telja að kraftaverk Jesú á hvíldardeginum sýni að hann væri að afnema hann. Berðu saman það sem Biblían segir að hann hafi sagt og gert og það sem þú telur að hann hafi verið að gera ef hann væri í rauninni að gera þessa breytingu. Hvað myndir þú gera öðruvísi í hans sporum?

Samantekt: Biblían sýnir að Drottinn er Drottinn hvíldardagshelgi sjöunda dagsins sem er grundvallartákn um hann sem skapara og lausnara.

8. LEXÍA

18. – 24. febrúar

UMHYGGJA FYRIR SKÖPUNARVERKINU

Hvildardagseftirmiðdagur

Lesefni vikunnar: *Róm 1.25; 2Pét 3.10-14; IMós 2.15; Neh 13.16-19; Heb 1.3; Slm 100; IMós 1.26-28.*

Minnistexti: Þá tók Drottinn manninn og setti hann í aldingarðinn Eden til að yrkja hann og gæta hans“ (*IMós 2.15*).

Lykilhugsun: Hvernig ættu hinir kristnu að umgangast umhverfi sitt?

Hvernig ættum við sem aðventistar að hugsa um umhverfið, einkum í ljósi þess að jörðin er spillt og mun vera það áfram allt til þess tíma að hún verður eyðilögð í eldhafi endalokanna: þá munu „frumefnin sundurleysast í brennandi hita og þau verk, sem á henni eru, upp brenna“ (*2Pét 3.10*). Auk þess höfum við fyrirmælin um að maðurinn skuli „drottna yfir fiskum sjávarins, fuglum loftsins, búfénu, villidýrunum og allri jörðinni og öllum skriðdýrum sem skríða á jörðinni“ (*IMós 1.26*). Í ljósi þessara tveggja yfirlýsinga eigum við oft erfitt með að vita hvernig við ættum að snúa okkur varðandi umhverfismál.

En sem ráðsmenn yfir öllum gjöfum Guðs ber okkur þá ekki að hugsa um jörðina í ljósi þess að Guð skapaði hana og lýsti því yfir að hún væri „mjög góð“? Ættum við sem söfnuður ekki að hafa eitthvað að segja um það hvernig við förum með sköpunarverk Guðs þar sem við höfum sérstakan boðskap um Guð sem skapara (*Opb 14.6, 7*).

Þessa viku munum við kanna hvað Biblían hefur að segja um sum af þessum málum.

Sunnudagur, 19. febrúar

Hreyfingin um humarfrelsi!

Fyrir mörgum árum kom áhugamaður um umhverfismál inn á veitingahús. Þar blasti við honum stórt fiskabúr sem í voru 5-6 humrar sem myndi sennilega ekki lifa kvöldið af. Viðskiptavinir komu inn og bentu á þann humar sem þeir vildu fá og skömmu síðar voru þeir humrar á diskum þeirra ásamt kartöflu sem hafði verið dýft í ostsósu.

Hann læddist að búrinu með poka í hendinni, stakk hendinni niður í búrið, greip fyrsta humarinn sem hann náði í, stakk honum í pokann og hljóp út. Hann setti humarinn í búr í bíl sínum og ók niður að ströndinni þar sem steig um borð í þyrlu sem fór með hann út yfir hafið þar sem hann sleppti humrinum.

Þessi maður var ekki einn á báti. Þú getur farið inn á vefsíðu sem kallast „Humarfrelsi“ sem segir frá hvernig hægt sé að frelsa humar frá því að vera etinn af mönnum. Hún hefur jafnvel þátt sem kallast „Ábending hvernig má sleppa humri“ sem segir frá hvað þú eigir að gera eftir að þú hefur frelsað hann úr veitingahúsinu.

Öðru sinni helgaði amerísk leikkona heilum þætti í sápuóperu því að smygla humri út úr veitingahúsum og sleppa þeim í hafið.

Það er eitt að vernda umhverfið og annað að stela humri úr veitingahúsi og fara með hann í þyrlu á haf út. Það virðist nokkuð langt gengið, er það ekki?

Það opnar spurninguna um hvernig aðvent-kristnir menn og konur eigi að snúa sér varðandi umhverfismál. Svo við sleppum lausnarmönnum humarsins, hvernig eigum við að snúa okkur varðandi umhverfismál? Jesús er brátt að koma og allur boðskapur okkar snýst um að heimurinn sé á heljarþröm, hann sé spilltur og muni því ekki endast lengi. Í ljósi þess hvernig við skiljum endurkomuna hve miklar áhyggjur ættum við að hafa af jörðinni sem slíkri?

Lestu *2Pét 3.10-14; Jes 51.6; 65.17* og *Opb 21.1*. Hvað kennir Biblían greinilega varðandi örlög jarðarinnar? Hvernig ætti það að hafa áhrif á hvernig við lítum umhverfið? Ætti það að hafa einhver áhrif?

Biblían er ótvíræð: Þessi heimur er ekki varanlegur. Guð mun eyða honum, en hann lofar einnig að hann muni endurgera heiminn, skapa hann að nýju og gera nýjan himin og nýja jörð. Þó svo það réttlæti varla að við misnotum eða arðrænum umhverfi okkar ætti það jafnframt að hjálpa okkur að gera ekki jörðina eða umhverfið að guði eins og sumir hafa gert. Við kunnum að hlægja að þeim sem fara út í öfgar en við verðum að gæta okkar að lenda ekki í sömu öfgum sjálf.

Lestu *Róm 1.25*. Hvaða mikilvæga boðskap ættum við að finna varðandi það hvernig við sýnum umhyggju fyrir sköpunarverkinu?

Mánudagur, 20. febrúar

Yfirlýsing um umhyggju fyrir náttúrunni

Hvernig líta þá aðventistar á umhverfismálin? Hvernig tökum við þátt í þeim og höldum samt málunum í jafnvægi? Stjórn kirkjunnar gaf út eftirfarandi yfirlýsingu árið 1995.

„Sjöunda-dags aðventistar trúá því að maðurinn hafi verið skapaður í Guðs mynd og sé því fulltrúi Guðs og sem slíkur eigi hann að vera dyggur og happadrygður ráðsmaður yfir umhverfinu.

Því miður hafa spilling og arðrán smeygt sér inn í þetta ábyrgðarstarf mannsins. Menn og konur hafa í sívaxandi mæli átt þátt í mikilmennskulegri eyðileggingu á auðlindum jarðarinnar og það hefur leitt til útbreiddra þjáninga, ólestri umhverfismála og ógn um veðurfarsbreytingar. Vísindalegar rannsóknir verða að halda áfram en á meðan virðast vísbendingar benda til aukinnar losunar skaðlegra lofttegunda, eyðingu ósonlags sem verndar jörðina, gífurlegrar eyðileggingar skóga Ameríku og svokallaðra gróðurhúsaáhrifa sem ógna öll vistkerfi jarðarinnar.

Þessi vandamál eiga að miklu leyti rætur að rekja til eigingirni mannsins og eltingarleiks hans að fá sífellt meira með síaukinni framleiðslu, takmarkalausrar neyslu og eyðingu orkugjafa sem ekki er hægt að endurnýja. Vistkreppan á rætur að rekja til græðgi mannsins og þess að hann neitar að iðka dygga ráðsmennsku yfir sköpunarverkinu sem Guð hefur falið þeim.

Sjöunda-dags aðventistar mæla með einföldu, heilbrigðu líferni sem kemur í veg fyrir að fólk stígi á stigmyllu takmarkalauss neyslulífs, hamsturs og framleiðslu úrgangs. Við viljum bera virðingu fyrir sköpunarverkinu, sýna hófsemi í notkun auðlinda heimsins, endurmeta þarfir okkar og ítreka virðingu fyrir því sem skapað hefur verið.“ (Yfirlýsing aðalsamtakanna, 29. júní – 8. júlí, 1995).

Lítu á þessa texta. Hvernig hjálpa þeir okkur að skilja betur rökin fyrir þessari yfirlýsingu? *IMós 1.1, 26; 9.7; Slm 24.1; 100; Jak 5.1, 2, 4, 5; Heb 1.3.*

Sem kristnir einstaklingar sem trúa því að þessi jörð og auðlindir hennar séu gjöf frá Guði ættum við að vera í fararbroddi þeirra sem leitast við að varðveita hana. Ef við tryðum því að jörðin hafi orðið til af tilviljun, afleiðing kaldra, skeytingarlausra afla þá gætum við réttlætt það að arðræna hana í eiginhagsmunaskyni. En þegar við skiljum að Guð hafi skapað heiminn og að hann viðheldur henni þá er erfitt að réttlæta það að vera ekki dyggir ráðsmenn yfir henni.

Hvernig kynni eigingirni okkar að hafa áhrif á það hvernig við umgöngumst umhverfi okkar? Hvað er rangt við afstöðu þeirra sem segja: „Ég er aðeins ein persóna, svo hvaða máli skiptir hvað ég geri?“

Þriðjudagur, 21. febrúar

Umönnun fyrir sköpunarverkinu

Biblían fjallar ekki beint um umhverfið og vernd þess. En það eru fjöldamörg mál sem hún fjallar ekki um. En hvað eftir annað gefur

hún okkur meginreglur sem okkur ber að beita á öllum sviðum lífsins, þ.á. m. varðandi umhverfið.

Líttu t.d. á *Matt 22.37-40*. Hvaða áhrif gætu þessar meginreglur haft á afstöðu okkar til umhverfismála, einkum þegar misnotkun umhverfisins gæti haft skaðlegar afleiðingar fyrir aðra?

Í Biblíunni finnum við snemma vísbendingu um að manningnum sé ætlað að vera ráðsmaður yfir því sem Guð hafði gefið Adam. Þó svo þetta sé sagt í ákveðnu samhengi er engin ástæða til þess að meginreglan gildi ekki áfram.

Í *1Mós 2.15* lesum við: „Þá tók Drottinn manningnum og setti hann í aldingarðinn Eden til að yrkja hann og gæta hans.“ Hvernig á maðurinn að umgangast jörðina samkvæmt þessum texta?

Taktu eftir gagnkvæmum samskiptum hérna. Guð skapaði þetta fagra umhverfi fyrir manningnum og færði honum það sem gjöf. En taktu jafnframt eftir hvernig Adam átti að umgangast það. Hann átti að yrkja það og gæta þess. Þannig sjáum við að Adam var ætlað að vera ráðsmaður yfir umhverfi sínu allt frá upphafi, jafnvel í syndlausum heimi. Guð sagði honum ekki að arðræna það, nota það í eigingjörnum tilgangi eða fá eins mikið út úr því og mögulegt væri. Í stað þess var honum sagt að yrkja það og gæta þess.

Hvers vegna ættum við halda að þessari meginregla hafi verið breytt? Ef Adam var ætlað að gera þetta áður en syndin kom inn í heiminn er þá ekki enn mikilvægara að vera góðir ráðsmenn eftir að syndin hefur skemmt það?

Hve ljós eru umhverfismálin þér? Hve miklu máli skipta þau í þínum huga? Hve mikilvæg eru þau fyrir þig?

Miðvikudagur, 22. febrúar

Hvíldardagurinn og umhverfið

„Dánarheimar og undirdjúpin er óseðjandi, svo eru og augu mannsins óseðjandi“ (*Okv 27.20*). Hvaða áhrif hefur sannleikur þessara orða á spurninguna um vernd sköpunarverksins og þá hættu sem arðrán okkar hefur fyrir umhverfið?

Eins og fram kom í yfirlýsingu sunnudagskaflans á hluti umhverfisvandans rætur að rekja til „eigingirni mannsins og eltingarleiks hans við að fá sífellt meira með síaukinni framleiðslu, takmarkalausrar neyslu og eyðingu orkugjafa sem ekki er hægt að endurnýja.“ Með öðrum orðum vill maðurinn alltaf meira og meira og einasti staðurinn til að leita þess er jörðin. Vandamálið er þó ekki notkun náttúruauðlinda heldur hitt að engu máli virðist skipta hve mikið maðurinn fær það er aldrei nóg. Hvenær hefur þú heyrt einhvern segja að hann eða hún hafi næga peninga, óháð því hve rík/ur hann/hún kann að vera?

Mitt í þessu kapphlaupi hefur Guð fært mannum gjöf hvíldardagsins.

Lítu á þessa texta um hvíldardaginn. Þó svo við hugsum yfirleitt um þá í öðru samhengi reyndu að hugsa um þá í tengslum við það hvernig helgihald hvíldardagsins gæti verulega verið til bóta fyrir umhverfið þar sem okkur er boðið að hvílast frá störfum okkar, hvílast frá því að keppast við að græða eða gera viðskipti. *2Mós 20.8-11; Neh 13.16-19.*

Hvíldardagurinn er vissulega til minningar um að Guð skapaði heiminn. Það í sjálfu sér ætti að vekja okkur til umhugsunar um hvernig við förum með heiminn. En hvíldardagurinn er einnig um að hvílast frá því að eltast við að þéna peninga. Þegar við höldum hvíldardaginn, einsetjum okkur að taka undantekningarlaust einn sjöunda hluta tíma okkar frá og eltumst ekki við auð, peninga eða eignir erum við ekki einungis minnt á það vikulega að lífið sé ekki einungis um að þéna peninga heldur eigum við líka að halda okkur frá öllu því sem skaðar jörðina ef við gerum of mikið af því.

Hvernig hefur helgihald hvíldardagsins hjálpað þér að standa gegn eigin græðgi og löngun í meira? Hve oft hefur peningalöngun tælt þig til að brjóta hvíldardaginn?

Fimmtudagur, 23. febrúar

Yfírráð mannsins

„Þá sagði Guð: „Vér viljum gera manninn eftir vorri mynd, líka oss. Hann skal drottna yfir fiskum sjávarins, fuglum loftsins, búfénu, villidýrunum og allri jörðinni og öllum skriðdýrum sem skriða á jörðinni. . . . Og Guð blessaði þau. Og Guð sagði við þau: „Verið frjósöm, fjölgið ykkur og fyllið jörðina, gerið ykkur hana undirgefna og ríkið yfir fiskum sjávarins og fuglum himinsins og öllum dýrum sem hrærast á jörðinni““ (IMós 1.26, 28).

Þessi tvö vers setja fram eina fyrstu yfirlýsinguna um hvernig maðurinn eigi að umgangast sköpunarverkið. Lestu þau af gaumgæfni og í bænaranda og hugsaðu um þau í tengslum við hvernig annast eigi um sköpunarverkið og umhverfismál og svaraðu síðan þessum spurningum.

1. Hve umfangsmikil áttu yfírráð mannsins að vera?
2. Hvað felst í því að gera jörðina sér undirgefna og hafa yfírráð yfir henni og öllu á henni? Er eitthvað í þessum textum sem gefur mannum heimild til að misnota hana og spilla henni?
3. Manninum var sagt að „fylla jörðina.“ Hvernig ætti að skilja það í tengslum við hvernig hann eigi að umgangast hana?

Það er engin spurning að maðurinn átti að ríkja yfir jörðinni, a.m.k.undir yfirstjórn Drottins. Sú staðreynd að þetta var sett upp í óföllum heimi, heimi án syndar, dauða og þjáninga, ætti að kenna okkur að hvað sem yfírráð heimsins fela í sér eiga þau ekki við arðrán eða gripdeild því hvorugt þeirra átti sér stað í heimi án syndar. Svo, hvað sem yfírráð jarðarinnar fólu í sér og það að gera hana sér undirgefna þá fól það alls ekki í sér að eyða hana.

Auðvitað hefur margt breyst síðan þá: syndafallið, syndaflóðið, bölvun jarðarinnar (*IMós 3.17-19*) og sú almenna hnignun sem syndin orsakaði. Samt er erfitt að benda á nokkuð í þessum textum sem réttlætir rán og eyðingu jarðarinnar. Í stað þess sjáum við ábyrgð mannsins sem stjórnanda heimsins að gæta hennar vegna þess að Guð skapaði hana og lýsti því yfir að allt væri mjög gott.

Föstudagur, 24. febrúar

Til athugunar: „Í upphafi opinberaði sköpunarverkið Guð. Það var Kristur sem þandi út himininn og lagði undirstöður jarðarinnar. Það var hendi hans sem „hengdi“ heimana í geimnum og mótaði blóm akursins. Hann festi fjöllin með krafti sínum (*Slm 65.7*) og „hans er hafið, hann hefur skapað það“ (*Slm 95.5*). Það var hann sem fyllti jörðina fegurð og loftið með söng. Hann ritaði kærleiksboðskap föðurins á allt á jörðu og lofti.

Nú hefur syndin skemmt fullkomið verk Guðs en samt má sjá vitnisburð um hann. Enn í dag lýsa allar skapaðar verur dýrð yfirburða hans. Ekkert lifir sjálfu sér nema eigingirni mannhjartans. Hver fugl sem klýfur loftið, hvert það dýr sem bærir sig á jörðinni þjónar öðrum lífverum. Hvert trjálauf og lágt sett grasstrá gegnir sínu hlutverki. Hvert tré, runni eða lauf gefur af sér þann lífsþátt sem menn og skepnur geta ekki verið án. Menn og skepnur þjóna aftur á móti lífi trjáa, runna og annars gróðurs. Blómin gefa af sér ilm og breiða úr fegurð sinni til að blessa heiminn. Sólin úthellir ljósi sínu til að gleðja þúsundir heima. Hafið sem er uppspretta fyrir allar lindir okkar tekur á móti vatni frá öllum landssvæðum, en það tekur einungis á móti til að gefa áfram. Uppgufun frá skauti hafsins fellur sem regnskúrir á jörðina svo að hún geti gefið af sér og borið ávöxt“ (*DA*, bls. 20, 21).

Til umræðu:

- Farið yfir síðustu spurningu þriðjudagskaflans.
- Hver yrðu viðbrögð þín við þeim sem segði: „Hvers vegna ætti ég að hugsa um umhverfið þar sem Jesús er bráðum að koma?“

- Hvernig getum við sem kristnir einstaklingar haft rétt jafnvægi varðandi umhverfismál annars vegar og hins vegar að forðast öfgakenndar umhverfisstefnur? Hvers vegna er mikilvægt að við lendum ekki í þeim, einkum þeim sem tengjast stjórnámálum?
- Ef þú átt þess kost rannsakaðu hvaða ávinning umfram kjötneyslu jurtafæði hefur á umhverfið?

Samantekt: Það er enginn vafi á að það líður að lokum þessa heims. Hann varir ekki að eilífu. Jesús kemur brátt. Þetta er allt satt og rétt, en það gefur okkur ekki rétt til að spilla jörðinni. Sem kristnir einstaklingar ættum við að leitast við að gæta jarðarinnar sem Guð skapaði fyrir okkur.

9. LEXÍA

25. febrúar – 2. mars

BIBLÍAN OG MANNKYNSSAGAN

Hvildardagseftirmiðdagur

Lesefni vikunnar: *Slm 104.1-9; Opb 1.1-3; 2Pét 1.21; Dan 2; Opb 12.7-17; Róm 16.20; 2Kor 5.17-19.*

Minnistexti: „Ég er Alfa og Ómega, hann sem er og var og kemur, hinn alvaldi,“ segir Drottinn Guð“ (*Opb 1.8*).

Lykilhugsun: Guð er að verki í atburðum sögunnar og hann hefur gefið okkur sterk sönnunargögn þar sem styðja við trú okkar.

Er saga mannsins einungis marklaus atburðarás eða stefnir hún að ákveðnu marki samkvæmt settri áætlun? Biblían gerir það ljóst að hið síðara er tilfellið. Höfundar Biblíunnar, bæði í Gamla og Nýja testamentinu, halda því fram að Guð stjórni atburðarás mannkynssögunnar og opinberi sig í þeim.

Samt opinberar ekki öll sagan vilja Guðs. Mennirnir hafa frjálsan vilja til að velja slæma kosti sem hafa áhrif á söguna. Það þýðir að þó svo Guð sé að verki í atburðarás sögunnar þá er hann ekki orsök alls sem gerist. Í staðinn vinnur Guð að því að koma vilja sínum í framkvæmd þrátt fyrir vélabrögð og illsku mannsins, og hann mun leiða sögu mannsins til stórkostlegra og dýrðlegra lykta.

Kristnir einstaklingar sem trúa Biblíunni trúa því að höfundar hennar hafi starfað innan þess ramma sem Guð opinberaði og að hann blés þeim í brjóst að skrásetja mikilvægustu atburði mannkynssögunnar. Guð sér oft fyrir túlkun á þessum atburðum svo að við fáum skilið merkingu þeirra.

Þessa viku munum við kanna örlítið nánar hvernig Guð hefur verið að verki í atburðarás mannkynssögunnar.

Sunnudagur, 26. febrúar

Fortíð og framtíð

Saga mannsins er venjulega kennd sem saga þjóðmenninga. Mikilvægir atburðir eru venjulega þeir sem hafa haft áhrif á þróun þessara menningarhópa. Sumir vilja halda því fram að atburðir sögunnar séu í rauninni hringrás stöðugra endurtekninga fæðinga, vaxtar, þroska, hnignunar og dauða sem hafa hvorki upphaf né markvissan endi.

Hringlaga klukkuskífa getur verið misvísandi. Þegar vísarnir fara hring eftir hring geta þeir gefið okkur þá tilfinningu að tíminn sé endurtekin hringrás. En svo er þó ekki reyndin. Líf mannsins er eins og línurit en ekki hringrás. Samkvæmt Biblíunni er tíminn einstefna.

Hverju halda höfundar Biblíunnar fram varðandi upphaf og endi mannkynssögunnar? *1Mós 1.1; Job 38.1-7; Slm 104.1-9; Opb 1.1-3, 19; 21.1 - 6.*

Saga mannsins er ekki endalaus hringrás sem endurtekur sig. Hún átti sér upphaf og hún stefnir að dýrðlegri framtíð. Saga mannsins hefur ákveðið markmið. Venjulega getum við ekki verið viss um tilgang einhverrar sögu sem við lesum fyrir en við höfum lesið hana á enda. Það er alltaf möguleiki á óvæntum atvikum rétt í lokin og bestu sögurnar eru vissar með að hafa slík. Hvernig getum við þá vitað um tilgang veraldarsögunnar meðan við lifum mitt í atburðarásinni? Við vitum það vegna þess að Guð hefur opinberað okkur það til tilstilli spámannanna.

Við erum auðvitað að tala um opinberunina frá Guði. Drottinn þekkir framtíðina, hann þekkir alla mögulega valkosti mannsins sem hann

getur valið á milli af frjálsum vilja og Guð hefur sagt okkur hvernig allt muni enda hvernig sem við veljum í millitíðinni.

Hvernig útlistar Nýja testamentið þessa opinberun? *2Pét 1.21.*

Svo framarlega sem við vantroystum ekki orði Guðs og því sem það segir um sjálft sig þá getum við verið fullviss um að Drottinn þekkir endalokin og hann hefur opinberað okkur þau. Hann er ekki einungis Guð fortíðarinnar og nútímans heldur er hann einnig Drottinn framtíðarinnar. Þess vegna getum við treyst því að framtíðin verði eins og hann hefur sagt fyrir.

Hversu auðvelt er að segja fyrir um framtíðina? Hve oft höfum við haft rangt fyrir okkur í þeim efnum? Það er gott að vita að Guð þekkir framtíðina og veit allt sem muni gerast. Hvaða uppörvun getur þú fengið af þeirri fullvissu að Guð kærleikans veit um allt sem við munum mæta?

Mánudagur, 27. febrúar

Spámenn sem sagnritarar

Spámenn Biblíunnar nota oft á tíðum orðasambandið „orð Drottins. . .“ eða „svo segir Drottinn.“ Það sem þeir eru að segja er í rauninni: „Það er ekki ég sem er að tala til ykkar. Það er Guð sem er að tala gegnum mig. Við ættum að gefa því gaum.“

Hvernig kemur þessi hugmynd fram í þessum versum? *Jer 1.14-19.*

Lesandinn fær að sjá þann sársaukafulla atburð að höfuðborg þeirra, Jerúsalem, yrði seld í hendur Babýlonar sem uppfylling á því sem Guð hafði sagt fyrir um örlög Ísraels.

Konungar eiga erfitt með að trúa því að það sé gangur sögunnar. Þeir ímynda sér að stjórnunarákvarðanir þeirra móti líf þegnanna. Þeir halda að þeir hafi stjórn á máluum. En Jeremía og aðrir spámenn eru

á öðru máli. Stjórnendur Ísraels komast að því að ferli sögunnar er að leiða eyðingu og útleið yfir þjóðina. Jeremía minnir á áþreifanlegan hátt á mátt orðs Guðs sem sé að rætast í atburðum sögunnar.

Hvernig vitna Jesaja og Nahúm um þetta? *Jes 14.24-27; Nah 1.5-10.*

Sá takmarkalausi máttur Guðs sem birtist í sögu mannsins birtist einnig í náttúrunni. *Slm 104* lýsir t.d. ekki ferli náttúrunnar sem sjálfvirku, vélrænu kerfi heldur sem ferli þar sem Guð er virkur á hverju augnabliki. Biblían sýnir ekki Guð sem hefur skapað heiminn en síðan látið hann eiga sig, algjörlega undirorpinn lögmálum náttúrunnar. Náttúrulegmálin eru hluti af því hvernig Guð viðheldur heiminum og þau eru til staðar vegna þessa að Guð skapaði þau og heldur þeim við.

Margir vísindamenn telja að heimurinn hafi orðið til fyrir slysi og þannig muni hann einnig enda. Þess vegna er ekki mikill tilgangur með því sem gerist þess á milli (hvernig gæti það?). Hvernig veist þú í hjarta þínu að þetta viðhorf getur ekki verið rétt?

Þriðjudagur, 28. febrúar

Daníel 2 og forsjón Guðs í sögu mannsins

Ef við tryðum því að maðurinn hafi ekki frjálstan vilja þá væri ekki erfitt fyrir Guð að þekkja framtíðina þar sem allir viðburðir í lífi mannsins hefðu verið fyrirfram ákveðnir. Franskur guðleysingi á 18. öld kom með þá tilgátu að þar sem allt í náttúrunni, þ.á. m. aðgerðir mannsins, væri fyrirfram ákveðið af lögmálum náttúrunnar þá gæti sá einstaklingur sem þekkti öll þessi lögmál og staðsetningu allra einda alheimsins á hverju augnabliki einnig vitað allt sem mundi gerast.

Við vitum að maðurinn hefur frjálstan vilja og valfrelsi því að Guð skapaði okkur þannig. Hann varð að gera okkur þannig þar sem við erum verur sem getum elskað og þvingaður kærleikur getur ekki verið kærleikur. Guð varð að skapa okkur frjáls til þess að við gætum elskað. Samt sem áður er máttur Guðs svo mikill að hann getur

algjörlega þekkt framtíðina þrátt fyrir frjálstan vilja mannsins og hvernig sem við kjósum að velja.

Rifjaðu upp spádóminn í *Dan 2*. Hvernig er þessi kafli áhrifamikil „sönnun“ þess að Guð þekki framtíðina löngu fyrirfram?

Þessi kafli var skráður fyrir rúmum 26 öldum. Taktu eftir hvernig sagan hefur þróast nákvæmlega eins og Guð sagði fyrir. Að vissu leyti ætti þessi spádómur að hafa meiri merkingu fyrir okkur en þá sem lifðu þá vegna þess að við sem lifum í dag getum horft tilbaka og séð hvernig þessi ríki komu og fóru nákvæmlega eins og spádómurinn sagði fyrir. Ef þú hefur lesið þennan spádóm á tíma Meda og Persa hefur þú ekki getað séð komu og fall þeirra ríkja sem á eftir komu. En þegar við lítum tilbaka sjáum við mikið meira en þeir sem lifðu fyrir löngu. Þess vegna er spádómurinn áhrifameiri fyrir okkur en lesendur fortíðarinnar gátu skilið.

Það sem er undravert er sú staðreynd að þrátt fyrir að allar þessar milljónir manna, sem lifðu á þeim löngu tímabilum sem *Dan 2* segir frá, hefðu frjálstan vilja þá vissi Drottinn nákvæmlega hvað myndi gerast, hvaða ríki myndu rísa og falla, og hann vissi það löngu fyrirfram.

Daníel spámaður hafði rétt fyrir sér varðandi ris og fall allra þessara ríkja: Babýlonar, Medó-Persíu, Grikklands og Rómar auk þess sem Róm myndi klofna í minni ríki sem enn eru við lýði. Frá okkar sjónarhóli er einungis eitt ríki ókomið, hið eilífa ríki Guðs (*Dan 2.44*). Ef hann hafði rétt fyrir sér hingað til væri það ekki heimskulegt að vantroysta honum varðandi síðasta ríkið?

Miðvikudagur, 29. febrúar

Deilan mikla og saga mannsins

Það skiptir engu máli hve óskipuleg og stjórnlaus saga mannsins virðist vera þá gerist hún ekki í einangrun. Það er eitthvað að gerast bak við

tjöldin, en það er barátta milli tveggja gjörólíkra grundvallarreglna. Við köllum það deiluna miklu. Það er einungis með hana að baksviði að við getum skilið það sem er að gerast í sögu mannsins og merkingu þess.

Hvernig hjálpa þessir textar okkur að skilja veraldarsöguna? *Opb 12.7-17; Job 2.1, 2; Jes 14.12-14; 1Mós 3.15; Ef 6.12; Róm 16.20.*

Satan er raunverulegur, bardaginn er raunverulegur og það var einungis á krossinum að Satan var bugaður og útrýming hans tryggð.

„Himinninn fylgdist með í sorg og undrun þegar Kristur hékk á krossinum . . . En umhverfis stóðu menn, skapaðir í mynd Guðs, sem tóku höndum saman um að taka líf eingetins sonar hans. Hvílíkt sjónarspil fyrir alheiminn! . . .

Verkfæri Satans tóku höndum saman við vonda menn til að fá fólk til að trúá því að Kristur væri mestur allra syndara og líta hann fyrirlitningaraugum

Satan tók eftir að dulargervi hans væri afhjúpað. Stjórn hans lá augljós fyrir augum ófallinna engla og alheimsins. Hann hafði sýnt sig vera morðingi. Þegar hann úthelkti blóði sonar Guðs missti hann alla samúð himneskra vera. . . . Síðasti hlekkur samúðar milli Satans og himinsins var brostinn“ (*DA*, bls. 760, 761).

Hvers vegna var Satan ekki tortímt þá strax?

„Jafnvel þegar hér var komið skildu englarnir ekki til fulls hvað fólst í deilunni miklu. Þær meginreglur sem skiptu máli áttu eftir að koma betur í ljós. Þess vegna varð að leyfa Satan að lifa áfram mannsins vegna. Menn jafnt sem englar verða að sjá mismuninn milli höfðingja ljóssins og höfðingja myrkursins og hann verður að velja hvorum hann vilji þjóna“ (*DA*, bls. 761).

Bæði Biblían og Ellen White kenna að það sem gerist hér á jörðinni er tengt viðtækari baráttu, deilunni miklu milli Krists og Satans. Þessi

deila myndar baksvið alls sem gerist í lífi okkar sem einstaklinga eða í sögu mannsins í heild. Allt verður opinbert í samhengi deilunnar miklu og það er gott til þess að vita að ósigur Satans var tryggður við krossinn og þessari deilu mun ljúka ásamt þeim sársauka, þjáningum, ofbeldi og óvissu sem einkenna sögu mannsins.

Fimmtudagur, 1. mars

Krossinn í sögunni

Hefurðu tekið eftir því að veraldarsögunni er skipt á grundvelli eins atburðar? Það var ekki ris eða hrun einhvers stórveldis eins og búast mætti við né heldur fundur nýs meginlands. Í þess stað er það fæðing lítils barns í tiltölulega afskekktum hluta í hinu víðlenda rómverska heimsveldi Í ljósi þess óteljandi fjölda Gyðinga sem fæddust á þessum tíma þá er það enn merkilegra að fæðing þessa eina markaði tímamót í sögu mannsins og skipting tímans í tvö tímabil miðast við fæðingu hans.

Þegar við lítum bæði til Guðs og sögu mannsins getum við betur metið mikilvægi frelsunarinnar. Því að það er við krossinn að baksvið mannkynssögunnar og dýpsta merking hennar eru afhjúpuð, en þar koma breistir alls mannkyns og mannkynssögunnar best í ljós. Krossinn segir okkur að Guð hafi opnað okkur nýja framtíð með því að fyrirgefa okkur og gera okkur að börnum sínum. Í þeirri framtíð þurfum við ekki lengur að draga með okkur geysilega sektartilfinningu vegna fortíðarinnar eða reynslu okkar sjálfra. Sú sekt hefur verið fjarlægð af honum sem bar þjáningar okkar og harmkvæli (*Jes 53.4*).

Það má draga frelsunarkenninguna saman í eina setningu: Guð ógildir sögu okkar sem hefur strandað og setur *sína* sögu í staðinn. Saga syndánaúðarinnar í lífi okkar er lokið fyrir tilverknað hans. Smánarblettir fortíðarinnar ættu ekki að koma aftur upp til að ásaka okkur, kvelja og hæða. Í stað persónulegrar sögu okkar sem myndi fordæma okkur kemur flekklaus saga Jesú. Þannig finnum við ekki einungis frelsun okkar frá fortíð okkar í honum heldur einnig fyrirheit

um dásamlega framtíð. Á krossinum tryggði Drottinn að okkar og heimsins biði ný og dýrðleg framtíð hver sem saga okkar kynni að vera og hvað sem gerðist í sögu mannsins.

Lestu *2Kor 5.17-19*. Hvað er sagt að Jesús hafi gert fyrir manninn? Hvernig hefur sá atburður breytt sögu mannsins?

Syndir okkar voru lagðar á herðar Drottins sem dó af fúsum og frjálsum vilja undir sektaroki mannsins og gaf okkur svo frelsun í staðinn. Og hann hefur lofað að það verði hámark sögunnar þegar við öðlumst eilífa „sögu“ með höfundi hennar. Það nær til örlaga allra manna. Endurkoma Krists er afgerandi. Bæði Nýja og Gamla testamentið lofa „nýjum himni og nýrri jörð.“

Hvernig ætti framtíð þín að vera frábrugðin í ljósi þess að fortíð þinni verður ekki lengur haldið gegn þér ef þú hefur veitt Kristi viðtöku, hversu mjög sem þú verðskuldar fordæmingu?

Föstudagur, 2. mars

Til athugunar: „Biblían er elsta og víðtækasta sagan sem menn þekkja. Hún kom beint frá uppsprettu alls sannleika og hönd Guðs hefur varðveitt hreinleika hennar. . . . Það er einungis hér að við getum fundið áreiðanlega frásögn um upphaf þjóðanna. Þar má einnig finna sögu kynþáttar okkar sem er ósnortin af hroka og fordómum manna.

Í annálum mannkynssögunnar virðast vöxtur þjóða, ris og hnig heimsvelða vera háð vilja og yfirburða mannsins. Atburðarásin virðist að miklu leyti vera háð mætti, metnaði eða duttlungum hans. En í orði Guðs er tjaldið dregið til hliðar og við getum séð að verkfæri hins miskunnsama eru hljóðlega og þolinmóðlega að vinna að því að útfæra ráð Guðs í öllum „leikjum og mótleikjum“ mannsins sem einkennast af valdi og ástríðu. Biblían opinberar hið sanna lífsviðhorf sögunnar“ (*Ed*, bls. 173).

Til umræðu:

- Heimspekingar og guðfræðingar hafa rökrætt fyrirframþekkingu Guðs og frjálstan vilja mannsins árum saman. Margir líta svo á að þessir þættir séu ósamræmanlegir. Þeir halda því fram að annaðhvort höfum við ekki frjálstan vilja eða að Guð þekki ekki framtíðina. En hvers vegna eru bæði þessi viðhorf röng? Hvaða vísbendingu höfum við í Biblíunni um að við höfum frjálstan vilja? Hvað vísbendingu höfum við um að Guð þekki framtíðina? Sannleikurinn hlýtur að vera sá að Guð viti um atburði framtíðarinnar áður en þeir gerast þrátt fyrir frjálstan vilja okkar. Hvers vegna er engin mótsögn í þeirri staðreynd?
- Satan ræðst einna harðast á *Dan 2* sem gefur okkur góða vísbendingu um tilveru Guðs. Hvaða traustari grundvöll getum við haft fyrir trú okkar en óhagganlega sögu heimsins? Hluti af árás óvinnarins er að nota fræðimenn til að halda því fram að *Dan 2* hafi verið skráð um 165 f.Kr., löngu eftir að margir atburðanna gerðust sem sagðir eru fyrir. En rökstuðningur þeirra fellur um sjálfan spádóminn. Hvernig gat Daniel sagt svo nákvæmlega fyrir um klofningu Rómaveldis í ríki Evrópu sem gerðist ekki fyrr en 5-600 árum eftir 165 f.Kr.? Ef slík undraverð spá krafðist yfirmáttúrulegra fyrirframvitneskju hvers vegna getum við þá ekki treyst því sem bókin segir um skráningartíma sinn í stað þess að samþykkja viðhorf sem stangast á við sjálfan spádóminn? Ástæðan fyrir þessum tíma sem fræðimenn segja að sé ritunartími bókarinnar er viðleitnin til að gera spádómsmátt hennar að engu. En sú viðleitni bregst hrapallega.

Samantekt: Hversu óskipuleg sem veraldarsagan kann að virðast þá er Drottinn ofar henni og hann er að vinna að áformum sínum og saga mannsins mun enda með dýrðlegri endurkomu Jesú.

10. LEXÍA

3. – 9. mars

FYRIRHEIT BÆNARINNAR

Hvildardagseftirmiðdagur

Lesefni vikunnar: *Kól 4.2; Róm 12.12; Matt 26.34-44; Heb 11.6; Jak 4.2; Jóh 14.15; 1Þess 4.3.*

Minnistexti: „Morgun, kvöld og miðjan dag kveina ég og styn og hann bænheyrir mig“ (*Slm 55.18*).

Lykilhugsun: Á mörgum stöðum í Biblíunni kallar Drottinn okkur til bæna því að bænin er nauðsynlegur þáttur í göngu okkar með honum.

Ellen White hefur þetta að segja varðandi bæn: „Faðir okkar á himnum er jafnan reiðubúinn til að veita okkur fyllstu blessun sína. Það eru forréttindi okkar að fá að bergja ríkulega af lind hins takmarkalausar kærleika. En þau undur hversu lítið við biðjum! Guð er bæði reiðubúinn og fús að hlýða á hverja einlæga bæn hins lítilmótlegasta barns síns en samt erum við svo treg til að gera honum þarfir okkar kunnar. Hvað mega englarnir á himnum halda um þessar vesalings, umkomulausu mannverur, sem ofurseldar eru freistingum, þegar Guð í sínu óendanlega kærleiksríka hjarta, finnur til innilegrar samúðar gagnvart þeim og er reiðubúinn að veita þeim langt fram yfir það, sem þeir biðja um eða skynja? (Sbr. *Ef 3.20*.) Samt biðja þeir svo lítið og eru svo trúlitlir. Englarnir hafa yndi af að lúta Guði og vera í návist hans. Þeim finnst samfélagið við Guð vera æðsta gleði sín. Samt virðast börn jarðar, sem hafa svo brýna þörf fyrir hjálp þá, sem Guð einn getur veitt, láta sér lynda að ganga án ljóss Anda hans, samfélags og nærveru“ (*VK*, bls. 108, 109).

Þetta segir allt sem skiptir máli, er það ekki?

Sunnudagur, 4. mars

Máttur bænarinna

Dag einn fékk ungur maður bréf frá fyrrum samstarfsmanni sem var farinn á eftirlaun mörgum árum áður. Þessir tveir höfðu vægt sagt átt erfitt með að starfa saman. Sá sem var hættur hafði frá upphafi farið illa með hinn. Sá síðarnefndi opnaði bréfið og byrjaði að lesa. Meðal annars las hann eftirfarandi: „Ég skil ekki hvernig bæn virkar og hef aldrei gert það, a.m.k. ekki vitsmunalega. En ég veit að okkur hefur verið sagt að biðja og þegar ég hef beðið síðustu vikunnar hef ég fundið til sektar vegna þess hvernig ég fór alltaf með þig. Ég sé að það var rangt og ókristilega gert af mér og jafnframt hræðilegur vitnisburður um trú mína. Ég veit að ég hefði átt að gera þetta fyrir löngu en ég biðst innilega afsökunar. Ég verð að gera tilkall til fyrirgefningar Krists vegna þess sem ég hef gert, hversu óverðugur sem ég er, og nú bið ég þig einnig um fyrirgefningu.“

Á margan hátt er þetta gott dæmi um mátt bænarinna. Það hefur ekki svo mikið að gera með að fá Guð til að færa fjöllin, þó svo það geti gerst. Í þess stað getur það leitt til enn meira kraftaverks: það getur breytt mannhjartanu.

Eins og maðurinn sagði þá er ekki alltaf auðvelt að skilja bænina. Hvers vegna skyldum við biðja Guð um eitthvað ef hann veit þegar um það? Geta bænir okkar virkilega breytt því sem skaparinn gerir?

Hvort sem við skiljum hvernig bænin virkar eða ekki þá er eitt víst: án hennar misheppnast ganga okkar með Drottni.

Lestu þessa texta. Hvað er það sem þeir hafa sameiginlegt? *Matt 26.41; Lúk 18.1; 1Tím 2.8; 1Þess 5.17; 1Pét 4.7; Kól 4.2; Róm 12.12.*

Það er engin spurning að okkur kristnum einstaklingum er sagt að biðja og biðja oft. Hvort við skiljum hvernig bænin virkar er í rauninni aukaatriði. Flest okkar skiljum ekki til fulls hvernig neitt virkar, hvort sem það er andlegt eða veraldlegt. Ef við biðum þangað til við

skildum allt varðandi trú okkar væri það varla trú. Sjálfst orðið *trú* gefur til kynna að þar séu þættir sem við fáum ekki skilið. En eitt er það sem allir sem biðja stöðugt og í brennandi einlægni—og í samræmi við vilja Guðs—geta borið vitni um og það er að bænin getur breytt lífi okkar og hún gerir það.

Hvernig skilur þú bænina? Hvaða áhrif hefur hún haft á líf þitt? Hvernig væri kristið líf þitt án bænar?

Mánudagur, 5. mars

Jesús, biðjandi Messías

Hvað segja þessir textar okkur um bænalíf Jesú? Hvert er samhengi þessara texta? *Lúk 3.21, 22; 9.28, 29; 6.12, 13; Heb 5.7; Matt 14.23; Lúk 22. 31, 32; Matt 26.34-44.*

Jesús, hinn flekklaus sonur Guðs, sá eini sem var syndlaus og lifði í fullkomnu samræmi við vilja föðurins, iðkaði máttugt bænalíf. (Versin hér að ofan taka ekki einu sinni bæn Jesú í *Jóh 17* með.) Ef Jesús þurfti að biðja til þess að geta átt við það sem hann horfðist í augu við hvað þá með okkur? Fordæmi Krists með bænalífi sínu sýnir ljóslega hve miðlæg bænin þarf að vera í göngu okkar með Drottni. Það er erfitt að gera sér í hugarlund að einhver geti haft samband við Guð án bænar. Ef tjáskipti eru nauðsynleg til að halda sambandi milli einstaklinga er þá ekki enn meiri þörf á þeim í samskiptum okkar við Guð? Jesús gefur okkur fordæmi. Það er undir okkur komið að velja að fara eftir því.

Hve reglubundið er bænalíf þitt? Hve auðveldlega dregst athygli þín frá því að biðja? Biður þú reglubundið eða einungis þegar eitthvað bjátar á? Hvernig getur þú lært að gera bænina miðlægari í göngu þinni með Drottni?

Priðjudagur, 6. mars

Bæn trúarinnar

„Ógerlegt er að þóknast Guði án trúar því að sá sem vill nálgast Guð verður að trúa því að hann sé til og að hann umbuni þeim er leita hans“ (*Heb 11.6*). Hvaða mikilvæga meginreglu er að finna í þessum texta varðandi bænina og hvaða þýðingu hún hafi fyrir okkur?

Að vissu leyti er bænin leið til að nálgast Guð, að opna sig fyrir honum. Við biðjum ekki til þess að fræða Guð um þarfir okkar. Jesús sjálfur sagði í sambandi við bænina að „faðir yðar veit hvers þér þurfið áður en þér biðjið hann“ (*Matt 6.8*). Við biðjum af því að bænin er hluti þess að auðsýna trú okkar á Guð. Hún er leið til að styrkja trú okkar og gera hana raunverulegri og hagnýta. Höfum við ekki reynt það hvernig brennandi, einbeitt bæn eykur trú okkar og styrkir samband okkar við Guð, ef við flytjum hana af því að við finnum þörf okkar og að við séum háð honum?

Bænin er leið til að losa okkur við „sjálfíð“. Hún er leiðin til að deyja daglega. Hún er leiðin til að tengjast Guði persónulega á ný. Hún minnir okkur á að við erum ekki okkar eigin, að við erum verði keypt og að við myndum falla saman og deyja í heimi sem er fullur af máttaröflum sem gætu troðið okkur undir á augabragði ef við stæðum á eigin fótum.

Við heyrum oft talað um að „leita Drottins í bæn.“ Hvað merkir það í þínum huga? Sjá *Dan 9.3, 4; Sak 8.21*.

Að vissu marki er sérhver bæn trúarreynsla. Hver hefur séð bænirnar stíga til himins? Hver hefur séð Guð taka á móti þeim? Við biðjum oft án þess að sjá tafarlausu bænheyrslu en samt höldum við áfram í trú um að Guð heyri bænir okkar og muni svara þeim á sem bestan hátt. Bænin er trúarreynsla þar sem við seilumst út fyrir það sem við fáum séð eða getum skilið til fulls.

Hve mikið af bænalífi þínu er hefðbundinn vani í stað þess að vera djúpt og innilegt? Hvernig getur þú breytt því?

Miðvikudagur, 7. mars

„Þið biðjið ekki“

Ein spurning sem þeir hafa sem biðja oft er þessi: „Geta bænir mínar fengið Guð til að gera eitthvað sem hann myndi annars ekki gera? Þetta er rökrétt spurning, en til þess að svara henni verðum við að fletta upp í orði Guðs og kynna okkur hvað það segir.

Lestu *Jak 4.2; Lúk 11.9, 10; Jak 5.16-18*. Hvað segja þessir textar um bænir okkar og svörun Guðs?

Auk þess sem bænin breytir okkur og hefur áhrif á samskipti okkar við Guð og aðra gerir Biblían það ljóst að bænir okkar hafi áhrif á hvað Guð gerir. Við biðjum og hann svarar á einn eða annan hátt.

Lestu *IMós 18.22-33*. Hvernig sjáum við þessa meginreglu að verki í þessum versum?

Hvaða vangaveltur sem við kunnum að hafa varðandi skilning okkar á þessum sannleika þá svarar Guð bænum manna. Hann segist gera það svo við verðum að treysta orðum hans.

Ef „lýður minn, sá er við mig er kenndur, auðmýkir sig og þeir biðja og leita auglitis míns og snúa sér frá sínum vondu vegum, þá vil ég heyra þá frá himnum, fyrirgefa þeim syndir þeirra og græða upp land þeirra“ (*2Kro 7.14*, 1956). Hvað kennir þetta okkur um bænina?

Taktu samt eftir að Guð græðir ekki landið einungis vegna þess að fólkíð biður. Guð kallar lýð sinn til bænar en bænin er einungis þáttur í almenntri vakningu lýðsins.

E.t.v. finnst mikilvægasta dæmið um þessa meginreglu í þessum orðum Jóhannesar: „Ef við játum syndir okkar, þá er hann trúr og réttlátur svo að hann fyrirgefur okkur syndirnar og hreinsar okkur af öllu ranglæti“ (Jóh 1.9). Við sjáum hér sterk tengsl milli bænar og þess sem Guð gerir í lífi okkar. Við játum syndir okkar og hann fyrirgefur þær en það verður til þess að hann hreinsar okkur af öllu ranglæti. Það sem er gert ljóst hér er að ef við biðjum ekki og játum ekki syndir okkar þá öðlumst við ekki fyrirgefningu. Svo það er enginn vafi í þessum tilvikum að Guð gerir eitthvað sem svörun við bænum okkar.

Fimmtudagur, 8. mars

Skilyrðin uppfyllt

Maður situr á veitingahúsi og er að borða stóra máltíð sem er full af feitmeti. Hann skolar því niður með gosdrykk og lýkur svo með því að innbyrða stóran skammt af súkkulaði-ís með heitri karamellusósu. Þegar hann leggst til hvíldar um kvöldið, eftir að hafa fengið svolítinn kvöldbita, krýpur hann við rúm sitt til að biðja. Hluti af bæninni er um að Drottinn hjálpi sér að léttast.

Hvað er athugavert við þessa mynd?

Það er rétt að við megum reikna með að Guð svari bænum okkar en það er ýmislegt sem við verðum að gera í því ferli. Einhver hefur komist þannig að orði að við verðum að lifa bænir okkar, þ.e.a.s. við verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að þeim verði svarað. Þetta er ekki húnanismi né vottur um trúarskort. Þess í stað er það þáttur af því að lifa fyrir trú.

„Ef við líðum synd í hjarta okkar og höldum í eitthvað, sem við vitum að er syndsamlegt, mun Drottinn ekki hlýða á bænir okkar. En hann heyrir ávallt bæn iðrandi og sundurkraminnar sálar. Þegar við höfum leiðrétt allt rangt, sem við vitum að við höfum gert, er okkur óhætt að treysta því að hann svarar bænum okkar. Okkar eigin verðleikar munu aldrei gagna til þess að afla okkur velþóknunar Guðs. Það eru

verðleikar Jesú sem munu frelsa okkur, blóð hans sem mun hreinsa okkur. Samt þurfum við að gera okkar til þess að uppfylla skilyrðin fyrir bænheyrslunni“ (*VK*, bls. 110).

Þetta segir ekki að við þurfum að vera fullkomin til þess að bænum okkar verði svarað. Guð tekur ekki á móti okkur á grundvelli okkar eigin verðleika heldur á grundvelli verðleika Krists. Við þurfum einnig að auðsýna trú, auðmýkt og undirgefni undir vilja Guðs til þess að hann geti virkað í lífi okkar.

Hvernig hjálpa þessir textar okkur að skilja hvað felst í því að „uppfylla skilyrðin“ (*Sjá Heb 10.38; 5Mós 4.29; Lúk 9.23; Jóh 14.15; 1Pess 4.3*).

E.t.v. er mikilvægasta skilyrðið fyrir áhrifaríku bænarlífi að við finnum fyrir þörf okkar, höfum tilfinningu fyrir hve hjálparvana við erum, tilfinning okkar um að við erum syndarar sem þarfnast náðar og að hjálp okkar er að finna í Drottni sem hefur gert svo mikið fyrir okkur. Hroki, sjálfsöryggi og sjálfbirgingur tryggja andlegar slysfarir.

Hvað er sumt af því sem þú hefur beðið brennheitt um? Spyrðu þig þegar þú biður hvað þú gætir gert öðruvísi til að hjálpa við að fá það bænasvar sem þú leitast svo ákaft eftir?

Föstudagur, 9. mars

Til athugunar: „Bænin er andardráttur sálarinnar. Hún er lykillinn að andlegum krafti. Ekkert annað náðarmeðal getur komið í staðinn til að varðveita heilsu sálarinnar. Bænin setur hjartað í náði samband við uppsprettu lífsins og styrkir sínar og vöðva trúarreynslunnar“ (*GW*, bls. 254, 255).

„Þegar við fáum ekki nákvæmlega það sem við biðjum um og heldur ekki á þeirri stundu sem við biðjum um að fá það eigum við samt að trúa því að Drottinn hlýði á bænir okkar og hann svari þeim einnig. En við erum svo villugjörn og skammsýn að við biðjum stundum um það

sem yrði okkur ekki til neinnar blessunar og okkar himneski faðir svarar bænum okkar af kærleikspæli sínu með því að gefa okkur það sem verður okkur til mestrar blessunar—það sem við sjálf óskuðum okkur ef við með guðlega upplýstri sjón gætum greint alla hluti eins og þeir eru í raun og veru. Þegar bænum okkar virðist ekki vera svarað eigum við að halda okkur fast við fyrirheitið því að svarið mun vissulega koma á sínum tíma og mun okkur þá hlotnast sú blessun sem við þörfnumst mest. En það væri hrein óskammfeilni að ætlast til að bænum okkar verði svarað nákvæmlega á þann hátt sem við viljum og það veitt sem við óskum. Víska Guðs er meiri en svo að honum verði á nokkur mistök og gæskuríkari en svo að hann synji þeim nokkurra gæða sem framganga í grandvarleik. Óttastu þá ekki að treysta honum, jafnvel þótt þú sjáir ekki að þú fái bænheyrslu tafarlaust“ (VK, bls. 111).

Til umræðu:

- Hvernig myndir þú svara þeim sem spyr hvers vegna þeir þurfi að biðja ef Guð veit allt fyrirfram?
- Flest okkar berjast við spurninguna um bænsvör og bænir sem ekki er svarað. Einhver biður t.d. um að billinn bili ekki á ferðalaginu. Þegar svo ekkert kemur fyrir lítur hann á það sem svar við bæn. Það er ekkert að því. En hvað myndir þú segja við þann einstakling sem bað um að barn hans dæi ekki en samt dó það? Hvernig eigum við að skilja það? Eða getum við skilið það?
- Hvert er hlutverk Heilags anda í bænarlífi okkar?
- Hvernig myndir þú svara þeim sem kemur til þín og spyr: „Getur þú frætt mig um hvað það þýðir að biðja? Hvernig ætti ég að biðja? Hvers vegna ætti ég að biðja? Hvers ætti ég að vænta þegar ég bið, og hvers ætti ég ekki að vænta?“

Samantekt: Það er enginn vafi að það er margt sem við skiljum ekki varðandi bæn. En þeir sem biðja vita eitt fyrir víst: bænin breytir lífi þínu til hins betra.

11. LEXÍA

10.- 16. mars

GUÐ ER LISTRÆNN

Hvildardagseftirmiðdagur

Lesefni vikunnar: *Jes 64.5-8; Slm 51.12; Heb 8.1-5; 1Kro 23.5; Róm 11.33-36; Post 9.1-22.*

Minnistexti: „Eins hefi ég beðið Drottin, það eitt þrái ég, að ég fái að dveljast í húsi Drottins alla ævidaga mína til þess að horfa á yndisleik Drottins“ (*Slm 27.4*).

Lykilhugsun: Guð er listrænn. Hvað felst í því? Hvaða þýðingu hefur það fyrir okkur?

Hingað til höfum við lítið á ýmsar hliðar Drottins: þrenninguna, heilagleika Guðs og Guð sem lausnara. Einni mynd af Guði sem sjaldan er gefinn gaumur er myndin af listrænum Guði.

Margir telja sig ekki hafa neinn áhuga á list. Margir kristnir einstaklingar vita lítið um list. Þeir vita hvað þeim líkar vel við en það er lítið meira en sjálfsþekking. Aðrir kannast við tilveru listarinnar en þeir hugsa aldrei um gildi hennar og þýðingu. Kristnin hefur oft efast um gildi listanna. Stundum hafa þær jafnvel verið taldar vera óguðlegar og frá hinum illa og stundum hefur fagurfræðin orðið veraldleg trúarbrögð með einlæga áhangendur. Til eru einnig fjöldinn allur af kristnum rithöfundum en þeir hafa sjaldan reynt að tengja hugtakið fegurð við miðlægar kenningar kristninnar.

„Fegurð er sannleikur og sannleikurinn fegurð,“ sagði ljóðskáldið John Keats. Hann tók vissulega of sterkt til orða því að Guð er sannleikurinn og sannleikurinn er fagur. Sköpunarverkið vitnar um þá staðreynd að Guð er listrænn og elskar það sem er fagurt.

Sunnudagur, 11. mars

Guð sem leirkerasmiður

„En þú, Drottinn, ert faðir vor, vér erum leir, þú hefur mótað oss og allir erum vér handaverk þín“ (*Jes 64.7*).

Hvenær sýnir Biblían í fyrsta sinn að Guð er leikinn við að vinna með leir? *IMós 1.26, 27, 31; 2.7*.

Biblían byrjar með því að Guð skapar fyrstu mannverurnar af dufti jarðar. Hebreska orðið sem þýtt er „maður“ er *adam* og er dregið af orðrótinni *adama* sem þýðir „jarðvegur“ eða „jörð“. Þetta samband dregur athyglina að snillið Guðs sem leirkerasmiðs. Hann mótaði okkur af dufti jarðar. Það er erfitt að ímynda sér hvernig mannveran—blóð, bein, skinn og taugar ásamt öðrum undraverðum hlutum líkamans—getur hafa verið mótuð af dufti jarðar. Tilurð okkar er kraftaverk sem er ofar mannlegum skilningi.

Þó svo hugtakið „leirkerasmiður“ sé að nokkru leyti réttnefni þar sem Drottinn notaði leir til að móta okkur þá lýsir það varla sköpunargáfu og listfengi hans fremur en aðrar myndir sem leitast við að útskýra verk Guðs og mátt. Hvaða leirkerasmiður getur t.d. tekið leir og breytt honum í lifandi veru sem dregur andann?

Lestu *Jer 18.3-10; Jes 64.5-8; Slm 51.12*. Hvernig er myndin af Guði sem leirkerasmið notuð í sumum þessara texta?

Meðal þess sem fram kemur í þessum textum er hugmyndin um hve hjálparvana við erum frammi fyrir mætti Guðs. Við erum að vissu leyti eins og leir í höndum leirkerasmiðs þar sem hann ræður en ekki leirinn.

Á sama tíma vinnur Guð að því að endurskapa ímynd sína í okkur. Hversu mjög sem Guði er annt um útlit sitt þá er honum enn meira annt um fegurð þess sem hann getur gert í okkur. Við þurfum að gefast honum og „deyja“ sjálfum okkur og samstarfa Drottni sem leitast við

að endurskapa í okkur og endurnýja þá andlegu og siðferðilegu fegurð sem við höfðum í upphafi að svo miklu leyti sem það er mögulegt. Ytra útlit getur verið fagurt en það er innri fegurðin sem í rauninni skiptir öllu máli.

Rússneski rithöfundurinn Fjodor Dostojevsky „skapaði“ sögupersónu sem hafði „fallega sál“ að hans mati. Hvað er „falleg sál“ að þínu mati og hvað er það í lífi þínu sem svarar til þeirrar myndar og hvað ekki?

Mánudagur, 12. mars

Guð sem arkitekt

Eftir að Guð hafði á undraverðan hátt frelsað Ísrael úr þrælahaldi í Egyptalandi leiddi hann þá til Síanífjalls þar sem hann tengdist þeim heilögum sáttmálaböndum. Hvernig var fegurðin fléttuð inn í þá fræðslu sem þeim var gefin þar? *2Mós 25.1-9.*

Fyrri hluti *2Mós* segir frá ýmsum þáttum lausnarinnar frá Egyptalandi. Síðari hluti bókarinnar fjallar um þætti sem fela í sér fegurð. Eftir fyrirmæli Guðs í *2Mós 25.1-9* lýsir hann í *2Mós 25.10-31.11* byggingu færanlegs tjaldbúðar-helgidóms ásamt innanstokksmunum hans og prestaklæðum. Í *2Mós 35.1 – 2Mós 40.38* finnum við svo nánari lýsingar ásamt því hvernig fyrirmælum Guðs var nákvæmlega fylgt. Þessar frásagnir innihalda víðtækar listrænar lýsingar. Mörgum kristnum finnst þær þreytandi lestur en það þóknaðist Guði ekki aðeins að gefa ný-leystum þrælum þessi fyrirmæli heldur einnig að taka þær með í Heilagri ritningu.

Það eru næstum 50 kaflar í fyrstu fimm bókum Biblíunnar sem innihalda nákvæm fyrirmæli Guðs varðandi byggingu fallegs helgidóms. Hann gefur ekki einungis teikningu yfir byggingu hans heldur einnig nákvæm fyrirmæli um innanstokksmuni hans. Það er eftirtektarvert að Guð gaf ekki einungis boðorðin tíu, sem fjalla um hlýðni innan sáttmálans, heldur einnig nákvæmar lýsingar af því

hvernig búa ætti glæsilega byggingu sem kallaði á mikið listfengi á öllum sviðum.

Guð var arkitekt þess alls og hann fyllti jafnvel listamenn hæfileikum til að útfæra öll smáatriði skreytinganna. Ekkert var háð hyggjuviti manna. Áformin um byggingu þessa helgidóms og innanstokksmunanna ásamt framkvæmd þeirra fylla fleiri kafla í fimm bókum Móse en nokkurt annað efni.

Hver var fyrirmynd helgidómsins og hvað segir það okkur um það hve mjög Guð elskar fegurð? *2Mós 25.8; Heb 8.1-5.*

Ef jarðneski helgidómurinn var einungis skuggi hins himneska getum við varla ímyndað okkur fegurð hins raunverulega musteris sem Guð sjálfur gerði sér.

Hvers vegna telur þú að það hafi verið mikilvægt að helgidómurinn væri svo fallegur? Var það e.t.v. til þess að skapa lotningartilfinningu meðal fólksins fyrir mætti Guðs og mikilleika? Eða var það til þess að hjálpa því að finna til þarfur sinnar í návist slíks mikilfengleika? Hvernig getur skilningurinn á dýrð helgidómsins hjálpað okkur til að skynja betur lyndiseinkunn Guðs í samanburði við okkur sem erum jarðbundin og syndug?

Þriðjudagur, 13. mars

Guð tónlistar

„Fjögur þúsund [áttu að vera] hliðverðir og fjögur þúsund áttu að lofa Drottin með hljóðfærunum sem Davíð hafði látið gera til lofgjörðarinnar“ (*IKro 23.5*).

Reyndu að gera þér í hugarlund sviðsmyndina: 4000 manns að leika á hljóðfæri til að lofa Drottin! Það hlýtur að hafa verið tilkomumikil guðsþjónusta.

Listtjáning Guðs er ekki einskorðuð við táknræna list heldur sjáum við í Ritningunni að allir helgisiðir Ísraels voru innblásnir af Guði. Hann elskar einnig fagra tónlist.

Hvernig lýsir Davíð konungur því hvernig hann samdi sálmana sem Ísrael notaði við guðsþjónustur sínar? *2Sam 23.1, 2.*

Davíð var ljóst að andi Drottins blés honum í brjóst að skrifa þá söngva sem hann samdi. Það þýðir þó ekki að Drottinn hafi skrifað orðin eða tónlistina heldur að Drottni var umhugað um hvers konar tónlist var flutt. Ef svo væri ekki hvers vegna væri hann þá að blása Davíð hana í brjóst?

Lestu *2Kro 29.25*. Hvað segir þessi texti okkur um þátt Drottins í þeirri tónlist sem flutt var við guðsþjónustur þeirra?

Þegar sagt er frá tilbeiðslu í musterinu á tíma Gamla testamentisins er tónlist alltaf áberandi. Ímyndaðu þér t.d. tilbeiðslu eins og þeirri sem lýst er í *1Kro 23.5*. Fjögur þúsund hljóðfæri! Hugsaðu þér hvernig tónlistin hefur hljómað; hún hefur sannarlega ekki verið þurr eða leiðinleg!

Það mætti segja að reikna mætti með smekkvísi í guðsþjónustum og allar þjóðir hafi ávallt sýnt lit á því sviði í tengslum við tilbeiðslu guða sinna. En einungis Ísrael heldur því fram að Guð sjálfur hafi hannað alla þætti tilbeiðslunnar, þ.á.m. byggingarstíl, innanstokksmuni musterisins, klæðnað prestanna og helgisiði. Það leikur enginn vafi á að orð Guðs staðfestir listræna hönnun. Hver sem hafnar fegurðarþættinum eða heldur því fram að listir séu ekki hluti af köllun hins kristna gerir það í andstöðu við frásögn Biblíunnar.

Þó svo við höfum ekki þá tónlist sem var þáttur í tilbeiðslu Ísraelsmanna vitum við að hún hefur verið fögur og hlýtur að hafa lyft huga þeirra til Drottins. Hvaða hlutverki gegnir tónlist í söfnuðum okkar í dag? Hvernig getum við verið viss um hún geri það sama í dag, þ.e. lyft hugarum til Drottins í stað þess að beina okkur í aðra átt?

Miðvikudagur, 14. mars

Guð sem höfundur

Fræðimenn hafa oft verið hugfangnir af ótrúlegum bókmenntagæðum Biblíunnar. Margir veraldlegir skólar kenna Biblíuna sem bókmenntir, ekki vegna þess að þeir telji hana vera orð Guðs heldur einfaldlega vegna bókmenntagildis hennar.

Sem kristnir einstaklingar hljótum við ekki einungis blessun af bókmenntafegurð Biblíunnar heldur einnig af að læra sannleikann um Guð eins og hann er settur fram í Biblíunni. Listræn framsetning frásagna og ljóða undir áhrifum anda Guðs (en skráð með orðum spámannanna Guðs) stuðla að því að hjálpa okkur að skilja sannleika hennar.

Páll postuli fléttar stundum bókmenntaperlur inn í guðfræðiumræður sínar. Til dæmis gefur hann greinargott yfirlit yfir fagnaðarerindið í fyrstu ellefu köflum Rómverjabréfsins. Líttu yfir þessa kafla og taktu eftir hvernig hann fléttar saman margvísleg efni.

Lestu *Róm 11.33-36*. Hvernig tengist þetta því sem á undan er farið?

Tilfinningar postulans brjótast út í lofgjörð eftir að hann hefur virt fyrir sér víðfeðmi frelsunarsögunnar líkt og göngumaður sem hefur náð tindi á háu fjalli. Páll tilbiður áður en hann fer að virða fyrir sér hagnýtar afleiðingar fagnaðarerindisins.

Páll beitir oft þessari hárfínu bókmenntahrynjandi í bréfum sínum: lofgjörð til Guðs fléttuð saman við flókin guðfræðileg rök og síðan hagnýtar leiðbeiningar.

Opinberunarbókin er einnig full af hrifandi „mósaík“ bókmenntabragða sem Guð beitir til að opinbera sögu hjálpræðisins. Sú bók byggir að miklu leyti á Gamla testamentinu. Lesandinn finnur þar flókinn vef af orðum, orðatiltækjum og þemum sem tekin eru að láni frá öðrum höfundum Biblíunnar og eru ofin saman í nýtt klæði.

Þessi síðasta bók Biblíunnar er afar frábrugðin ritum Páls og guðspjöllunum. Hún er vandlega byggð umhverfis sjö svið himneska helgidómsins á mjög svo fagurfræðilegan hátt sem hvert um sig byrjar með dýpra innsæi í hlutverk hans.

Opinberunarbókin einkennist af mjög fagurfræðilegri framsetningu. Guð hefði getað séð Jóhannesi fyrir sagnfræðilegu heimildariti til að kynna rás hjálpræðissögunnar. Þess í stað finnum við frábærar myndir af deilunni milli Krists og Satans sem útlista nánar þær stórkostlegu sýnir um endalokin sem Daníel og Esekíel höfðu fengið.

Sumir lesa Biblíuna einungis sem bókmenntarit. Hugsaðu þér hverju þeir missa af. Hvað getum við lært af því hvernig við gætum haft sannleikann fyrir augum okkar en samt misst algjörlega af honum?

Fimmtudagur, 15. mars

Guð sem myndhöggvari

Guð er einnig myndasmiður en hann er ekki bundinn við granít eða marmara. Þess í stað mótar hann lyndiseinkunn okkar. Hann getur tekið synduga menn og mótað þá og meitlað þar til þeir endurspegla eitthvað af dýrð himinsins. Guð hefur gefið víðtæk dæmi um þá hæfileika sína. Allt frá byrjun til loka Biblíunnar finnum við Guð sem tekur einstaklinga sem okkur kann að finnast séu fráhrindandi og óverðugir og gerir þá fagra.

Hverjir eru sumir af þeim einstaklingum í Biblíunni sem þarfnast andlegs „endurhöggs“? Hverju þurfti að breyta í lífi þeirra? Sjá Jakob (*1Mós 32.22-30*); Davíð (*Slm 51*); Pétur (*Lúk 22.31, 32*); Páll (*Post 9.1-22*). Hverjir aðrir koma þér í hug og hverju var breytt hjá þeim?

María Magdalena er annað gott dæmi. „María hafði verið mikill syndari en Kristur þekkti kringumstæðurnar sem höfðu mótað líf hennar. . . . Hann hafði lyft henni upp úr örvæntingu og glötun. Sjö sinnum hafði hún heyrt hann ávíta illu andana sem stjórnuðu hug

hennar og hjarta. Hún hafði heyrt hvernig hann hrópaði til föðurins á hennar vegum. Hún vissi hve andstyggileg syndin er fyrir flekklausan hreinleika hans og hún hafði unnið sigur í styrk hans. . . . Illir andar höfðu búið í huga þessarar föllnu konu en nú var hún í nánu samfélagi við frelsarann og tók þátt í starfi hans. . . . María stóð nálægt krossinum [og] . . . hún var fyrst til að koma að gröf hans á upprisudaginn. María var fyrst til að boða upprisinn frelsara.“ (DA, bls. 568).

Hjálpræðissagan er full af guðlegri sköpunargáfu sem endurreisir mynd Guðs í mönnum og konum sem eru fallin. Fagnaðarerindið er ekki bara andlitslyfting til feagnar heldur djúptæk stefnubreyting sem breytir lífinu og hefur hraðvirkan mátt til að hreinsa, móta og fegra. Fagnaðarerindi Jesú Krists hefur skapandi mátt til að byggja upp óskipt heilindi. Ósvikin nýjung er afleiðing innri máttar, guðdómlegrar sköpunargáfu sem endurreisir feгурð í lífi fallins, syndugs einstaklings.

Við listmótun þarf oft að meitla, sverfa og jafnvel brjóta hluta af. Hvað í lífi þínu þarfnast einhverrar listmótunar? Hve mikið berst þú gegn því ferli sem er ekki alltaf ánægjulegt?

Föstudagur, 16. mars

Til athugunar: „Ef við leyfum umbreytandi mætti Guðs að vinna í hjörtum okkar munum við sjá djúpstæð áhrif anda Guðs. Dauði Jesú leiðir ekki einungis til fyrirgefningar synda okkar. Hann færði hina stórkostlegu förn ekki einungis til að fjarlægja syndir okkar heldur til þess að endurreisa eðli mannsins, fegra það að nýju og reisa það úr rústum og gera það hæft fyrir návist Guðs“ (6MR, bls 11).

„Listamaðurinn leggur sig allan fram við að yfirfæra fullkomna líkingu af fyrirmynd sinni á strigann, og myndhöggvarinn heggur steininn og meitlar af kappi til að skapa eftirlíkingu af því sem hann hefur fyrir augum. Á sama hátt ættu foreldrar að kosta kapps um að móta, fága og bæta börn sín eftir þeirri fyrirmynd sem þeir hafa fengið í Kristi Jesú. Líkt og þolinmóður listamaður kannar leiðir, vinnur að og leggur

áform um að gera verk sín enn fullkomnari þannig ættu foreldrar að líta á að þeim tíma sé vel eytt sem þeir nota til að ala börn sín upp og búa þau undir að vera nytsöm í lífi sínu og gera þau reiðubúin fyrir ríki eilífðarinnar. Verk listamannsins er lítilfjörlegt í samanburði við verk foreldranna. Hann mótar lífvana efni í fagurt listaverk en þeir eiga við lífandi verur og geta mótað líf þeirra til góðs eða ills, til blessunar fyrir mannkynið eða því til bölvunar, til að hverfa út í myrkrið eða lifa að eilífu í syndlausum heimi framtíðarinnar“ (CG, bls. 476, 477).

Til umræðu:

- Hefur þú haft tækifæri til að þroska listræna hæfileika og beita þeim? Þegar þú skapaðir eitthvað fallett gerðir þú þér grein fyrir að sú „sköpun“ væri að nokkru leyti endurspeglun af mynd Guðs? Þ.e.a.s. þegar þú varst skapandi þá endurspegladur þú sköpunarmátt Drottins.
- Líttu á sköpunarverkið umhverfis þig. Þó svo það hafi verið svo lengi spillt af syndinni hvernig sýnir það samt bæði sköpunarmátt Guðs og listræni hans og hve mikið yndi hann hefur af feegurð? Hvað finnst þér virkilega fallett í náttúrunni?
- Eins og getið var í innganginum hafa kristnir einstaklingar alltaf verið á báðum áttum varðandi listir. Hvers vegna ætli það sé svo? Hverjar eru sumar tálgrýfjur listanna? Hvernig getum við á hinn bóginn notað listahæfileika okkar til að vegsama Guðs og efla framgang ríkis hans?

Samantekt: Listrænir hæfileikar Guðs hafa ekki verið metnir að verðleikum sem skyldi. Við kunnum oft að meta þann heim sem hann hefur skapað en listræni hans er mikið víðtækari. Guð vill að kristnir menn og konur ættu að vera uppspretta feegurðar í dimmum og deyjandi heimi.

12. LEXÍA

17.- 23. mars

„ÁSTARSÖGUR“

Hvildardagseftirmiðdagur

Lesefni vikunnar: *1Mós 2.21-25; 2Mós 20.5; Jes 43.4; 62.5; Ljl; Jóh 2.1-11.*

Minnistexti: *Úr fjarlægð birtist Drottinn mér: já, með ævarandi elsku hefi ég elskað þig; fyrir því hefi ég látið náð mína haldast við þig“ (Jer 31.3, 1956).*

Lykilhugsun: Hvernig eigum við að skilja kærleikshlið Guðs?

Kærleikurinn er e.t.v. sá eiginleiki Guðs sem auðveldast er að muna eftir. Við getum reyndar ekki ofmetið kærleika hans né skilið dýpt hans. En það er e.t.v. ein hlið kærleika Guðs sem við lítum oft framhjá en það er hin rómantíska hlið Guðs.

Til þess að fá rétta innsýn í rómantískt eðli Guðs þurfum við fyrst og fremst að minnst tímans sem markar frásögn Biblíunnar. Biblían spannar árbúsundir af sögu mannsins, allt frá fyrsta degi þessa heims og til þess síðasta, eða að minnsta kosti þar til hann er endurgerður. Og líkt og allar mannkynssögubækur inniheldur Biblían frásagnir um konunga og drottningar, stríð og bardaga, ásamt stjórnmálaflækjum.

Enginn sagnfræði færir samt allt í letur sem gerist. Sama á við um Ritninguna. Við finnum ekki tæmandi skýrslu um sögulega atburði þess tímabils sem frásögn Biblíunnar nær yfir. Það er hlaupið yfir margt, en athygli vekur samt að Guð skuli velja að flétta viðkvæmum ástarsögum inn í þá sögulegu atburði sem spámennirnir eru innblásnir til að rita. Spurningin er þessi, hvers vegna skyldi Drottinn taka þess konar ástarsögur með í því sem er að miklu leyti mannkynssaga? Segir það okkur eitthvað um eðli hans og hve mikilvæg ástin er í hans

augum? Þessa viku munum við líta á hvers vegna þessar frásagnir eru teknar með og hvað við getum lært af þeim.

Sunnudagur, 18 mars

Fyrsta „ástarsagan“

„Þá sagði maðurinn: Loks er hér bein af mínum beinum og hold af mínu holdi. Hún skal kvenmaður kallast af því að hún er af karlmanni tekin“ (*IMós 2.23*).

Við þurfum að fara allt til fyrstu kafla Biblíunnar til að finna fyrstu „ástarsögu“ hennar, frásögnina um Adam og Evu. Þau voru bæði sérsköpun Guðs. Bæði maðurinn og konan endurspeglar ímynd Guðs (*IMós 1.26, 27*). Bæði Adam og Eva fengu líf sitt fyrir ótrúlegan sköpunarmátt Guðs. Margbreytileiki líkama okkar er einn sterkasti vitnisburðurinn um visku og mátt skapara okkar.

Lestu frásögn Biblíunnar um sköpun Evu (*IMós 2.21-25*). Hvernig myndir þú lýsa sambandinu milli þeirra eins og það kemur fram í þessari frásögn?

E.t.v. er það sem er mest áberandi í þessari frásögn hve nán tengsl þeirra voru. Guð skapaði konuna af líkama mannsins svo að þau eru bókstaflega sama hold og blóð.

Adam bregst við þessari sköpun með fyrsta ástarsöng Biblíunnar þar sem hann kannast opinskátt við hve nátengd þau eru. Á hebresku eru tengslin milli orðanna „maður“ og „kona“ hliðstæð tengslunum milli „karlmaður“ og „kvenmaður“ á íslensku sem sýnir aftur hve nán þau eru.

Í *24. versinu* lesum við að maðurinn skuli yfirgefa foreldra sína og búa með konu sinni og þau skuli verða eitt hold, sem aftur sýnir sterklega nán tengsl þeirra. (Sumir velta fyrir sér um hvaða foreldra hér sé að ræða þar sem Adam og Eva höfðu enga. Sennilegast er að Móse hafi fellt þetta inn í frásögnina samkvæmt ráði Guðs þegar hann skráði

hana mörgum öldum síðar til þess að sýna nánar fram á þýðingu hjónabandsins.)

Hvað annað sem samband þeirra fól í sér upphaflega þá var „rómantísk ást“ vissulega mikilvægur þáttur í því. Guð er ekki andvígur „rómantík“. Hann skapaði okkur þannig að við gætum notið hennar. Svo virðist jafnvel sem hún sé einn af þeim grundvallareinkennum sem hann skapaði okkur með.

„Rómantísk ást“ er dásamleg gjöf frá Guði til mannkynsins. Ef þú ert í slíkum tengslum hvað getur þú gert til að vernda það frá öllu sem getur farið á rangan veg?

Mánudagur, 19. mars

„Ástarsögur“ Biblíunnar

Þó svo Biblían fjalli mikið um söguleg efni tekur hún einnig tíma til að skrasetja nokkrar „ástarsögur.“ Það voru sterk kærleiksbönd sem tengdu Abraham og Söru. Hann yfirgefur hana ekki þó hún sé ófrjú um árabíl og það var einungis fyrir tilmæli Söru að Abraham tók Hagar sér sem „auka“-konu. Sjá *IMós 16*.

Því næst er langur kafli um það þegar Abraham sendi þjón sinn langa leið til að finna konu fyrir Ísak. Þegar hann snýr aftur með Rebekku finnum við aðra „ástarsögu“. Sjá *IMós 24*.

Annað ástarsamband sem fær langa umfjöllun er sambandið milli Jakobs og Rakelar. Okkur er gefin svipmynd af hvatvísun og hlýjum viðbrögðum hans gagnvart Rakel. Einungis hér og í Ljóðaljóðunum er að finna lýsingu af manni og konu sem kyssast án þess að vera gift. Svo sú staðreynd að þetta er skráð undir innblæstri Guðs minnir okkur á að Guð sé „rómantískur“ þar sem hann innifelur þessa sögu um ást og koss í Biblíunni. Sjá *IMós 29*. Hvers vegna skyldi hann annars hafa slíka „ástarsögu“ í riti sem gefur stutt ágríp af sögu mannsins sem nær yfir árbúsundir og þ.á.m. sköpunina og syndafallið? Í þessu ágrípi

í *1 Mós* eru vissulega margar eyður en samt tekur Guð þessar hlýju „ástarsögur“ með.

Líttu aftur á þessar frásagnir. Þær eru að mörgu leyti svipaðar ástarsögum um allan heim; þ.e.a.s. þessir einstaklingar stóðu andspænis mörgum áskorunum og liðu vegna mistaka annars aðilans eða þeirra beggja. Hvað var sumt af því ranga sem var gert sem leiddi til svo mikils sársauka og þjáninga í þessum samböndum? Hvað getum við lært af þeim?

Því miður hefur mörgum orðið á sömu mistök eða jafnvel enn verri. En góðu tíðindin eru þau að Guð fyrirgefur ekki aðeins heldur lækna hann einnig. Hvernig getur þú lært að leita eftir fyrirgefningu og lækningu sem kemur frá krossinum vegna mistaka sem þér hafa orðið á í ástarsamböndum?

Þriðjudagur, 20. mars

Kærleikur Guðs

Í *1Mós* sjáum við að „rómantik“ átti að gegna undirstöðuhlutverki í lífi mannsins allt frá upphafi. Einn maður og ein kona. Það var hugsjón Guðs, hin biblíulega fyrirmynd um „rómantíska ást.“

Það er athyglisvert hve oft Biblían notar myndmál kærleika og hjónabands til að lýsa þeim kærleikstengslum sem Guð vill hafa við fólk sitt. Engin tengsl eru nánari en tengslin milli eiginmanns og eiginkonu—nema ef það væri samband einstaklingsins við Guð.¹

¹Þetta er m.a. vegna þess að Biblían lítur á sáttmálatengsl Guðs og manns sem hjónaband. Formúla og kjarni sáttmálans er þessi: „Ég er þinn Guð, þú ert minn lýður“ (sjá m.a. 5Mós 29.12, 13; 2Mós 6.5-7; 1Mós 17.7, 8). Þess vegna lítur Guð á ótrúmennsku við hann sem hórdóm sem getur að lokum leitt til skilnaðar (sjá t.d. Jer 3.6-9 og Hós 2.2). (Þýð.)

Lestu *2Mós 20.5*. Hvaða orð þar lýsir tilfinningum Guðs til fólks síns? Hvernig eigum við að skilja það í tengslum við Guð?

Guð lætur oft vandlæti² sitt í ljós gagnvart fólki sínu. (Sjá einnig *2Mós 34.14*; *5Mós 4.24*; *Jóel 2.18*.) Afbrýðisemi eða vandlæti er sú tilfinning sem elskendur hafa þegar þeir telja að sá/sú sem þeir/þær elska sé þeim ótrú(r). Guð er ekki fjarlægur, tilfinningalaus og ópersónulegur meinlaus máttur. Hann er persónuleg vera sem ber heitar tilfinningar til mannsins. Þó svo við eigum erfitt með að skilja það þá elskar Guð okkur öll og líkt og elskhugi kennir hann til þegar við erum honum ótrú.

Líttu á eftirfarandi vers. Um hvað eru þau að tala? Hvernig hjálpa þau okkur að skilja tilfinningar Guðs til okkar? *Jes 43.4*; *62.5*; *Esk 16.1-15*; *Jer 31.3*; *Opb 21.9*.

Biblían gerir það ljóst að Guð ber heita elsku til okkar sem einstaklinga. Það er ekki auðvelt fyrir okkur að skilja það, en það er vegna þess að við eigum erfitt með að skilja hugmyndina um Guð, skapara alheimsins. Við eigum jafnvel erfitt með að skilja alheiminn sem slíkan, og því er enn erfiðara fyrir okkur að skilja þann sem hefur skapað hann. En samt hefur Guð ekki einungis lýst yfir kærleika sínum til okkar heldur hefur hann einnig auðsýnt okkur hann á áhrifamikinn hátt. Hæst ber auðvitað krossinn og það sem gerðist þar. Þurfum við á meiri sönnun um kærleika Guðs til okkar en þann sem birtist í því sem hann gaf á Golgata?

Hugleiddu hvaða máli það skipti ef Guð hataði okkur, væri kærulaus gagnvart okkur eða einungis líkaði við okkur. Biblían segir okkur að Guð *elski* okkur. Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig persónulega og hvaða áhrif hefur það á hvernig þú lifir lífi þínu?

²Þetta orð er oft einnig þýtt sem afbrýðisemi eða öfund. (Þýð.)

Miðvikudagur, 21. mars

„Ástarrit“

Það væri hægt að fylla heil bókasöfn með bókum sem fjalla um hina erfiðu spurningu um þjáningu mannsins. Þetta á einkum við um þá sem trúa á kærleiksríkan og almáttugan Guð. Í augum guðleysingjans er þjáning einfaldlega hluti af því að lifa í guðlausum og tilgangslausum heimi og því veldur hún honum ekki vanda líkt og hún veldur hinum kristna. Samt sem áður komast flestar þessara bóka ekki mjög langt í útlistningum sínum ef þær taka ekki deiluna miklu milli Krists og Satans með inn í myndina, en jafnvel þó við skiljum að nokkru harmleik alheimsins heldur spurningin um þjáninguna áfram að valda erfiðleikum.

En þó svo þjáning mannsins snerti alla þætti lífsins megum við samt ekki gleyma því sem skapar ánægju í lífinu. Af hverju bragðast matur svo vel? Hvers vegna eru svo margir bragðlaukar fullkomlega samstilltir til að skynja margbreytilegt bragð matarins? Hvers vegna finnast svo mörg litbrigði? Hvers vegna getur mannsaugað greint öll litbrigðin og notið þeirra? Hvers vegna skapar samræði innan hjónabandsins ánægjutilfinningu? Æxlunin sem slík er ekki háð slíkri ánægjutilfinningu. Sumar lífverur æxlast einfaldlega með því að skipta sér. Hvernig væri ef við æxluðumst þannig? Stundum er gripið til gervifrjóvgunar sem skapar enga ánægjutilfinningu. Hvers vegna höfum við einmitt þá taugaenda sem eru nauðsynlegir til að skynja ánægju einnig þá sem tengist samræði?

Svarið við öllum þessum spurningum er hið sama: það er vegna þess að Guð gerði okkur þannig. Guð skapaði okkur sem líkamlegar verur sem eiga að njóta líkamlegrar ánægju.

Engin bók Biblíunnar fjallar betur um það efni en Ljóðaljóðin. Hvers vegna er sú bók í Biblíunni? Hún fjallar einfaldlega um rómantíska ánægjutilfinningu. Öll sú kynferðislega ánægjutilfinning sem þar er að finna hefur ekkert með æxlun að gera. Bókin minnir okkur með beinum orðum á þá ánægjutilfinningu sem Guð mótaði og ætlaði

eiginmönnum og konum þeirra. Eldheit lind „rómantískrar ástar“ á rætur að rekja til uppsprettu sinnar í Guði.

Líttu lauslega yfir Ljóðaljóðin. Hvað segja þau þér um það hvernig Guð lítur á holdlega ánægjuþilfinningu í réttu samhengi?

Auðvitað má líta svo á að kristnar hugmyndir um kynlíf, hjónaband og líkamlega ánægjuþilfinningu almennt séu úreltar, tilgerðarlegar og heftandi þegar þær eru bornar saman við margar grófar og lostafullar venjur í þjóðfélaginu. En þessar meginreglur eru komnar frá honum sem skapaði ánægjuþilfinningu okkar og veit best hvernig við getum notið þeirra best. Enginn nema Guð einn getur metið þann sársauka og þá þjáningu sem misnotkun þessara dásamlegu gjafa getur valdið. Flest okkar hafa orðið fyrir afleiðingum af misnotkun þeirra.

Fimmtudagur, 22. mars

Afstaða Jesú

Lestu *Jóh 2.1-11*. Hvað segir þessi frásögn okkur um afstöðu Jesú til hjónabands og „rómantískrar ástar?“ Hvað felst í því að hann gaf blessun sína yfir svo hávært og langdregið fyrirbæri eins og brúðkaup Gyðinga voru á þeim tíma?

Jesús var nýkominn úr óbyggð freistinganna þar sem hann drakk af bikar harmkvælna. Þaðan kom hann til að rétta mannkyninu bikar blessunarinnar og helga hlý persónutengsl. Jesús, hann sem hafði framkvæmt fyrstu giftinguna í aldingarðinum í Eden, gerði nú fyrsta kraftaverk sitt hér í brúðkaupsveislunni.

Brúðkaup Gyðinga á tímum Jesú var stórfenglegur viðburður. Brúðkaup í litla þorpinu Kana í Galíleu kann að hafa verið viðburður ársins. Veislan stóð yfir í marga daga. Rabbíar og nemendur þeirra lögðu námið á hilluna, allir færðu gjafir og gestgjafanum bar að sjá gestunum fyrir ríkulegum mat, drykk og skemmtun.

Það var því meira en lítil vonbrigði að verða uppiskroppa með drykk. Það var hrein skelfing og móðir Jesú kemur til hans og lýsir neyðarástandinu fyrir honum. Hún hefur enga tillögu fram að færa en er samt ekki hlutlaus. Hún talar við þjónana og hvetur þá til að gera það sem Jesús kunnir að segja þeim að gera.

Jesús býður þjónunum að fylla sex ker af vatni. Fornleifafræðingar segja að slík ker hafi tekið milli 50 og 80 lítra hvert svo hér er um að ræða a.m.k. um 300 lítra.

Það næsta sem við heyrum er fagnandi yfirlýsing yfirþjónsins til brúðgumans þegar hann óskar honum til hamingju og segir: „Hver maður setur fyrst góða vínið fram en þegar menn eru orðnir ölvaðir, hið lakara; þú hefur geymt góða vínið þangað til nú“ (*Jóh 2.10*).

Ef einn lítri nægir í sex glös eins og þau sem notuð eru við brúðkaup þá nægði þetta í a.m.k. 1800 glös af finasta drykk í brúðkaupi sem haldið var í litlu afskekktu þorpi. Það er í *brúðkaupi* að Jesús veitir það besta sem nokkur maður hefur bragðað.

Við getum séð sköpunarmátt Guðs að verki í þessu kraftaverki, sama mátt og skapaði heiminn og sá máttur birtist fyrst í jarðnesku starfi Jesú í tengslum við brúðkaup.

„Rómantísk ást“ og hjónaband eru dásamlegar gjafir frá Guði. En við skulum minnst þess að Jesús kvæntist ekki svo hann gefur okkur fordæmi sem sýnir að allir þurfi ekki að giftast eða kvænast. Einhleypir einstaklingar geta lifað fullu, virku og ánægjuríki lífi líkt og þeir sem eru giftir eða kvæntir.

Föstudagur, 23. mars

Til athugunar: Bæði í Gamla testamentinu og því Nýja er hjónabandið notað sem mynd um hin viðkvæmu og helgu tengsl milli Krists og lýðs hans. Í augum Jesú benti gleði brúðkaupsins fram til fagnaðar þess dags þegar hann leiðir brúði sína heim til föðurins og hinir endurleystu munu setjast niður ásamt lausnaranum að

brúðkaupsveislu lambsins. Hann segir: „eins og brúðgumi gleðst yfir brúði eins mun Guð þinn gleðjast yfir þér“ (*Jes 62.5*). „Þú munt ekki framar nefnd verða „Yfirgefín“ . . . heldur skalt þú kölluð verða „Yndið mitt“ . . . því að Drottinn ann þér . . . [og] eins mun Guð þinn gleðjast yfir þér (*Jes 62.4, 5*). „Hann þegir í kærleika sínum og fagnar yfir þér með gleðisöng“ (*Sef 3.17*).

Biblían endar á sama dýrðarþema. Jóhannes lýsir himneskri vitrun sem honum birtist með þessum orðum: „Og ég heyrði raddir sem frá miklum mannfjölda og sem nið margra vatna og sem gný frá sterkum þrumum. Þær sögðu: „Hallelúja, Drottinn Guð vor, hinn alvaldi, er konungur orðinn. Gleðjumst og fögnum og vegsömum hann því að komið er að *brúðkaupi lambsins* og brúður hans hefur búið sig. Henni var fengið skínandi og hreint lín til að skryðast í . . . Sælir eru þeir sem boðið er í *brúðkaupsveislu lambsins*. . . Þetta eru *hin sönnu orð Guðs*“ (*Opb 19.6-9*).

Til umræðu:

- Hvað er það í þínu þjóðfélagi sem gæti auðveldlega leitt til misnotkunar á þeirri líkamlegu ánægju sem Guð hefur gefið okkur? Hvernig getur þú hjálpað við að kenna öðrum, einkum ungu fólki, um hættur þess að misnota þessar gjafir? Hvernig getur þú sýnt þeim að þeir geti notið lífsins mikið betur með því að fylgja þeim meginreglum og lögmálum sem Guð hefur gefið okkur heldur en ef þeir fara eftir siðum og venjum þjóðfélagsins sem brjóta í bága við þær meginreglur sem finnast í orði Guðs?
- Í þeim borgaralegu lögum sem Guð gaf Ísrael má finna annað sem minnir á „rómantískt“ eðli Guðs. Hvernig hveitibrauðsaga ætlaði Guð þeim nýgiftu? *5Mós 24.5*. Hvað finnst ykkur um tímalengdina?

Samantekt: Í augum margra er Guð lítið annað en göfugt fordæmi. Aðra líta á hann sem nytsamt hugtak til að skipuleggja heimsfriðinn. Þeir líta ekki á hann sem persónu sem hægt sé að elska. Biblían sýnir hins vegar að Guð er brennandi elskhugi. Hugleiðið hvaða áhrif það hefur á ýmsar kenningar safnaðarins.

13. LEXÍA

24. – 30. mars

FYRIRHEITÐ UM ENDURKOMUNA

Hvildardagseftirmiðdagur

Lesefni vikunnar: *2Pét 3.1-10, 13; Jóh 14.2, 3; Dan 2.44; Heb 9.28; 11; Opb 6.9-11; Lúk 12.42-48.*

Minnistexti: „Sjá, ég kem skjótt og launin hef ég með mér til að gjalda hverjum og einum eins og verk hans er“ (*Opb 22.12*).

Lykilhugsun: Hver veit hvenær Jesús kemur aftur? Að vissu leyti skiptir það engu máli. Það sem skiptir máli er að hann kemur.

Í lok síðasta tugar síðustu aldar voru margir að velta því fyrir sér hvort heimurinn myndi endast til aldamótanna. Svo kom árið 2000 og leið í aldanna skaut. Sumir töldu að tímareikningurinn væri rangur svo árið 2001 markaði raunbyrjum nýrrar aldar. En við erum því miður hér enn.

Ólíkt mörgum öðrum kristnum trúfélögum trúa adventistar því að endurkoma Krists sé í nánd. Jafnvel veraldlegir fréttaskýrendur hafa stundum orð á því að heimurinn virðist vera að nálgast einhver meiriháttar straumhvörf á sviði stjórn mála, umhverfismála, fjármála, hernaðar eða sambland þeirra. Það er ekki þörf á því að vera biblíulegur heimsendasinni til að sjá að heimurinn virðist vera á barmi einhverra hamfara.

Ekkert af þessu ætti að koma okkur á óvart því að allir spádómar Biblíunnar um endalokin setja upp ákaflega dapra mynd af heiminum rétt fyrir endurkomuna. En það er einmitt mynd af heiminum eins og hann er í dag!

Við vitum ekki hvenær Jesús kemur aftur en við vitum að hann kemur og það er það sem máli skiptir.

Sunnudagur 25. mars

Upphafið og endirinn

Ritningin dregur upp mjög heiðarlega og rétta mynd af ömurlegu ásigkomulagi mannsins. En höfundar Biblíunnar örvæntu samt ekki alltaf vegna þess að þeir vissu hverjar lyktirnar yrðu. Síðustu kaflarnir í Jesaja og Opinberunarbókinni fullvissa okkur um að syndinni verði útrýmt og ríki Guðs endurreist. Guð opinberaði spámönnum sínum það sem verða myndi rétt fyrir lok hinnar dimmu sögu þessa heims. Þessir spámenn tóku þessum kringumstæðum í fullri alvöru en þeir lifðu í voninni um þá lausn sem þeim hafði verið birt.

Ef við trúum því að heimurinn hafi orðið til fyrir tilviljun munum við að öllum líkindum trúa því að hún endi á sama hátt eins og við höfum þegar séð. Þetta viðhorf gefur þeim sem lifa á tímanum milli slíks upphafs og slíkra endaloka ekki njög mikla von,

Biblían getur aftur á móti í sífellu um bókstaflegan og sagnfræðilegan skilning á *1Mós 1 og 2*. Ekkert er gert af handahófi við sköpunina. Það er því engin furða að orð Guðs reikni einnig með bókstaflegum endalokum þessa heims. Ekkert handahóf verður þar heldur.

Lestu *2Pét 3.1-10*. Hvernig tengir Pétur þá atburði sem gerðust snemma í sögu mannsins lokaviðburðum mannkynssögunnar? Hvað boðskap um von getum við fundið í þessum texta?

Sköpunin í upphafi og endursköpunin í lokin eru nátengdir viðburðir og þeir auka á gildi hvors annars. Þegar við fjöllum um lokaviðburði sögunnar lítum við á lokaátak Guðs gagnvart þeim sem hann hefur skapað og það leiðir til endurreisnar ríkis hans.

Jesús tengdi greinilega bæði upphaf og endi alls við sig sjálfan. Þrisvar sinnum talar Jesús um sjálfan sig í Opinberunarbókinni sem Alfa og Ómega (fyrsti og síðasti stafur gríska stafrófsins). Eitt af því sem það felur í sér er að Jesús hefur vald og er allsstaðar nálægur. Það segir okkur að Jesús hafi verið til við upphaf alls og hann mun vera þar þegar öllu lýkur. Við getum treyst honum hvar sem við erum stödd á því tímabili. Það segir okkur einnig að hann er alltaf reiðubúinn að hjálpa okkur hvernig sem allt virðist vera á tjá og tundri.

Sumir kristnir hafa horfið frá trúnni á bókstaflega endurkomu Jesú og yfirnáttúrulega endurreisn Guðsríkis á jörðu. Þess í stað telja þeir að við þurfum sjálf að byggja upp ríkið. Hugleiðið fyrri viðleitni í þá átt. Hvers vegna skyldum við halda að slík uppbygging muni verða farsæl í framtíðinni?

Mánudagur, 26. mars

Fyrirheit og væntingar

Vegna þess að endalokin snúast um stofnun Guðsríkis hafa þau alltaf skipað æðsta sess meðal aðventista. Það kemur jafnvel fram í nafni okkar Sjöunda-dags *aðventistar*. Nafnið sjálft bendir á trú okkar á endurkomu Jesú.

Hvernig lætur Pétur þessa von í ljós? *2Pét 3.13*. Hvers vegna er þessi von svo miðlæg í öllu sem við trúum? Höfum við í rauninni nokkra von nema hana?

Væntingar okkar og vonir valda oft vonbrigðum. Þær bregðast oft af því að við getum ekki stjórnað atburðum framtíðarinnar hversu mjög sem við leggjum að okkur. Maðurinn stendur andspænis möguleikum og líkindum. Öll áform okkar eru til bráðabirgða. Þróun sögunnar er óútreiknanleg og svo margt getur gerst sem hindrar okkur í að vera viss varðandi ákvarðanatöku í því sambandi. Þessi óvissa skapar svo kvíða.

En höfundar Biblíunnar fullvissa okkur um að við þurfum ekki að örvænta: Drottinn er við stjórnvölinn og við höfum fyrirheit hans um hvað hann muni gera þegar hann kemur aftur.

Lestu eftirfarandi vers. Hvaða von og fullvissu má finna í þeim? Hvaða áherslumun er að finna þegar við berum þessi fyrirheit saman? *Jóh 14.2, 3; Dan 2.44; Post 3.20, 21.*

Í öllum þessum textum, og fjölmörgum öðrum, er okkur ekki aðeins gefin fyrirheit um endurkomu Krists heldur um gjörbreyttan nýjan heim og tilveru sem bíður okkar þegar hann kemur. Reyndu að ímynda þér hvernig það verður. Við erum svo vön synd, sjúkdómum, dauða, ótta, ofbeldi, hatri, glæpum, stríði og þjáningum að við eigum erfitt með að ímynda okkur heim án þeirra. En það er samt sá heimur sem við væntum og okkur hefur verið heitið.

Þriðjudagur, 27. mars

Sannfæring okkar

Sem kristnir Sjöunda-dags aðventistar lifum við í voninni um bókstaflega endurkomu Krists til þessarar jarðar. Sumir kristnir hópar hafa gefið upp vonina um hana eða hafa ýtt henni til hliðar eða gert svo lítið úr henni og líta á hana einungis sem persónulega komu inn í líf einstaklingsins. Þeir segja sem svo að *endurkoman verður að veruleika í hjörtum okkar þegar við lærum að uppfylla hlutverk okkar í samfélaginu*, eða *þegar við lærum að elska hvert annað eins og við ættum að gera þá verður endurkoma Krists að veruleika í lífi okkar*. Þó svo okkur beri að elska hvert annað og vera gefandi meðlimir þjóðfélagsins þá er það ekki það sem endurkoma Krists er um.

Frá okkar sjónarhóli, og einkum á grundvelli skilnings okkar á ástandi mannsins í dauðanum, þá er erfitt að ímynda sér hvaða þýðingu trú okkar hefði ef ekki kæmi til bókstafleg endurkoma Krists þegar hann mun reisa þá upp sem hafa dáið í honum. Þessi kenning er svo miðlæg að allt trúarkerfi okkar myndi falla saman án hennar. Það er

vegna þess að allt sem við vonumst eftir eða trúum nær hámarki sínu í bókstaflegri endurkomu Krists í skýjunum himinsins (*Matt 24.30*). Ef svo er ekki er trú okkar tilgangslaus.

Hver er mesta fullvissan sem okkur hefur verið gefin varðandi endurkomu Krists? Hvaða atburður tryggir endurkomu hans fremur öðrum, og af hverju er það svo? *Heb 9.28; 1Kor 15.12-27*.

Hin mikla von endurkomunnar byggist auðvitað á því sem Kristur gerði fyrir okkur þegar hann var hér í fyrri sinnið. Hvaða gagn væri af fyrri komu hans ef sú síðari væri ekki einnig staðreynd? Að vissu leyti mætti segja að fyrri koma hans og allt sem hann gerði þá náði ekki marki sínu án þeirrar síðari. Biblían notar oft myndlíkinguna um endurlausn um krossinn. Jesús sjálfur sagði: „Mannssonurinn er ekki kominn til þess að láta þjóna sér heldur til að þjóna og gefa líf sitt til lausnargjalds fyrir alla“ (*Matt 20.28*). Á krossinum greiddi Jesús lausnargjald fyrir sálir okkar með dauða sínum, lausnargjald sem var greitt að fullu í eitt skipti fyrir öll. Hvað gagnar það að greiða lausnargjald ef þú kemur ekki til að heimta það sem var leyst? Sagan endar ekki með greiðslu lausnargjaldsins. Á sama hátt og jarðneskir foreldrar myndu koma og ná í barn sitt sem þeir hefðu greitt lausnargjald fyrir þannig mun Jesús koma aftur til að heimta það sem hann hefur greitt svo hátt verð fyrir. Þess vegna er fyrri koma Krists sterkasta fullvissan um þá síðari.

Miðvikudagur, 28. mars

„Hvað verður úr fyrirheitinu um komu hans?“

Allt frá upphafi aðventsafnaðarins hafa þeir trúað því að koma Krists væri nær en þegar við tókum við trúnni. Við erum samt enn hér, mikið lengur en mörg okkar höfðu vonað. Hvernig eigum við að skilja þessa „töf“?

Í fyrsta lagi erum við ekki þau einustu sem höfum orðið fyrir því að væntingin um komu Drottins rættist ekki eins og fólk vonaðist til.

Eva taldi t.d. að fyrirheit Guðs um lausnara (*1Mós 3.15*) myndi rætast með fæðingu fyrsta sonar síns. Orðrétt þýðing á *1Mós 4.1* væri í raun: „Ég hef eignast sveinbarn—Drottin.“ Hún hafði rangt fyrir sér,; sveinbarnið sem hún ól var Kain, en ekki lausnarinn. Drottinn kom ekki fyrr en eftir nokkur þúsund ár.

„Í Eden var sagt fyrir um komu frelsarans. Þegar Adam og Eva heyrðu það fyrirheit bjuggust þau við því að það uppfylltist skjótt. Þau fögnuðu yfir komu frumburðarins og vonuðust til að hann væri lausnarinn. En bið varð á uppfyllingu fyrirheitsins. Þau sem fengu það fyrst dóu án þess að sjá uppfyllingu þess. Allt frá tíma Enoks endurtóku ættfeður og spámenn fyrirheitið og þannig var voninni um komu hans haldið vakandi en samt kom hann ekki“ (*DA*, bls. 31).

Lestu Heb 11. Hver er megináhersla þessa kafla og hvernig fellur það inn í skilning okkar á „töfinni“? Sjá einkum *13., 39. og 40. versió*.

Í allri Biblíunni sjáum við dæmi um einstaklinga sem bíða með eftirvæntingu. Sjáðu hve lengi Abraham beið eftir fyrirheitna syninum og hve lengi Ísrael beið í Egyptalandi eftir frelsun. Hvað eftir annað finnum við í Sálmunum spurninguna „Hversu lengi“ þurfum við að bíða eftir lausninni? Og auðvitað ættum við ekki að vera undrandi yfir „töfinni“ á komu Krists í ljósi þess sem Pétur skrifaði fyrir næstum 2000 árum: „Þetta skuluð þið þá fyrst vita, að á síðustu dögum munu koma spottarar er stjórnast af eigin girndum og segja með spotti: „Hvað verður úr fyrirheitinu um komu hans? Því að síðan feðurnir sofnuðu stendur allt við hið sama eins og frá upphafi veraldar“ (*2Pét 3.3, 4*).

Hefur þú nokkurn tímann hugsað að Drottinn hefði átt að vera kominn? Missir þú stundum kjarkinn þegar þú hugsar um „töfina“ eða ferð þú að efast um endurkomuna þar sem hún hefur enn ekki átt sér stað? Hugleiddu allar vísbendingarnar sem þú hefur um endurkomu Krists og hafðu í huga að við mennirnir skynjum tímann á annan hátt en Guð.

Fimmtudagur, 29. mars

„Sjá, ég kem skjótt“

Það virðist augljóst að sú staðreynd að Drottinn var enn ekki kominn hafi verið grundvöllurinn fyrir sumum af leiðbeiningum Páls til Þessalóníkumanna. Hvað ráð gefur Páll söfnuðinum þar meðan þeir biðu eftir uppfyllingu fyrirheitsins um komu Krists? *2Þess 2*.

Ákveðnir atburðir urðu að eiga sér stað í sögu mannsins áður en Kristur kæmi en samt var framtíðarvonin dýrðleg.

Opinberunarbókin, sem er hámark allra bóka Biblíunnar, gefur líka vísbendingu um einhverja bið. Hvað hrópa raddirnar undir altarinu þegar fimmta innsiglið er rofið? *Opb 6.9-11*. Hvað gefur hugtakið „töf“ til kynna?

Lestu *Lúk 12.42-48*. Hvernig hjálpar þessi texti okkur að skilja „töfina“? Hvaða mikilvægu aðvörun er að finna þar fyrir okkur sem gætum farið að hafa sömu tilfinningar?

En hvað með þá texta sem tala um að Jesús komi fljótt aftur, eins og t.d. *Opb 22.7*: „Sjá, ég kem skjótt. Sæll er sá sem varðveitir spádómsorð þessarar bókar“?

Að vissu leyti kemur endurkoman jafn fljótt og dauðinn fyrir okkur sem einstaklinga. Við deyjum og engu máli skiptir hve lengi við sofum í gröfinni—tvö ár, tvö hundruð eða tvö þúsund—augu okkar lokast og það næsta sem við vitum er að á einu augabragði er Jesús kominn. Þannig mætti segja að í persónulegri reynslu okkar er endurkoman ekki lengra undan en dauði okkar. Þó svo endurkoman sem slík sé bókstaflegur og altækur viðburður sem hefur áhrif á allan heiminn er hún persónuleg reynsla fyrir okkur sem einstaklinga.

Finnst þér þú falla æ meira inn í atburðarás heimsins og beinir minni athygli að endurkomunni sem raunveruleika? Ef svo er ert þú

sennilega ekki ein(n) á báti. Hvernig getum við barist gegn þessari eðlilegu en hættulegu tilhneigingu?

Föstudagur, 30. mars

Til athugunar: „Enn er eitt ár að hverfa inn í eilífðina. Eftir nokkra daga hefst nýtt ár. Kæru systkini, notið síðustu stundir gamla ársins viturlega. Ef þú hefur vanrækt skyldur þínar ættirðu að iðrast fyrir Guði og hverfa aftur á þá braut sem þú hefur villst af. Minnstu þess hve skamman tíma þú hefur til afnota. Þú veist ekki hve skammur reynslutími þinn er. Segðu ekki: „Í dag eða á morgun ætla ég að fara til þessarar eða hinnar borgar, vera þar eitt ár, kaupa og selja og auðnast þannig.“ Guð kann að hafa önnur áform fyrir þig. Lífið er sem gufa sem birtist um stund en hverfur síðan. Þú veist ekki hvenær hönd þín missir leikni sína og skref þín stöðugleikann. Það felst hætta í augnabliks töf. „Leitið Drottins meðan hann er að finna, ákallið hann meðan hann er nálægur. Hinn guðlausí láti af breytni sinni og illmennið af vélráðum sínum og snúi sér til Drottins svo að hann miskunni honum, til Guðs vors því að hann fyrirgefur ríkulega““ (RH, 23. des., 1902).

Til umræðu:

- Ræðið saman um svör ykkar við síðustu spurningu fimmtudagskaflans. Ræðið jafnframt um þá kaldhæðni að því lengur sem við erum hér því auðveldara er að ýta tilfinningunni um endurkomuna til hliðar en jafnframt því sem við erum lengur hér þeim mun nær erum við endurkomunni.
- Hvers vegna er Jesús ekki kominn enn? Berum við ábyrgð á „töfinni“? Hvernig réttlætir þú svar þitt, hvort sem það er játandi eða neitandi?
- Hverja telur þú vera mestu ástæðuna fyrir því að treysta á endurkomuna?
- Þó svo vísindin ræði mikið um upphaf mannsins eru margir vísindamenn sem telja að framtíðarhorfur mannsins á jörðunni og jafnvel í alheiminum séu ekki glæstar. Þeir telja

að alheimurinn muni brenna upp eða falla saman og ekkert líf muni verða eftir. Sem aðventistar trúum við að framtíðarhorfur alheimsins séu hið gagnstæða—þær eru dásamlegar! Ef vísindin hafa svo rangt fyrir sér varðandi endi alls hvers vegna ættum við þá að treysta því að skilningur þeirra á upphafinu sé nokkuð réttari? Þetta á einkum við um þann almenna skilning vísindanna að upphafið tengist ákveðnum öflum, þ.á.m. þróun, sem hafnar skapara eða ákveðnu skipulagi eða ásetningi með sjálfa sköpunina. Gætu þau haft öllu rangara fyrir sér?

Samantekt: Við höfum margar góðar ástæður til að treysta á endurkomu Krists hvenær sem hún verður.

SÓLARLAGSTAFLA

1. ÁRSFJÓRÐUNGUR 2012

FÖSTU-DAGUR	REYKJA-VÍK	ÍSA-FJÖRÐUR	AKUR-EYRI	NORÐ-FJÖRÐUR	VESTM.-EYJAR
-------------	------------	-------------	-----------	--------------	--------------

Jan.

6.	15:53	15:25	15:12	15:05	15:57
13.	16:12	15:50	15:35	15:27	16:12
20.	16:34	16:16	16:00	15:51	16:34
27.	16:57	16:44	16:26	16:15	16:57

Feb.

3.	17:20	17:11	16:53	16:40	17:20
10.	17:43	17:37	17:18	17:05	17:43
17.	18:06	18:02	17:43	17:29	18:06
24.	18:29	18:27	18:08	17:53	18:29

Mars

2.	18:50	18:51	18:31	18:16	18:50
9.	19:12	19:14	18:54	18:38	19:12
16.	19:33	19:38	19:17	19:00	19:33
23.	19:54	20:00	19:39	19:22	19:54
30.	20:14	20:23	20:02	19:44	20:14

KIRKJUÁRIÐ 2012

7. janúar	Fórn til verkefnisins Biblían í þrívídd
4. febrúar	Fórn til Newbold College
10. mars	Fórn til Hins íslenska Biblíufélags
7. apríl	Fórn til Alfa

Fórnin 13. hvíldardag 1. ársfjórðungs ársins 2012 rennur til Norður-Asíu-kyrrahafsdeildarinnar.

Á þessum ársfjórðungi er fjallað um Norður-Asíu-kyrrahafsdeildina. Í þeirri deild eru löndin Kína, Japan, Mongólía, Norður- og Suður-Kórea ásamt Tævan. Á þessu svæði búa næstum 1,6 milljarðar manna og þar af nærri 650.000 sjöunda dags aðventistar, eða einn adventisti fyrir hverja 2.440 íbúa. Fórnin 13. hvíldardaginn þennan ársfjórðung styður verkefni í Japan, Mongólíu og Suður-Kóreu.

Japan er veraldlegt nútímasamfélag. Aðeins 1,5 prósent af Japönnum telja sig kristinn og rúmlega 15.000 manns eru aðventistar. Litill söfnuður á eyrni Amami Oshima í suðurhluta Japans átti erfitt með vöxt og þau fengu prest frá Kóreu og fjölskyldu hans til að leiða söfnuðinn. Nú hafa þau vaxið í yfir 30 meðlimi og fá marga gesti. Næsta áskorun safnaðarins er að finna hentugan stað til tilbeiðslu.

Í Mongólíu er kirkjan ung, með rúmlega 1.600 meðlimi. Flestir meðlimanna eru ungir hæfileikaríkir einstaklingar sem hafa mikinn áhuga á starfi kirkjunnar. Þau þurfa leiðtogafræðslu svo þau geti tekið við leiðtogastörfum í heimalandi sínu.

Í Kóreu búa, læra og vinna fleiri en 1 milljón manna með erlent ríkisfang í borginni Seoul einni. Fjölmenningarlegur söfnuðurinn þar nær til fólksins á einstakan hátt. Fólkið er tilbúið fyrir boðskapinn en þau hafa engan stað til að bjóða fólkið velkomid.

Eitt fjöltalaðasta tungumál jarðarinnar er Mandarin kínverska. Fyrir þremur árum runnu fórnir til upptökuvers í Tævan, þar sem útvarpað og sjónvarpað er þáttum sem þýddir hafa verið á kínversku. Nú er næsta verkefni að útbúa þætti fyrir sjónvarpið og netið sérstaklega fyrir fólk sem talar kínversku, eins og t.d. barnaefni.

Frekari upplýsingar er að finna á www.adventistmission.org.